Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við, og öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir innlagninguna.

Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafmagnsnefndar, og nefndin ákveður því næst, hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki og hve mikið gjald skuli greitt. Stöðvarstjórinn tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að stöðvarstjóri fjekk umsóknina. Áður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi, með undirskrift sinni á einu eintaki þessarar reglugjörðar, skuldbinda sig til þess að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gerir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

6. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmunum að húsum alt að 30 metra. Standi hús lengra en 30 metra frá næstu aðalálmu, kostar húseigandi það sem framyfir er, en stöðin lætur undir öllum kringumstæðum vinna verkið, og kostar sjálf uppsetningu á öryggjunum. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagningu húsálmu, getur stöðin

6 4. jan. krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði; en ef svo stendur á skal gjöra húseiganda aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

7. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv., skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda, af löggildum innlagningarmanni. Enginn, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, eftir tillögu rafmagnsnefndar og stöðvarstjóra, löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar, er setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu, eða fást við svipuð störf, er að rafveitunni lúta, hvort heldur utan húss eða innan.

8. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar, eða áhöld sett í hús eða breyting gjörð á eldri innlagningu, og má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyr en stöðvarstjóri hefir skoðað og prófað innlagninguna og vottað, að hún sje fullnægjandi. Alítist innlagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga hana þannig, að hún sje fullnægjandi.

9. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi kauptúnsins nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á rafmagnstaugum, eða öðrum rafmagnstækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við, samkvæmt hegningarlögunum.

10. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skildur að sjá um, svo sem honum er unt, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstaugar eða rafmagnstæki í húsi, þannig, að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur, eða að bilun sjáist á einangrun á leiðsluþráðum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra, eða fulltrúa rafmagnsnefndar. Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Sje rafmagn notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu- eða hitunaráhöld standi ekki svo nálægt þilveggjum, að brunahætta geti stafað af. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafmagnsstöðin utan.

11. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sjeu þau eftir áliti hennar eða stöðvarstjóra orðin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

12. gr.

Stöðvarstjóri og rafmagnsnefnd skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að rannsaka, hvort alt sje í góðu lagi.

13. gr.

Rafmagnstöðin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, er setja á í samband við rafveituna.

14. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, og skal þá stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki rafmagnsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kann að stafa.

15. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefnd, eftir tillögum rafmagnsnefndar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar.

Rísi ágreiningur út af sjerstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr. Úrskurði þessum má áfrýja til lögreglustjóra.

16. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi yfirstjórn rafmagnsstöðvarinnar. Hún kýs þrjá menn í rafmagnsnefnd til þriggja ára í senn, eg skulu þeir eiga heima í Vík. Gengur einn maður úr nefndinni árlega, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað. Hreppsnefndin ræður stöðvarstjóra, úrskurðar ársreikning stöðvarinnar og annast þau störf, sem reglugjörð þessi og lög mæla fyrir.

17. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa rafmagnsnefnd og stöðvarstjóri. Stöðvarstjóri hefir þó ekki atkvæðisrjett á fundum nefndarinnar. Nefndin kýs sjálf formann úr sínum flokki.

Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirmælum rafmagnsnefndar.

18. gr.

Rafmagnsnefndin annast innheimtu á gjöldum til stöðvarinnar, en má þó fela hana stöðvarstjóra. Hún hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir öll gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu, pantar efni í samráði við stöðvarstjóra, hefir eftirlit með rekstri stöðvarinnar og framkvæmd á öllu, sem eigi er öðruvísi skipað um í reglugjörð þessari, semur ársreikning um tekjur og gjöld stöðvarinnar, sem skal endurskoðaður af tveim mönnum, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Reikningsárið er frá 1. júní til júní.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða, að svo miklu leyti sem þyngri hegningarákvæði ekki taka til þeirra, sektum alt að 100 krónum, sem renna í sveitarsjóð Hvammshrepps, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

6 4. jan. Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

7 4. jan.

Gjaldskrá

fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa, hvort heldur er úti eða inni skal vera 5 krónur á ári fyrir hvert 16 kerta ljós og í rjettu hlutfalli við það fyrir meira eða minna ljós.

Hreppsnefndinni er heimilt að færa gjald þetta niður alt að þriðja parti fyrir þau ljós, sem notuð eru minna en hálfan ljóstímann.

2. gr.

Verð á rafmagni til línstrokjárna, suðu, hitunar, vjelareksturs og ljósa utan hins ákveðna ljóstíma, ákveður rafmagnsnefndin, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

3. gr.

Gjalddagi á ljósgjöldum sje fyrir 1. desember ár hvert, og ber húsráðandi ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð. Öll gjöld til rafmagnsstöðvarinnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

8
7. jan.

um bráðabirgðaútflutningsgjald.

Samkvæmt lögum 14. júní 1918, um bráðabirgðaútflutningsgjald, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um gjald þetta:

1. gr.

Meðan Norburálfuófriðurinn stendur og ráðuneyti Íslands fer með verslun innlendra vörutegunda eða sjer um útflutning á þeim, skal greiða í landssjóð 3% af andvirði því, er greiðast skal seljendum varanna eða þeim, sem þær eru teknar hjá eignarnámi.

2. gr.

Útflutningsnefnd eða sá, sem fyrir hönd landsstjórnarinnar sjer um útflutning varanna, innheimtir skatt þenna á þann hátt, að hún dregur hann frá fjárhæð þeirri, sem greiða á hverjum einstökum fyrir vörur þær, er ræðir um í fyrstu grein.

3. gr.

Útflutningsnefnd eða sá, sem gegnir samskonar starfi, skal hafa viðskiftareikning í bókum sínum fyrir hvern þann, sem hún kaupir eða á annan hátt fær vörur hjá, til útflutnings fyrir hönd landsstjórnarinnar, og skal hún í reikningi þessum tilfæra allan kostnað, sem leiðir af kaupum eða móttöku og útflutningi þeirrar vöru, landssjóði að skaðlausu. Ef það kemur fram, að landssjóður hafi eigi þurft, vegna afskifta sinna af vörum hvers einstaks viðskiftamanns, að leggja fram alla þá fjárhæð sem skattur hvers einstaks nemur, skal honum endurgreiddur mismunurinn að tilhlutun útflutningsnefndar eða þess, er gegnir samskonar starfi, eins fljótt og verða má.

4. gr.

Vörurnar, andvirði þeirra og vátryggingarupphæð er að veði fyrir gjaldinu.

5. gr.

Útflutningsnefnd eða sá sem gegnir samskonar starfi, skal gera reikningsskil fyrir gjaldi þessu eftir nánari ákvæðum fjármáladeildar stjórnarráðsins.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og nær til þeirra vara, sem landsstjórnin hefir orðið að hafa afskifti af, samkv. 1. gr., eftir 14. júní 1914.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. janúar 1919.

Sig. Eggerz.

Magnús Guðmundsson.

9
8. jan.

Reglugjörð

um einkasölu landsstjórnarinnar á kolum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 5, 1. nóvember 1917. um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðuráfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Landsstjórnin tekur fyrst um sinn, þangað til öðruvísi verður ákveðið, í sínar hendur alla verslun á útlendum kolum í landinu.

2. gr.

Á meðan landsstjórnin hefir kolaverslunina í sínum höndum, er kaupmönnum, fjelögum svo og einstökum mönnum bannað að flytja til landsins kol frá útlöndum svo og að selja kol, sem flutt hafa verið til landsins gagnstætt ákvæðum þessarar reglugjörðar.

Þó er skipum, sem koma frá útlöndum, heimilt að hafa meðferðis kolabirgðir til notkunar eingöngu á skipunum sjálfum. Heimilt er og þeim, sem eiga kolabirgðir hjer á landi, þegar reglugjörð þessi öðlast gildi, að selja þær á þann hátt, er þeir óska.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 100,000 kr.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 8. janúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

10
8. jan.

Auglýsing

frá Útflutningsnefndinni.

Samkvæmt reglugjörð stjórnarráðsins frá 11. júní síðastl., um sölu og útflutning á íslenskum afurðum frá árinu 1918, 3. gr., má enginn landsmanna hafa í sínum vörslum eftir eftir 28. febrúar 1919 neinar vörur framleiddar á árinu 1918, ef þær eigi þurfa beinlínis til heimanotkunar hjer á landi, nema þær hafi áður, og í tækan tíma, verið framboðnar Útflutningsnefndinni. Samkvæmt 7. gr. sömu reglugjörðar liggja við háar sektir (alt að 500000 króna), ef út af þessu bregður.

Fyrir því að útflutningsnefndin hefir ástæðu til að ætla, að enn sje eftir að bjóða fram nokkuð af vörum, framleiddum á síðastliðnu ári, sjerstaklega saltfiski og lýsi, leyfir hún sjer hjermeð alvarlega að minna á ofannefnda auglýsingu stjórnarráðsins. Auk þess vill hún taka það fram, að sökum söluráðstafana hennar á fiskinum, er nú standa sem hæst, er nauðsynlegt að hún fái framboð á honum tafarlaust, sbr. tilkynningu hennar nr. 10, 8. gr.

Nú eiga þeir framleiðendur fisk, sem eigi hafa átt beinan aðgang að Útflutningsnefnd um framboð á honum, samkvæmt reglum um sölu og útflutning á fiski, (tilkynning nr. 1 og nr. 5), og skulu þeir eigi að síður senda Útflutningsnefnd tafarlaust tilkynningu um þann fisk, er þeir eiga 31. f. m. Síðan tilkynna þeir Útflutningsnefndinni á sínum tíma hverjum kaupmanni þeir selja fiskinn, eða hvaða fjelag hann hefir með höndum til fullkomins framsals nefndinni.

Reykjavík, 8. janúar 1919.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.

Auglýsing

11
20. des.

um þær vörur, sem eigi er skylt að bjóða Útflutningsnefnd.

Tilkynning nr. 11.

Eins og auglýsing stjórnsráðsins, 3. júní þ. á., um skipun Útflutningsnefndar tekur fram, skal bjóða Útflutningsnefnd til kaups alt, sem framleitt er á yfirstandi ári til útflutnings af þessum vörum: fiski allskonar, síld, lýsi, þorskhrognum, fiski- og síldarmjöli, kindakjöti, ull, gærum og hrossum.

Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins, dags. 16. þ. m., tilkynnist því hjer með, að vörur þær af þessa árs framleiðslu, sem eigi eru hjer nefndar, en ætlaðar eru þó til útflutnings,

11 20. des. er eigi nauðsynlegt að bjóða Útflutningsnefndinni til kaups, og tekur hún þá eigi heldur að sjer afskifti af þeim vörum. Hins vegar aðvarast útflytjendur slíkra vara um það, að hver útflytjandi verður að útvega sjer hjá breska ræðismanninum hjer, útflutningsleyfi fyrir þær, og viðurkenningu á móttakanda þeirra erlendis.

Um hert skinn er það athugavert, að vafasamt er hvort meira megi flytja út af þeim en venja hefir verið til undanfarin ár.

Reykjavík, 20. des. 1918.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.

12 9. jan.

Auglýsing

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vestmannaeyjasýslu.

Ljósgjöld samkvæmt 1. gr. gjaldskrár fyrir notkun rafmagns í Vestmannaeyjasýslu frá 24. júlí 1916 skulu hækka um 100 %.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu hefir samþykt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 9. janúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

fyrir Stykkishólmskauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. janúar 1919 gefið úr svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskauptún í Snæfellsnessýslu, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum og gangvjelabátum, sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau sigla tóm, með selgfestu eða fermd vörum, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina. Þar með eru talin fiskiskip og öll önnur skip, er ganga á milli hafna á Íslandi. Undanþegin þessu gjaldi eru þau skip, sem umræðir í 3. gr. og gangvjelabátar minni en 10 smálestir.

Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest alls farmrúms skipsins.

Skipin greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítubjarnarey, þaðan beina leið í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhending í Lundaklettt. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líkt.

Þau skip, er liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða í hafnarsjóð: Skip stærri en 50 smálesta 20 kr., skip 50 smálesta og minni 10 kr., en til vetrarlegunnar þurfa slík skip að fá leyfi hafnarnefndar.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, sem þegar eru talin skal greiða 4 aura af hverri smálest í skipi, sem lagt hefir verið upp í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, þó aldrei minna en 2 krónur.

Skip, sem taka seglfestu í landi Stykkishólmskauptúns, greiði í hafnarsjóð 8 aura af hverri smálest skipsins.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru.
2. Skip, er leita hafnar sakir sjóskemda, eða veikinda skipshafnar, þótt farmur hafi verið fluttur úr þeim, ef þau flytja allan farminn í burtu aftur og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeigenda eða umráðamanns.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hjer að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskauptúns og skal honum eingöngu varið til þess, að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gjörð, viðhaldi þeirra og frekari viðbótum.

13 17. jan. Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, kýs 3 menn í hafnarnefnd og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugjörð þessari sje hlýtt; innheimtir eða sjer um að gjöldin til hafnarsjóðs sjeu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skal ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Notkun hafnarbryggjunnar.

a. Öll skip, seglskip, gufuskip og önnur gangvjelaskip, að undanskildum herskipum, er ætla að leggjast við hafskipabryggjuna. skulu skyld að hlíta bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau beggja megin bryggjunnar og hringi í stykkinu, sem til þess er ætlað. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sje ætlað að nota til að draga sig að bryggjunni.

b. Skip hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma; þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur liggi þar fyrir, og verða þau að víkja á burt meðan hin fá afgreiðslu.

Hafnarnefnd ákveður hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svo nefndan Fálka.

c. Sjerhver skemd, sem verður á bryggjunni, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Aðrar skemdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta af þeim, er skemdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

d. Þegar vörur eru fluttar í skip eða úr við bryggjuna, er hlutaðeigendum heimilt að láta vörur liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir, alt að 24 stundir; en hlýða skulu þeir fyrirmælum hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að hagræða vörunum þannig, að sem minst tálmi umferð og afnotum bryggjunnar og að hæfilegur þungi hvíli á hverjum hluta hennar.

e. Hafnarnefndin hefir, undir umsjón hreppsnefndar, alla umsjón með hafskipabryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota, nema leyfi nefndarinnar komi til.

Hafnarnefndin getur skipað mann, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, og kveður á um starfsvið hans og þóknun.

VII. Bryggjugjald.

a. Skip, er greiða hafnargjöld, eru undanþegin sjerstöku gjaldi fyrir að liggja við bryggjuna og nota áhöld hennar (ból og hringi), nema sjerstakur samningur kveði öðruvísi á um. Gangvjelabátar og aðrir bátar minni en 10 smálesta, greiði sjerstakt gjald fyrir að nota bryggjuna eða festarhöld hennar, sem hjer segir:

Gangvjelarbátar greiði í hvert skifti 2 kr.,
aðrir bátar greiði í hvert skifti 1 kr.

Þó geta slíkir bátar keypt sjer rjett árlega, í eitt skifti fyrir öll, til að nota bryggjuna eða festarhöld hennar fyrir:

Gangvjelarbátar 10 kr.
aðrir bátar 5 kr.

b. Vörugjald: Af vörum, sem teknar eru úr skipum á bryggjuna eða af henni í skip, skal greiða gjald sem hjer segir:

1. Af kolum, 1 kr. af hverrt smálest.
2. — salti, 75 aura af hverri smálest.
3. — timbri og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 4 aura af hverju teningsfeti.
4. — múrsteini og sementssteini 50 aura af hverjum 100 st.
5. — stórgripum, 1 kr. af hverjum.
6. — sauðfje, 50 aura af hverri kind.
7. — öllum öðrum vörum 2 kr. af hverri smálest, eða 15 aura af hverju einstöku stykki, ef um minna en smálest er að ræða.

Brot úr smálest, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil smálest, en minna broti skal slept.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið að eins einusinni.

Farþegaflutningur er undanþeginn þessu gjaldi.

Fyrir alla aðra notkun hafnarbryggjunnar, sem ekki er ákveðið neitt gjald fyrir í þessari reglugjörð, skal greiða gjald eftir samkomulagi við hafnarnefnd í hvert skifti.

Hafnarnefndin sjer um innheimtu á gjöldum þessum og reikningsskil fyrir þeim og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegu innheimtulaunum þeim, er um semur.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

VIII. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð Stykkishólms kauptúns, og fer með mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 17. janúar 1919.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson.

14
20. jan.

Auglýsing

um varnir gegn kvefpestinni (influenza).

Að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og með ráði landlæknis eru hjermeð, samkvæmt lögum nr. 24, 16. nóvember 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, 2. gr., settar eftirfarandi reglur til varnar gegn útbreiðslu kvefpestarinnar:

1. Samgöngum milli sýktra og ósýktra landshluta skal hagað þannig: Engir mannflutningar eru leyfðir úr sýktum svæðum fram yfir það sem nauðsyn krefur, og á þann hátt að þeim einum skal gefið fararleyfi, sem hafa verið einangraðir í vikutíma á brottfararstað og hvorki hafa sýkst grunsamlega á þeim tíma, nje haft mök við sýkta eða grunaða.

2. Varningur og aðrir dauðir munir skulu taldir lausir við sóttnæmi 24 klukkutímum eftir að sjúkir eða grunaðir hafa haft hönd á þeim. Heimili, sem sýkst hafa, skulu talin sótthættulaus, þegar 7 dagar eru liðnir frá því að síðasti sjúklingur varð hitalaus, eða 12 dagar eftir að hann sýktist, og þá án þess að sótthreinsun hafi farið fram. Heimilt skal þó hjeraðslæknum að lengja einangrunartímann, ef þeir eru í vafa um framangreind tímamörk.

3. Hjeraðslæknar skulu svo fljótt sem því verður komið við senda öllum sveitarstjórnum í ósýktum sveitum glöggar sóttvarnarreglur og jafnframt leita álits þeirra um hvort það sje almennings vilji að verja sveitina, þó veikin flyttist í hjeraðið, síðan gerir hjeraðslæknir þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, til þess að verja þau byggðarlög, sem þess óska, sbr. 1. og 2. gr.

4. Öll skip, sem leita til hafnar á Norður- og Austurlandi, Stranda-, Barðastrandar-, Dala-, Snæfellsness- og Skaftafellssýslu, og koma annaðhvort frá útlöndum eða frá sýktum hjeruðum innan lands, skulu talin grunuð skip, er ekki teljast sótthættulaus fyr en liðnir eru 7 dagar frá því að þau ljetu síðast úr höfn eða höfðu síðast mök við önnur skip, enda hafi enginn sýkst á skipinu á brottfararstað þess eða á leiðinni, svo að grunsamlegt þyki.

5. Læknar í hinum ósýktu hjeruðum, sem fara þurfa út í sýkt eða grunuð skip, skulu, er þeir koma á land, einangra sig, svo sótthætta geti ekki af þeim stafað, í alt að sjö daga og skal hlutaðeigandi hjeraðslæknir gera næsta hjeraðslækni aðvart, er skal skylt að þjóna fyrir hinn á meðan þarf.

6. Hjeraðslæknar í þeim hjeruðum, þar sem kvefpestin gengur, skulu í viku hverri síma til landlæknis aðalatriðin um göngu sóttarinnar.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 20. jan. 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

15
22. jan.

Reglugjörð

um framkvæmd á störfum ríkisfjehirðis.

1. gr.

Samkvæmt tilskipun 8. sept. 1918, er sett á stofn sjerstök skrifstofa, er hefir á hendi störf þau, er landfógeta voru áður falin og síðar Landsbankanum, samkvæmt tilskipun 23. ágúst 1904.

Fjármáladeild stjórnarráðsins skipar yfirmann á skrifstofu þessa og nefnist hann ríkisfjehirðir. Laun hans ákveður ráðuneytið svo og tryggingu þá, er hann skal setja fyrir því fje, sem honum er trúað fyrir. Fjármáladeildin ræður hver aðstoð er veitt ríkisfjehirði til framkvæmda starfi hans og ákveður borgun fyrir þá aðstoð.

Fjárveiting til framkvæmda störfum ríkisfjehirðis skal tekin upp í fjárlög árlega.

2. gr.

Skrifstofa fjehirðis skal vera opin til afgreiðslu fyrir almenning frá kl. 10—2 árdegis og 4—5 síðdegis, hvern virkan dag. Fyrstu 3 dagana í hverjum mánuði skal skrifstofan auk þess vera opin kl. 5—6 síðdegis. Ef breytt verður um afgreiðslutíma fyrir almenning, skal það auglýst í Lögbirtingablaðinu.

3. gr.

Bókfærslu, reikningshaldi og reikningsskilum skal ríkisfjehirðir haga eftir fyrirlagi fjármáladeildar stjórnarráðsins. Í þeim efnum, sem ekki er um sjerstök fyrirmæli að ræða, skal farið eftir þeirri venju, sem hingað til hefir verið fylgt.

4. gr.

Öll áríðandi skjöl og bækur skulu jafnan geymd í eldtryggum læstum skáp, þegar starfsfólk skrifstofunnar er eigi að störfum í henni.

5. gr.

Ríkisfjehirðir hefir rjett til að nota þjónustufrímerki eftir sömu reglum og aðrir opinberir starfsmenn, er slíkan rjett hafa.

6. gr.

Kvittanir fyrir greiðslum í ríkissjóð eru bindandi fyrir ríkið, ef þær eru undirritaðar af ríkisfjehirði. Hið sama er um aðrar greiðslur, er hann veitir viðtöku í nafni ríkisins.

7. gr.

Ríkisfjehirðir skal gjöra fjármáladeild stjórnarráðsins aðvart í hvert skifti, sem hann hefir yfir 50000 kr. í sjóði í þeirri fjehirslu, sem daglegt starfsfje er geymt í, til þess að það fje, sem eigi telst þurfa til daglegra þarfa, geti orðið sett á vöxtu. Ef fje vantar til greiðslu gjalda ríkissjóðs, ber honum einnig þegar í stað, að skýra fjármáladeildinni frá því.

15
22. jan.

8. gr.

Það fje, sem nauðsynlegt er til daglegra gjalda hefir ríkisjehirðir umráð yfir og ábyrgist. Verðbrjef landssjóðs og það fje, sem ekki þarf á að halda við daglega afgreiðslu, skal, að svo miklu leyti sem það er ekki sett á vöxtu, geymt í sjerstakri fjehirslu, og skal læsingin vera þannig gjörð, að henni verði ekki lokið upp nema með tveim lyklum, sem ekki eru eins. Geymir fjármáladeildin annan lykilinn, en ríkisfjehirðir hinn. Þegar fjehirsla þessi er opnuð, skal ríkisfjehirðir jafnan vera viðstaddur og þar til kvaddur maður úr fjármáladeildinni, og þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð, og skal hún í hvert skifti undirrituð af báðum þeim, sem viðstaddir eru opnun fjehirslunnar.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 22. jan. 1919.

Sig. Eggerz.

Magnús Guðmundsson.

16
6. febr.

Samþykt

um heyforðabúr í Glæsibæjarhreppi.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 44, 11. júlí 1911, gjört eftirfarandi samþykt um heyforðabúr í Glæsibæjarhreppi.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er sá, að styrkja þá menn, sem í heyþröng komast fyrir búpening sinn að vorlagi, með því, að hafa til útlána og sölu hey, sem ungmennafjelagið »Dagsbrún« og sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi hefir umsjón með og lætur úti eftir þeim fyrirmælum, er þessi samþykt setur.

2. gr.

Forðabúrið myndast af heyi því, sem almennur sveitarfundur 23. mars 1918 samþykti, að fá til notkunar fyrir hreppinn hjá ungmennafjelaginu »Dagsbrún« 100 hesta (eitt hundrað hesta 100 kg.) og svo heyi því, er sveitarstjórnin kann að tryggja sjer eða kaupa til viðbótar.

3. gr.

Sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi ásamt ungmennafjelaginu »Dagsbrún« sjer um forðabúrið, hefir á hendi rekstur þess, umsjón alla og reikningshald.

Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum, svo sem fyrningargjald, vexti og endurnýjunarkostnað ber að greiða úr sveitarstjóði. **16** 6. febr.

Um kostnað við útlán og móttöku heyforðans svo og um hey það, er vinnast kann við útlán, semur sveitarstjórnin við ungmennafjelagið.

4. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um forðabúrið fyrir næstliðið fardagaár ásamt reikningi yfir kostnað við það.

5. gr.

Það skal vera aðalreglan, að hey sje eigi látið úti úr forðabúrinu fyr en fram hefir farið hin lögskipaða útmánaðaskoðun og sveitarstjórnin hefir fengið skýrslu um fóðurbirgðir manna. Lendi einhver í heyþroti áður, eða sjái þau fyrir skal hann, ef hann leitar eftir hjálp forðabúrsins, senda hreppsnefnd vottorð fordagæslumanns um fóðurbirgðir sínar og skal þá hey úr forðabúrinu látið úti eftir fyrirskipun sveitarstjórnar.

6. gr.

Í samræmi við fyrirmæli 1. gr. skal það vera aðalreglan, að hey sem forðabúrið lætur úti sje lánað gegn þriðungi meiri þyngd af vel verkuðu heyi að sumrinu. En það sem selt kann að verða borgist aftur eftir gangverði á heyi það ár, sem salan fer fram.

7. gr.

Taki heyforðinn að fyrnast svo, að sveitarstjórn álítur nauðsyn til bera að yngja hann upp, skal hún sjá um endurnýjun hans.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 6. febr. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

17
7. febr.

Samþykt

fyrir »Samgirðingafjelag Keldhverfinga«.

Hreppsnefndin í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóv. 1913, gjört eftirfarandi

samþykt

fyrir »Samgirðingafjelag Keldhverfinga«.

I. Um stjórn fjelagsins, atkvæðisrjett o. fl.

1. gr.

Fjelagið heitir »Samgirðingafjelag Keldhverfinga«.

2. gr.

Í fjelaginu eru ábúendur jarðanna: Garðs, Austurgarðs, Ólafsgerðis, Kílakots, Víkingavatns, Sulta, Lóns og Auðbjargarstaða.

3. gr.

Samgirðingin skiftist í þrjá hluta, er heita Sandgirðing, Veggjagirðing og Breiðugirðing. Sandgirðingin liggi að austan frá Stóra, milli Mosakíls og Stórhólma, beina línu sunnan við Stóruflögu og í Merkiþúfu, þaðan suður í Holubjargakvísl. Veggjagirðing byrji við Kílana hjá Kílakoti, og liggi um Sulti í Lón. Breiðugirðing liggi frá Ólafsgerðishólma norður í Ytri-Vatnsbotn.

4. gr.

Kostnað þann, er leiðir af Sandgirðingunni greiði eigendur eða ábúendur allra jarða, sem í fjelaginu eru. Skiftist hann þannig:

Garður greiði . . .	38 %
Austurgarður . . .	19 —
Ólafsgerði	21 —
Kílakot	6 —
Víkingavatn	7 —
Lón	4 —
Sultir	2 —
Auðbjargarstaðir . .	3 —
Alls	100 %

Kostnað við Veggjagirðinguna greiða jarðirnar:

Víkingavatn með . .	56 %
Kílakot . . — . .	4 —
Lón . . . — . .	27 —
Sultir . . — . .	13 —
Alls	100 %

Kostnað við Breiðugirðinguna greiða jarðirnar: 17
Kílakot með 36 % 7. febr.
Víkingav. — 18 —
Sultir — 46 —
Alls 100 %

Girðingarnar skulu vera 5 þættar gaddavírsgirðingar, og að öðru leyti eins og lög um girðingar frá 22. nóv. 1913 áskilja.

5. gr.

Til endurgjalds á þeim hluta girðingakostnaðarins, sem fenginn er að láni, svo og til viðhalds girðingunum, skal leggja árlegt gjald á alla bændur, sem í fjelaginu eru, og skiftist það eftir þeim hundraðshlutföllum, sem ákveðin eru í 4. gr. Þeim hluta þessa árgjalds, sem ber að greiða af Veggjagirðingunni, skal þó jafna niður eftir fjártölu innan þeirrar girðingar ár hvert. Fyrir kvíær skal gjalda ferfalt hærra gjald en annað sauðfje. Þó skal að eins þrefalda gjald fyrir ær frá Lóni.

6. gr.

Atkvæði í fjelaginu skulu vera samtals eitt hundrað. Í þeim málum sem snerta alla samgirðinguna í heild, skifast þau þannig:

Garður	hefir	14 atkv.
Austurgarður . .	—	7 —
Víkingavatu . .	—	34 —
Ólafsgerði . . .	—	7 —
Kílakot	—	9 —
Sultir	—	13 —
Lón	—	15 —
Auðbjargarstaðir .	—	1 —

Í öðrum málum, sem að eins snerta einhverja sjerstaka hluta girðingarinnar, hafa þeir einir atkvæði, sem þær girðingar kosta. Skiftist þá atkvæðisrjetturinn eftir sömu hlutföllum og kostnaðurinn.

7. gr.

Gjalddagi á girðingagjöldum er 1. september ár hvert, og má taka þau lögtaki, ef eigi eru greidd á rjettum tíma.

8. gr.

Eftirlit með girðingunum, niðurjöfnun kostnaðarins og gjaldheimta sje falin 3ja manna stjórn, er kosin sje af fjelagsmönnum á aðalfundi, er haldinn sje í maí ár hvert. Niðurjöfnun og reikningsskil leggist fram á aðalfundi. Lögmætur er aðalfundur þegar $^2/_3$ atkvæða eru á fundi. Sje fundur eigi lögmætur skal boða til fundar á ný, og ræður þá afl atkvæða.

17 7. febr.

II. Um notkun lands innan girðinganna.

9. gr.

Ábúendum þeirra jarða, sem land eiga innan girðinga, skal heimilt að hafa þar fje sitt og gripi, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem talin eru í 10., 11., 12. og 13. gr. Auðbjargarstaðabóndi hefir þó eigi rjett til beitar annarstaðar en á Illatanga, enda sje hann þá afgirtur.

10. gr.

Rjettur manna til að nota land innan girðinganna fer eftir fyrirframgreiðslu þeirra í stofnkostnaði hverrar girðingar, reiknað út hlutfallslega, sbr. 4. gr.

11. gr.

Geldfje má eigi sleppa innan girðinga frá sumarmálum til 16. september. Undanþágu frá þessu ákvæði hafa þó Garðs- og Austurgarðsbændur, þegar seint leysir snjó úr afrjett, og mega þá hafa fje sitt innan girðinga, þangað til þrjár vikur eru liðnar af sumri. En taka verða þeir geldfjeð úr girðingunni, þegar fært þykir að reka fje á afrjetti, og aðrir hlutaðeigendur hafa slept sínu fje.

12. gr.

Á vissum tímum árs verða gripa- og fjáreigendur vandlega að gæta þess, að fjenaður þeirra skemmi eigi engi annara landeigenda, eða geri þeim annan skaða, og sje rjettur manna til að nota land sitt innan girðinga bundinn þessu skilyrði. Þessi tímabil eru að því er snertir

Hesta frá 1. maí til 20. september,
Sauðfje frá 10. maí til 12. sept.
Nautgripi alt sumarið fram að 20. sept.

Þó er öllum fjelagsmönnum heimilt að hafa innan girðinga alt sumarið fullorðna hrúta og vankaðar kindur án eftirlits.

13. gr.

Rjett til beitar á hinu afgirta svæði vestan Víkingavatns hafa aðeins ábúendur jarðanna Sulta, Lóns og Víkingavatns. Ábúendur Kílakots mega þó hafa lömb sín innan þessarar girðingar að haustinu. Að öðru leyti afsala eigendur jarðanna Kílakots og Ólafsgerðis rjetti sínum til beitar vestan Víkingavatns, meðan þessari girðingu er haldið við.

14. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða 2—20 kr. sektum, er renna í sveitarsjóð.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. febr. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað 17. maí 1916.

Stjórnarráð Íslands hefir 13. febrúar 1919 gefið út, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, svofelda reglugjörð um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað 17. maí 1916.

I. Hafnargjald.

Töluliður 2, fyrri málsgrein, falli burtu. — Önnur málsgrein þessa liðs auðkennist 2. —

Töluliður 1 sje óbreyttur. — Í stað »3 aurar af hverri smálest« í a. undir tölulið 1, komi 10 aurar af hverri smálest, og í stað »5 aurar af hverri smálest í b. fyrri málsgrein, komi 10 aurar af hverri smálest. — Í stað, »2 aurar af hverri smálest« í annari málsgrein b, komi 12 aurar af hverri smálest.

II. Aukagjöld.

1. Óbreytt nema í stað »legugjald 20 aura« komi legugjald 60 aura. —
2. Óbreytt.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Óbreytt.

IV. Vitagjald.

Öll skip, er til hafnarinnar koma á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og hafnargjald greiða, skulu greiða vitagjald, 2 krónur, í hvert sinn, er þau hafna sig.

IV. Notkun hafnarinnar.

Óbreytt. — Verður V.

V. Um seglfestu o. fl.

Óbreytt. — Verður VI.

VI. Bryggjugjald.

A. Skipagjald.

Verður VII. —

1. Óbreytt. — 1. a. í stað »3 aura af hverri smálest«, komi 10 aura af hverri smálest. — 1. b. Í stað »$3^1/_2$ eyrir fyrir hverja smálest« komi 7 aurar fyrir hverja smálest, og í stað »1 eyrir fyrir hvern dag«, komi 15 aurar fyrir hvern dag o. s. frv.
1. c. Í stað »8 krónur í hvert sinn,« komi 10 krónur í hvert sinn, og í stað »2 krónur fyrir hvern dag«, komi 12 krónur fyrir hvern dag. —

18 13. febr.

1. d. Í stað »skal greiða 6 krónur« komi, skal greiða 8 krónur, og í stað »2 krónur fyrir hvern dag«, komi 10 krónur fyrir hvern dag.

1. e. Í stað »1 króna í hvert sinn«, komi 5 krónur í hvert sinn.

B. Vörugjald.

a. Í stað »40 aura af smálest«, komi 80 aura af smálest.

b. Í stað »60 aura af hverjum 100 teningsfetum«, komi 1 króna af hverjum 100 teningsfetum.

c. Í stað »75 aura af smálest«, komi kr. 1.50 af hverri smálest. —

b. Í stað »25 aura af smálest«, komi 75 aura af smálest, og í stað »40 aura«, komi 1 kr., og í stað »65 aura af smálest hverri«, komi kr. 1.50 af smálest hverri.

Í stað »þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 12 aurar«, komi, þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 35 aurar.

VII. Almenn ákvæði.

Óbreytt. — Verður VIII.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. febrúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

19 10. mars

Samþykt

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna í Akureyrarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 4. grein.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyr en kl. 9 árdegis, og á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september, að báðum dögum meðtöldum, má ekki opna þær á mánudögum fyr en kl. 12 á hádegi. —

3. gr.

Frá 1. janúar til 31. maí og frá 1. nóvember til 30. des. skal öllum sölubúðum lokað alla virka daga ekki síðar en kl. 7 að kvöldi og mánuðina júní til október skal þeim lokað ekki síðar en kl. 8 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. — Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

4. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum kaupmanna.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum, 20—500 kr., og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 15. mars 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 10. mars 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

20
15. mars.

Reglugjörð

til bráðabirgða fyrir alþýðuskólann á Eiðum.

I. Um markmið skólans og skipun.

1. gr.

Það er markmið skólans, að veita nemendum þá almennu mentun, er verði þeim til þroska og gagns í lífinu, í hvaða stöðu sem er.

2. gr.

Skólinn er samskóli í tveim deildum.

3. gr.

Nemendur njóta heimavistar og er lagt til ókeypis: rúm með dýnum, ljós og hiti. Að öðru leyti kosta þeir sig sjálfir.

4. gr.

Búnaðarnámsskeið skal haldið í sambandi við skólann 3—4 vikur haust og vor. — Ganga fastir nemendur skólans þar fyrir, ef þeir vilja, en svo utanskólamenn, eftir því sem rúm og ástæður leyfa.

5. gr.

Halda skal fyrirlestraskeið fyrir almenning í viku, nær miðjum vetri, jafnskjótt sem húsrúm skólans leyfir.

II. Um inntöku í skólann.

6. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólann sje komin til skólastjóra fyrir miðjan júlí ár hvert. Skal þess getið jafnframt, hvort umsækjandi vill taka þátt í búnaðarnámsskeiði, áður en skólaárið byrjar. Skólastjóri úrskurðar um inntöku í skólann og lætur umsækjanda vita.

7. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að umsækjandi sje fullra 17 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá því, ef honum þykir ástæða til, og umsækjandi er ekki yngri en 16 ára.
2. Að hann sje ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem geti orðið hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði hans sje óspilt.
4. Að hann hafi hlotið mentun þá, sem heimtast til fullnaðarprófs í lögum 22. nóv. 1907, um fræðslu barna.

Vottorð um þessi atriði, frá presti um aldur og siðferði og lækni um heilbrigði, fylgi umsókninni, ennfremur yfirlýsing frá manni, er skólastjóri tekur gildan, um það, að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólann. 20 15. mars.

III. Um kensluna.

8. gr.

Kenslugreinar skulu vera þessar: Íslenska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúrusaga, landafræði, fjelagsfræði, bókhald, teiknun, handavinna, leikfimi og söngur. Ennfremur geta nemendur átt kost á tilsögn í ensku og dönsku. Kenslan fer að einhverju leyti fram í fyrirlestrum.

9. gr.

Kenslumáladeild stjórnarráðsins setur síðar reglur um það, hvaða takmarki kenslunni sje ætlað að ná í hverri námsgrein.

10. gr.

Við búnaðarnámskeiðið skal veitt bókleg og verkleg tilsögn, piltum í jarðrækt og stúlkum í heimilisiðnaði, svo sem vefnaði og annari tóvinnu.

IV. Um próf.

11. gr.

Halda skal burtfararpróf í lok hvers skólaárs (sbr. 18. gr.) fyrir þá, er ljúka námi við skólann, og árspróf fyrir yngri deild.

12. gr.

Prófað sje í hverri námsgrein, nema hvað teiknimyndir, smíðisgripir og hannyrðir nemanda leggjast til grundvallar þegar dæmt er um teiknun og handavinnu.

13. gr.

Próf í íslensku og stærðfræði sje bæði munnlegt og skriflegt, í bókhaldi að eins skriflegt, en munnlegt í öðrum námsgreinum.

14. gr.

Kennarar skólans prófa, en stjórnarráðið skipar prófdómendur, til þess að dæma með þeim um frammistöðu nemenda. Þeir velja einnig verkefni til prófsins í samráði við hlutaðeigandi kennara.

15. gr.

Eina einkunn skal gefa í hverri námsgrein, nema í íslensku tvær, fyrir munnlega og skriflega íslensku. Í söng og leikfimi er engin einkunn gefin. Sjereinkunnir eru gefnar fyrir kunnáttu í ensku og dönsku og — ef óskað er — í jarðrækt og heimilisiðnaði.

20 16. gr.

15. mars Einkunnirnar eru þessar: ágætlega = 6, dável = 5, vel = 4, laklega = 3, illa = 2 og afarilla = 1. Einnig má gefa brotin $^1/_3$ og $^1/_2$, sem liggja milli þessara talna. Aðaleinkunn er talin í stigum, og eru reiknuð 8 stig fyrir einkunnina ágætlega, 7 fyrir dável, 5 fyrir vel, 1 fyrir laklega, ÷ 7 fyrir illa og ÷ 23 fyrir afarilla. Taka skal tillit til brotanna við útreikning stigafjöldans, að rjettri tiltölu.

17. gr.

Nemandi þarf að fá 35 stig að minsta kosti, til þess að standast prófið. Hann má ekki fá minna en vel ÷ í íslensku og ekki 1 í neinni námsgrein.

V. Um kenslutíma og leyfi.

18. gr.

Skólaárið byrjar 20. október og endar 10. maí.

19. gr.

Búnaðarnámsskeið að hausti stendur yfir 29. september til 19. október, en að vori 20. maí til 16. júní.

20. gr.

Í hverri viku skulu ekki vera færri en 30 kenslustundir í hvorri deild. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en bil milli kenslustunda 10 mínútur.

21. gr.

Skólastjóri semur stundaskrá í samráði við kennarana.

22. gr.

Þessi leyfi eru lögboðin:
Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Páskaleyfi frá skírdegi til 3. í páskum.
Ennfremur getur skólastjóri gefið leyfi á sumardaginn fyrsta og látið kenslu falla niður 1 dag í mánuði, ef hann vill.

23. gr.

Skólastjóri sjer um reglu og aga í skólanum með styrk kennaranna.

Dóms- og kirkjumáladeildin, 15. mars 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.

Breyting

á erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

5. gr. í erindisbrjefi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svo hljóðandi:

Þeir fá í kaup 1 kr. 30 aur. um klukkustund hverja á virkum dögum og 1 kr. 50 aur. um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu, hvort sem það er við aðgreining fiskjarins eða umsjón með vigt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annarl þóknun eða góðgjörðum hverju nafni sem nefnist frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

I stjórnarráði Íslands, 1. apríl 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

22

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1919 til jafnlengdar 1920.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	350	42	350	42	292
2	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum . . . . . hver á	41	83	250	98	209
3	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . hver á	50	44	302	64	252
4	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti. . . . hver á	40	90	327	20	273
5	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti . . hver á	32	78	393	36	328
6	— 8 ær geldar á hausti . . . . . hver á	39	42	315	36	263
7	— 10 ær mylkar á hausti. . . . . hver á	29	42	294	20	245
8	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	312	50	312	50	260
9	— $1^1/_3$ hryssu, á sama aldri . . . . . hver á	288	00	384	00	320
	B. Ull, smjör og tólg.					
10	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, pd. á	1	85	222	00	185
11	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni . pd. á	1	28	153	60	128
12	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu . . . pd. á	2	79	334	80	279
13	— 120 pd. af tólg, vel bræddri . . . . pd. á	1	34	160	80	134
	C. Tóvara af ullu.					
14	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði. . . . . pundið á	»	»	»	»	»
15	— 60 pör eingirnissokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
16	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka . . . . parið á	»	»	»	»	»
17	— 180 pör sjóvetlinga . . . . . parið á	»	»	»	»	»
18	— 20 eingirnispeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
19	— 15 tvíbandsgjaldpeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
20	— 120 álnir gjaldvaðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar, 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	33	13	198	78	166
23	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum, vættin á	»	»	»	»	»
24	— 6 vættir af þyrkslingi, vel verkuðum, vættin á	»	»	»	»	»
25	— 6 vættir af ýsu, hertri, ... vættin á	»	»	»	»	»
26	— 6 vættir af hákarli, hertum, . . . vættin á	»	»	»	»	»

			Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.						
27	1 hndr, 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis, .	8 pottar á	»	»	»	»	»
28	— 1 tunna (120 pt.) hákarlslýsis, . .	8 pottar á	»	»	»	»	»
29	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . .	8 pottar á	»	»	»	»	»
30	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis, . .	8 pottar á	5	13	76	95	64
	F. Skinnavara.						
31	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . .	10 pund á	39	50	158	00	132
32	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund á	34	50	207	00	172
33	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund á	26	78	160	68	134
34	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10 pund á	20	78	166	24	139
35	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund á	14	14	169	68	141
36	— 6 fjórðungar selskinns.	10 pund á	»	»	»	»	»
37	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .	hvert á	»	27	64	80	54
	G. Ýmisegt.						
38	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum,	pundið á	12	19	73	14	61
39	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum, .	pundið á	»	»	»	»	»
40	— 120 pd. af fuglafiðri	10 pund á	»	»	»	»	»
41	— 480 pd. af fjallagrösum	10 pund á	»	»	»	»	»
42	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á	5	79	»	»	116
43	— 1 lambsfóður	á	8	21	»	»	164
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:						
	Eftir A. eða í fríðu				325	63	271
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg				217	80	181
	Eftir C. eða í ullartóvöru				»	»	»
	Eftir D. eða í fiski				198	78	166
	Eftir E. eða í lýsi				76	95	64
	Eftir F. eða í skinnavöru				154	40	129
	En meðalverð allra landaura samantalið				973	56	811
	og skift með 5 sýnir:						
	Meðalverð allra meðalverða				**194**	**71**	**162**

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og bæjarfógeta á Seyðisfirði 22. janúar 1919.

Ari Arnalds.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hjer með.

I stjórnarráði Islands, 25. febrúar 1919.

Sig. Eggerz.

M. Guðmundsson.

23

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu

frá 16. maímánaðar 1919 til jafnlengdar 1920.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	366	67	366	67	306
2	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum . . . . . hver á	35	21	211	26	176
3	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . hver á	39	55	237	30	198
4	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti . . . hver á	31	00	248	00	207
5	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti . . hver á	24	42	293	04	244
6	— 8 ær geldar á hausti . . . . . hver á	32	51	260	08	217
7	— 10 ær mylkar á hausti . . . . . hver á	22	97	229	70	191
8	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra í fard. á	286	79	286	79	239
9	— $1^1/_2$ hryssu, á sama aldri . . . . . hver á	264	29	352	39	294
	B. Ull, smjör og tólg.					
10	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, pd. á	1	84	220	80	184
11	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni, pd. á	1	37	164	40	137
12	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu . . . pd. á	2	63	315	60	263
13	— 120 pd. af tólg, vel bræddri . . . . pd. á	1	30	156	00	130
	C. Tóvara af ullu.					
14	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í puudi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . . . pundið á	»	»	»	»	»
15	— 60 pör eingirnissokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
16	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka . . . . parið á	»	»	»	»	»
17	— 180 pör sjóvetlinga . . . . . parið á	»	»	»	»	»
18	— 20 eingirnispeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
19	— 15 tvíbandsgjaldpeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
20	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21	— 120 álnir einskeftu, 1 al. 5 kv. breiðrar, 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	37	25	223	50	186
23	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum, vættin á	»	»	»	»	»
24	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum, vættin á	»	»	»	»	»
25	— 6 vættir af ýsu, hertri, ... vættin á	»	»	»	»	»
26	— 6 vættir af hákarli, hertum, . . . vættin á	30	83	184	98	154

			Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.						
27	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis, .	8 pottar á	»	»	»	»	»
28	— 1 tunna (120 pt.) hákarlslýsis, . .	8 pottar á	»	»	»	»	»
29	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis, . . .	8 pottar á	»	»	»	»	»
30	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis, . .	8 pottar á	8	59	128	85	107
	F. Skinnavara.						
31	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . .	10 pund á	37	31	149	24	124
32	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund á	35	92	215	52	180
33	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund á	26	92	161	52	135
Meðan veikin er ekki útdauð í hjeraðinu, skal hjeraðaslæknir skýra sóttvarnarnefnd frá gangi hennar á viku hverri.

Meðan fá heimili sýkjast, og það þykir framkvæmanlegt, skal sótthreinsa öll heimili, þar sem veikin hefir reynst illkynjuð og henni hefir fylgt lungnabólga, áður sóttvörn er upphafin við heimilið.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 3. apríl 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.

48
19. apríl

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykt fyrir Reykjavík

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð

lögreglusamþykt fyrir Reykjavík.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarstaðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún eða gangstjettabrún, sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar. Þeir, sem fara um gangstjettir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, eða þá sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má að eins gera með sjerstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sje gætt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, eða með því að sýna af sjer ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sjest drukkinn á almannafæri, og hver sem verður sekur um það, skal sæta sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annarstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá að eins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á húsriðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús, eða á húslóðir, nje fara inn í híbýli hans í sölnerindum.

15. gr.

Stjettir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum; eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna nje önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má að eins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningum stendur; en gæta skal þess að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

17. gr. 48

19. apríl

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfdúka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris eða annað þess konar.

18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesshátttar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sjer hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

20. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn, yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. september til 14. maí og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

22. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er

48 svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar sem kunna að hafa verið reistar til að
19. april afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu; að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Akvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

26. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 centimetrar.

27. gr.

Um þakrennur og rensli frá húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

28. gr.

Þegar ís leggur á tjörnina eða höfnina má enginn fara út á ísinn fyr en hann er

orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann. Enginn má heldur taka ís af tjörninni eða höggva vakir í hann nema með leyfi borgarstjóra og samþykki lögreglustjóra, og ákveður þá lögreglustjóri jafnframt hvernig vakirnar skuli girtar eða auðkendar, svo að engin hætta stafi af þeim. 48 19. apríl

29. gr,

Eigi má kasta í tjörnina, höfnina eða fjöruna, grjóti, möl, sandi, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi nje öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir.

III. KAFLI.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

30. gr.

Þeir sem ríða eða aka um götur bæjarins skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum skal að eins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli að eins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað getur hún ráðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

31. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

32. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

34. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

48 Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan
19. apríl sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

34. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir[1] og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

35. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

36. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

37. gr.

Með vagna og hesta má að eins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla vagnaumferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

38. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

39. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

40. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstjettinni eða götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur

---

[1]) Sjá reglugj. nr. 129, $^{17}/_{11}$ '16 Stjrt. B.

kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum, eða fast við þau. 48 19. apríl

41. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. A almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

42. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

43. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

44. gr.

Bifreið nefnist í samþykt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþyktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

45. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

46. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 88 frá 14. nóv. 1917 og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum sem síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós á bifreiðum skal tendra ekki seinna en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum.

47. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hjer í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða

48 bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar sam-
19. apríl þyktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu R. E. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er hjer í bænum. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn mega í einu vera í bifreið, ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávalt hafa meðferðis skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu og vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugjörða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðar, sem eru eign utanbæjarmanna, mega því að eins fara um götur bæjarins, að aftan á þeim sje skrásetningarmerki þess lögsagnarumdæmis, þar sem eigandinn er búsettur, og ekkert annað merki.

48. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sje fullra 21 árs að aldri og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskírteini og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar meðan ekið er og meðan hann situr við stýrið má hann ekki reykja tóbak og ekki tala við farþega.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðaakstur.

49. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sje ekki truflað, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sjer skamt frá sjer, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur nje á gangstjettir.

50. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávalt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlægi, að gera eigi hávaða um nauð-

syn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða. 48 19. apríl

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

53. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar..

54. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugjörðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

55. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess er hjer segir:

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.

b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.

c. Á hverjum hjólum skal þegar dimt er vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.

d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, nje á gangstjettina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

48 19. apríl

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. KAFLI.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

56. gr.

Alifugla má eigi hafa á kaupstaðarlóðinni frá 1. maí til 1. október nema þeir sjeu í afgirtu svæði eða öruggri vörslu.

57. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins eða annarstaðar innan lögsagnarumdæmisius, nema maður fylgi til að gæta þeirra eða þær sjeu í öruggri vörslu. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eiganda kindarinnar sektum samkv. 95. gr. Ennfremur greiði hann allan kostnað við handsömun og varðveislu kindarinnar. Selja má kindina til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki.

Bannað er að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár.

58. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema útflutningshross til skipa og innanbæjarhesta, sem fluttir eru úr haga og í. Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra.

Um kostnað fer eins og segir í 57. grein.

59. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sjer. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjólum, nje fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

60. gr.

Nautgripir, sem færðir eru til bæjarins, skulu ávalt leiddir í bandi nægilega traustu, og skulu nægir gæslumenn fylgja hverjum nautgrip. Það er með öllu bannað að binda nautgrip í tagl á hesti.

61. gr. 48

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátr- 19. apríl
unar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

VII. KAFLI.

Um hunda.

62. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu Rvík og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er rjettdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan þriggja daga eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Rjettdræpir eru einnig þeir hundar, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli og skulu eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 95. gr.

63. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagri sekt samkvæmt 95. gr.

64. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu skal sæta sektum þó ekkert tjón hafi hlotist af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

65. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörslu, hvorki utan húss nje innan.

66. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sjerstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugjörð bæjarins um lækning hunda af bandormum.

VIII. KAFLI.

Um friðun almenningseigna o. fl.

67. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þesshátttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggur að almannafæri.

Bátaumferð um tjörnina er bönnuð, nema í þarfir bæjarins eða lögreglunnar. Enginn má raska friði fugla, sem eru á tjörninni eða við hana, eða á þeim stöðum, sem bæjarstjórn síðar kann að tiltaka.

68. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

69. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

IX. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

70. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnsjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

71. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. 48 19. apríl

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögunum.

72. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

X. KAFLI.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

73. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og óáfengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

74. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eðu heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta drukknum manni í tje neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það farl fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

75. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðar frá kl. $11^1/_2$ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en $^1/_2$ stundu eftir að lokað er. Þó ma selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

76. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við borgarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgerðarskyni eða

48 til að styrkja fyrirtæki í almennings þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í
19. apríl bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrasýningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

77. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við borgarstjóra gjald í bæjarsjóð.

78. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemtanir nje heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við borgarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

Auk gjalds þess í bæjarsjóð, fyrir skemtanir, sem getur í 76, 77 og 78 gr. skal greiða skemtanaskatt, sem ákveðinn kann að verða með reglugjörð samkvæmt lögum 22. nóv. 1918 um skemtanaskatt.

79. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögréglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

80. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemtanir samkvæmt 76.—78. gr., noti það á þeirri lóð, Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreisti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta eða tjón geti af því hlotist.

81. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um að því sje ávalt haldið vel hreinu.

48
19. apríl

XI. KAFLI.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

82. gr.

A almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja neinu slíku í tjörnina. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina..

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nje út af bryggjum eða bólvirkjum og eigi má heldur skilja þar eftir neitt það, er valdið getur óþrifnaði eða óheilnæmi.

83. gr.

Hey, þang, mó, mold eða þess konar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannafæri, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

84. gr.

Aburður og annað slíkt, sem óþef leggur af, má að eins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

85. gr.

A húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, nje annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

86. gr.

A tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

87. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdum gryfjum vandlega birgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

88. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús hans, eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til aftra því að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

48 19. apríl

89. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða alt skolp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrensli í þeim stíflist ekki.

90. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

XII. KAFLI.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

91. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en skal, nema hitt sje beint tekið fram, því að eins beitt utan verslunarlóðarinnar að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

92. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

93. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 100 krónum. ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

94. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

95. gr.

Allan kostnað. sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari, og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

96. gr.

48
19. apríl

Með samþykt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykt fyrir Reykjavík 15. nóv. 1890 með breytingum 21. maí 1895, viðauka 26. nóv. 1898, viðauka 31. des. 1900, og breytingum 5. maí 1906 og 23. maí 1912, og viðbót 21. sept. 1914, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykt þessa.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. maí 1919.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 19 apríl 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

Breyting

49
28. apríl

á reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum frá 1. ág. 1910.

1. gr.

Byrjun 2. greinar orðist þannig:
Alla hunda í sýslunni, tveggja mánaða og eldri, skal hreinsa af bandormum 20.—30. nóvembermánaðar ár hvert, eftir leiðarvísi.

2. gr.

Fyrri hluti 8. greinar orðist þannig:
Fyrir sjerhvern hund, er hreinsunarmaður hreinsar samkvæmt reglugjörð þessari, fær hann í hvert sinn 70 aura þóknun.

Þannig samþykt á aðalfundi sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu 7.—10. þ. m.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 28. apríl 1919.

G Björnsson.

50
30. apríl

Auglýsing

Hjermeð auglýsist, að gefnu tilefni, að reglugjörð um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins frá 3. október 1918, er í gildi þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Í stjórnarráði Íslands, 30. apríl 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

51
1. maí

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð um bólusetningar og bóluskoðanir 22. okt. 1902.

1. gr.

Fyrri málsgrein 5. gr. orðist þannig:

Hjeraðslæknir skal því næst skrifa til gömlu lyfjabúðarinnar í Reykjavík á þessa leið: »Í hjeraði mínu á að bólusetja . . . börn á komanda sumri, og beiðist jeg þess, að mjer verði sent bóluefni með póstskipi (landpósti), sem á að fara frá Reykjavík . . . . d. mán. . . . 19 . .«

2. gr.

17. gr. orðist þannig:

Ef að hjeraðslæknir verður þess var, — a) að bóluefnið hefir ekki tilætlaða verkun, svo að bólan kemur ekki út á börnum, sem frumbólusett eru, eða — b) að börn verða alvarlega veik eftir bólusetninguna, þá skal hann tafarlaast gjöra landlækni aðvart um það símleiðis og nefna nr. á bóluefninu (»úr kálfi nr. . . .«).

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

I dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 1. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Björn Þórðarson,
settur.

Samþykt

52
1. maí

um kynbætur nautgripa í Skagafjarðarsýslu.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 20, 20. október 1905, gert eftirfarandi

samþykt

um kynbætur nautgripa í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skal skylt að geyma alla griðunga 5 mánaða og eldri annaðhvort í gripheldri girðinu, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan hátt, sem talinn er jafntryggur.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á griðungi samkvæmt framanskráðu og griðungur finst í annars manns landi og er ábúanda þá heimilt að aftra því, að hann geri skaða t. d. með því að hýsa hann, tjóðra eða hindra á annan hátt. Skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun hans innan tveggja sólarhringa.

3. gr.

Nú hefir griðungur sloppið úr geymslu og gert skaða á kúm áður en það varð hindrað samkvæmt 2. gr. og er þá eigandi skyldur að bæta þann skaða að fullu.

Sleppi griðungur úr girðingu, er stendur undir stjórn og umsjón nautgriparæktarfjelags eða hreppsnefndar skal nautgriparæktarfjelagið eða hreppssjóður greiða skaða þann, sem af því hlýst.

Ákvæði þessarar greinar gilda um alla griðunga, sem hittast óhindraðir á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

4. gr.

Kostnað og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. skal greiða eftir mati 3 manna, er sýslumaður útnefnir í hvert skifti og er þeirra úrskurður bindandi fyrir málsaðilja og skal hann birtur tafarlaust.

Kostnað við matsgerð og skaðabætur falla í gjalddaga 10 dögum eftir að úrskurður er birtur.

5. gr.

Enginn á samþyktarsvæðinu má nota önnur naut til undaneldis en þau, sem valin eru til þess að nautgriparræktunarfjelaginu á staðnum, eða þar sem ekkert slíkt fjelag er til, af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Skal nautgriparæktarfjelögum eða hreppsnefndum skylt að sjá um, að ávalt sjeu til hæfilega margir griðungar til undaneldis og að þeir sjeu geymdir á hentugum stöðum og einnig hafa vald til þess að ákveða bolatolla.

52
1. maí

6. gr.

Griðungar, sem valdir eru til undaneldis skulu vera hraustir og þroskamiklir og eigi yngri en $1^1/_2$ árs; ætíð skulu þeir valdir af því besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan. Nautsmæður skulu valdar á aldrinum 4—12 ára.

Fóður og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis skal vanda sem best.

Leita skulu stjórnir nautgriparæktarfjelaga álits eftirlitsmanns síns um val undaneldisnauta.

Nú á einhver griðung, sem að áliti hreppsnefndar eða stjórnar nautgriparæktarfjelags, er vel hæfur til undaneldis og er þá eiganda þess óheimilt að farga slíku nauti, nema hann áður hafi gefið hreppsnefnd eða stjórn nautgriparæktarfjelags kost á að kaupa það.

7. gr.

Hreppsnefndir á samþyktarsvæðinu hafa eftirlit með því, að fyrirmælum samþyktar þessarar sje hlýtt. Sje kosin sjerstök kynbótanefnd skal hún annast eftirlitið; sömuleiðis geta hreppsnefndir falið eftirlitið nautgriparæktarfjelögum, ef til eru. Kostnað þann, sem af því leiðir greiða hlutaðeigandi nautgriparæktarfjelög, þar sem þau eru til, annars greiðist kostnaðurinn úr hreppsjóði.

8. gr.

Þeir sem hafa framkvæmdir samþyktar þessarar á hendi skulu árlega semja skýrslu um starfsemi sína. Skal sú skýrsla semjast um áramót og sendast til oddvita sýslunefndar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Birtir hann síðan skýrslu þessa árlega á sýslufundi. Skal oddviti annast geymslu nefndra skýrslna og skal þeim haldið sjerstökum í skjalasafni sýslunnar.

Verði stofnað eitt sameiginlegt nautgriparæktarfjelag fyrir alla sýsluna skulu skýrslur þessar afhendast því til eignar, enda skulu þá slíkar ársskýrslur sendast eftir það til stjórnar þess fjelags.

9. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

10. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. júní 1919 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

53
3. maí

Reglugjörð

um breyting á viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918.

Fyrirsögn XV. kafla í fjallskilareglugjörðinni breytist og hljóðar þannig:
»Um rekstur og eftirlit sölu- og slátrunarfjenaðar.«

Aftan við 68. gr. reglugjörðarinnar komi:

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa eins og hjer segir: Þegar sauðfje er keypt á mörkuðum, skulu hreppsnefndir í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um að gætinn og markglöggur maður fylgi markaðshöldurum eftir og skoði mörk á öllu því fje, sem selt er.

Í kauptúnum skulu þeir, er við fje taka til slátrunar hafa sjerstakan mann, gætinn og markglöggan, til þess að skoða mörk á öllu því sauðfje, er hjá þeim er slátrað. Komi fyrir við þessar skoðanir á mörkuðum eða í kauptúnum kindur með óglöggum mörkum, eða sem vafi getur leikið á hvort sje rjett eign seljanda, skulu markskoðendur við votta skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar svo og skýringar seljanda og senda þær svo fljótt sem unt er til hreppstjóra í þeim hreppi, sem seljandi á heima.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar til þess að skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrjett, skal fara með það eins og áður er fyrirmælt um sauðfje.

Borgun til þeirra manna, er skoða fjármörkin í sveitunum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, en til þeirra, er skoða hrossamörk, úr sýslusjóði. Þeir er fje taka til slátrunar, kosta sjálfir þann mann, sem mörkin skoða.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 3. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

54
3. maí

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð um eyðing refa og fjallskil í Dalasýslu, 6. ágúst 1912.

Við 18. gr. Í stað orðanna: »greiða með 5 aurum«, komi: »greiða 1 alin fyrir hverjar 10 kindur« og að niðurlagi greinarinnar: »ef eigi næst á annan hátt«, falli burt.

Við 49. gr. Í stað orðanna: »1 kr. og 50 aur.«, komi: »3 álnir á landsvísu«.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og lög nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 3. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

55
12. maí

Auglýsing.

Í sambandi við auglýsingu frá 30. f. m. auglýsist hjermeð, að þeir, sem æskja að flytja íslenskar afurðir, sem framleidddar eru á yfirstandandi ári, til útlanda, verða fyrst um sinn, þangað til öðru vísi verður ákveðið, að sækja um leyfi til útflutnings til stjórnarráðsins. Þess skal jafnframt getið, að vænta má, að útflutningsleyfi verði þegar veitt á öllum íslenskum afurðum, að undanskildum hestum, meðalalýsi og hrognum.

Í stjórnarráði Íslands, 12. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Samþykt

56
13. maí

um síldveiði með herpinót á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinna lína, er hugsast dregnar frá Drangaskörðum í Ljetthöfða, þaðan í Skriflusker og frá Skrifluskeri í Veturmáfasker, er öllum óheimil síldarveiði, með herpinót, á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktarsvæðinu, er sjerstaklega falin umsjón með að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heimili í.

3. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en hinn helmingur í sveitarsjóð þess hrepps, er liggur að því svæði er brot er framið á. Sje uppljóstrarmaður fenginn til eftirlits gegn sjerstakri borgun samsamkvæmt 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 85, 14. nóvember 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

57
13. maí

Samþykt

um meðferð hænsna í kauptúninu Vík í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 10. september mega hænsni ekki ganga óhindruð eða gæslulaus í Víkur-kauptúni, svo að þau geti farið í matjurtagarða, tún eða afgirtar lóðir, sem ræktaðar eru sem tún eða gróðrarstöðvar, og skulu því eigendur þeirra og aðrir þeir, er hænsn hafa, skyldir til að hafa þau í vel heldum girðingum, eða annari öruggri vörslu þenna tíma árs.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum fyrstu greinar varða sektum, frá 2—25 krónum, er renna í sveitarsjóð Hvammshrepps. Auk þess greiði sá, er brotlegur hefir orðið, skaðabætur fyrir skemdir, er hænsn hafa valdið, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er lögreglustjóri útnefnir.

3. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 14. maí 1919.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 18, 20. október 1905, staðfestist hjermeð.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 13. maí 1919

Sigurður Jónsson.

Björn Þórðarson
settur.

58
13. maí

Samþykt

um síldarveiði með herpinótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinnar línu, er hugsast dregin frá Bjarnarnesstöngum í Hnappasker í Hrútafirði, er öllum óheimil síldarveiði með herpinót á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktarsvæðinu er sjerstaklega falin umsjón með, að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heima í.

3. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstarmanns, en helmingur í sveitarsjóð, þar sem uppljóstarmaður dvelur, er hann verður áskynja um brotið. Sje uppljóstarmaður fenginn til eftirlits gegn sjerstakri borgun samkvæmt 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 85, 14. nóvember 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannssyn.

59
16. maí

Auglýsing

Í framhaldi af auglýsingu frá 12. þ. m., auglýsist hjermeð, að þess má vænta, að útflutningsleyfi verði einnig veitt á meðalalýsi.

Í stjórnarráði Íslands, 16. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

60
19. maí

Reglugjörð

um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 20. júlí 1917.

Við I kafla, 1. málsgr. imf.
Í stað »15« komi 20.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 19. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

61
20. maí

Reglugjörð

um breyting á fjárskilareglugjörð 22. júlí 1916 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

Aftan við 47. gr. bætist:
Á fjallskilafundum ár hvert skal kjósa 2 dilkstjóra fyrir hvert dilkfjelag.
Dilkstjórar þessir hafa á hendi nákvæmt eftirlit með allri fjársölu og viðskiftum manna í rjettunum.

Öllum þeim, sem versla með sauðfje í rjettum á einhvern hátt er skylt að gera það undir eftirliti hlutaðeigandi dilkstjóra. **61** 20. maí

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

62 20. maí

um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o. fl vestan Hvítár og Ölfusár 6. ágúst 1909.

1. Í stað 13. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fjenað sinn til afrjettar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráfærðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fjenað heima, ef þeir hafa sauðheldu girðingu fyrir hann á sínu landi. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undanþágu frá þessari rekstrarskyldu.

2. 18. gr. breytist þannig:

Í stað orðanna: »Í Grímsness- og Laugardalshreppum, þriðjudaginn« — komi: Afrjettarfje Grímsness og Laugardalshrepps skal rjetta á Laugarvatnsvöllum þriðjudaginn í 22. viku sumars, og Grímsnessfje í Klausturhólarjett miðvikudaginn í sömu viku; »rjetta skal«.

3. 31. gr. breytist þannig:

Á eftir orðinu: »Þingvalla«, komi: Laugardals — Grímsness — og. Orðin: »En úr Grímsness — í byggð« falli burtu.

4. Í stað 45. gr. komi ný grein svohljóðandi:

»Brot móti reglugjörð þessari varða sektum 10—200 kr. Uppljóstrarmenn eiga heimtingu á $^1/_4$ sektar, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brotið er framið í. Ef brotið er framið í afrjetti skal líta svo á sem það sje í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrjetti.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 20. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

63
22. maí

Reglugjörð

um notkun og meðferð rafmagns við rafveitu Suðurfjarðahrepps í Bíldudal.

1. gr.

Rafveitan í Bíldudal selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem leiðslukerfi hennar nær yfir, að svo miklu leyti sem orka stöðvarinnar nægir, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Rafmagnsvjelinni sje haldið í gangi alt árið ekki skemur en frá kl. 5 til kl. 23 frá 1. maí til 15. ágúst og frá kl. 6 til kl. 24 frá 15. ágúst til 1. maí. Breyting á þessu ákvæði getur hreppsnefndin gert, eftir tillögu rafveitunefndar, þó skal vjelin ekki vera skemur í gangi en 18 stundir hvern sólarhring.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má að eins stöðva þær eða taka af strauminn, að brýna nauðsyn beri til, sökum aðgjörða eða annarara tálmana, er ekki verður hjá komist og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum á þræðina svo fljótt sem unt er.

Breytingar, aðgjörðir og viðtengingar á nýjum línum, skulu að svo miklu leyti sem unt er, framkvæmdar þannig að ekki valdi truflun á góðum rekstri rafveitunnar. Komi það fyrir að rafvjelin sje stöðvuð sökum aðgjörða eða af öðrum ástæðum, sem ekki verður hjá komist, lengur en 2 sólarhringa í senn, á tímabilinu frá $^{1}/_{8}$. til $^{30}/_{4}$. skal draga frá $^{1}/_{365}$. af árgjaldi fyrir hvern sólarhring, sem framyfir er, en á tímabilinu frá $^{1}/_{5}$. til $^{31}/_{7}$. skal draga frá $^{1}/_{500}$. af árgjaldinu hjá þeim notendum sem nota rafmagn til annars en ljósa, en ekkert hjá öðrum notendum, að öðru leyti ber stöðin gagnvart rafmagnsnotendum enga ábyrgð á lokun sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum (vis major), en skemdir verða bættar svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver sem óskar að fá innleiðslu eða breyting á eldri leiðslu, skal senda formanni rafveitunefndar skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um hve mikið rafmagn hann vill fá og til hvaða notkunar og öðrum nauðsynlegum upplýsingum; formaður leitar álits stöðvarstjóra og leggur síðan umsóknina með athugasemdum sínum fyrir rafveitunefndina, sem ákveður hvort innleiðslan skuli leyfð eða ekki. Formaður rafveitunefndar tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar og skal sú tillaga vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að umsóknin kom formanni í hendur. Áður en byrjað er á innleiðslunni skal hlutaðeigandi umsækjandi með undirskrift sinni á eitt eintak þessarar reglugjörðar skuldbinda sig til þess að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gjörir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi fyrir að minsta kosti eitt misseri; hafi ekki verið sagt upp fyrir 1. júní eða 1. desember, skoðast pöntun gildandi fyrir næsta misseri frá 1. júlí og 1. janúar að telja.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

4. gr.

Afálmur leggur rafveitan á sinn kostnað sje ekki lengra en 40 metrar frá aðalálmum að húsinu og að öryggjum, sje vegalengdin meiri kostar notandi það, sem framyfir er, en rafveitan lætur framkvæma verkið; ef sjerstakir örðugleikar eru á leiðslunni getur rafveitan krafist endurgjalds á þeim kostnaði, er þeir orsaka, en þó skal hún gera hlutaðeigandi umsækjanda aðvart um það fyrirfram. Rafveitunefnd ákveður hverjir rafmagnsnotendur skuli hafa mæla eða takmarkara og skal rafveitan kosta þá fyrir hæfilega leigu. Þeir notendur, sem þess óska, geta fengið takmarkarana eða mælana keypta. Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndarinnar.

5. gr.

Innanhúsleiðslur, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv. skal setja upp á kostnað umsækjanda af löggiltum rafleiðslumanni. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin í samráði við rafveitunefnd hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, sem rafveitunni tilheyrir innan húss eða utan.

6. gr.

Nú hefir verið lokið við innleiðslu eða breyting á eldri innleiðslu eða ný áhöld sett í samband við hana og má þá ekki taka innleiðsluna eða áhöldin til afnota fyr en stöðvarstjóri eða löggiltur rafleiðslumaður, annar en sá sem verkið vann, hefir vottað að hún sje fullnægjandi. Álitist innleiðslan eða áhöldin ófullnægjandi skal hlutaðeigandi umsækjandi láta laga það, er ábótavant er, svo að fullnægjandi sje.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr rafveitunni, brjóta innsigli hennar nje aðhafast nokkuð það, sem valdið geti slysum eða skemdum á rafveitutaugum eða öðrum rafveitutækjum, sem notuð eru í sambandi við rafveituna. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið að þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum.

8. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber eftir mætti að sjá um að innleiðsla hans ætíð sje í góðu lagi. Komi ólag á rafveitutæki eða rafveituleiðsluna í húsi, þannig að skemdum (eða hættu) geti valdið á eignum rafveitunnar t. d., bráðni öryggi eða bilun sjáist á einangrun á á leiðslunum, þá skal húsráðandi tafarlaust, tjá það rafveitunefndinni. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafveitan utanhúss. Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Þar sem rafmagn er notað til suðu eða hitunar, ber að gæta þess að áhöldin sjeu þannig sett að engin eldhætta stafi af þeim.

9. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna lampa og áhöld, sem eftir áliti hennar eru talin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri. Hreppsnefndin áskilur rafveitunni einkasölu á rafveitu lömpum og öðrum rafveituáhöldum sem sett verða í samband við rafveituna.

63
22. maí

10. gr.

Stöðvarstjóri og umboðsmaður rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar að rafleiðslunni innan húss og utan til að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

11. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær sem hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, skal þá stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

12. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er rafveitunefnd heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má skjóta til stjórnarráðsins.

13. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi þriggja manna nefnd (rafveitunefnd), sem hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn, gengur einn nefndarmaður síðan úr nefndinni árlega, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og er kosið í þeirra stað. Nefndin kýs sjálf mann úr sínum flokki og ræður stöðvarstjóra og fjehirði rafveitunnar í samráði við hreppsnefndina. Stöðvarstjóri á heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett, nema hann sje í nefndinni sjálfur.

Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirskipunum rafveitunefndar.

Rafveitunefndin gefur, eftir hver árslok, hreppsnefndinni skýrslu um störf rafveitunnar um leið og ársreikningur er afhentur henni.

14. gr.

Hreppsnefndin semur í samráði við rafveitunefnd gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

15. gr.

Reglugjörð þessari svo og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

16. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum nema þyngri hegning liggi við og skal farið með mál út af þeim, sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í sveitarsjóð Suðurfjarðarhrepps.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

64
22. maí

Gjaldskrá

fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps.

1. gr.

Verð á rafmagni er um árið:

Fyrir	1	hektowatt	kr. 45,00
—	2	—	— 75,00
—	3	—	— 95,00
—	4	—	— 115,00
—	5	—	— 135,00

og svo krónur 15,00 fyrir hvert hektowatt úr því.

Fyrir rafmagn upp að einu hektowatti sje gjaldið hlutfallslega hið sama og fyrir eitt hektowatt, en síðan sje gjaldið fyrir hluta úr hektowatti miðað við næsta hektowatt á undan, þó þannig, að gjaldið fyrir brot úr hektowatti verði aldrei hærra en næsta hektowatt á eftir.

Gjaldið er reiknað sjer fyrir hvern straumtakmarkara og sjer fyrir hvert hús, en þó jafnan sjer fyrir hvern notanda sem hefir eldstó eða »dúk og disk«, hvort sem straumtakmarkari er í húsinu eða ekki.

Þegar rafmagnið er notað eingöngu til ljósa og enginn straumtakmarkari eða mælir hafður, er verðið miðað við lampafjölda og ljósmagn hjá hverjum notanda.

Eitt kertaljós jafngildir einu watti. Verði nokkuð selt eftir mæli, verður gjaldið ákveðið með samningi við hvern notanda.

Rafmagn til ljósa í kirkjunni er selt eftir sjerstökum samningi. Þegar einstakir menn eða fjelög fá rafmagn á öðrum tíma en vjelarnar annars eiga að starfa, er verðið auk gjalds til stöðvarstjóra kr. 1,50 um klukkustundina og þó minst kr. 3,00.

Verðlag það sem að ofan er sett, er hreppsnefnd í samráði við rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka um alt að 10 %.

2. gr.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

Rafmagnsgjöldin greiðast tvisvar á ári, hálft árgjald í einu, 15. mars og 15. sept. og jafnan fult misserisgjald.

Hafi gjaldið ekki verið greitt 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflega tilkynningu til hans eða húseiganda.

Húseigandi ber ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Taka má gjaldið lögtaki.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

65
26. maí

Samþykt

um mótak o. fl. fyrir Innri-Akraneshrepp.

1. gr.

Hver sá, er mó tekur upp á samþyktarsvæðinu, skal gæta þess vandlega að nýta vel mólandið, hafa vatnsbakka, þar sem þeirra er þörf, ekki þykkari en þörf frekast krefur og ná mónum úr þeim svo sem kostur er.

2. gr.

Svo skal ávalt frá mógröfum gengið, að áður en upp er tekið, sje grasrótin rist ofan af grafarstæðinu, svo sem venja er til við þaksljettur. Síðan er lokið er móupptektinni skal fella eða stinga niður vatnsbakka og jafna öllum ruðning, er ofan á mólaginu hefir verið, til í gröfinni svo sljett sje og þekja hana síðan með grasrótinni. Skal slíkum viðskilnaði á mógröfunum vera að fullu lokið innan þriggja vikna frá því er mór var upptekinn.

3. gr.

Veita skal vatni frá mógröfunum svo sem kostur er og yfir höfuð leggja stund á að þurka mólandið og mógrafirnar með þeim frágangi sem á þeim er samkv. annari grein, svo það land geti sem fyrst orðið arðberandi sem slægju eða beitiland.

4. gr.

Ekki má taka mó upp í bökkum við sjó þar sem það flýtir fyrir afbroti landsins, nema jafnframt sje girt fyrir afbrotið.

5. gr.

Allur mór sem upp er tekinn á samþyktarsvæðinu skal vera kominn í hlaða á þurkvellinum fyrir veturnætur ár hvert, sje hann þá ekki heimfluttur.

6. gr.

Hreppsnefndin hefir eftirlit með því að samþyktinni sje hlýtt og greiðist kostnaður við eftirlitið úr hreppssjóði.

7. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 5—50 kr. og renna sektirnar í hreppsjóð.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 23, 22. október 1912 til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 26. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Gjafasjóð Sigurðar Sigurðssonar barna- **66**
kennara frá Mýrarhúsum«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála- 26. maí.
ráðherra Íslands 26. maí 1919. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Gjafasjóð Sigurðar Sigurðssonar barnakennara frá Mýrarhúsum."

1. gr.

Sjóður þessi, sem er að upphæð kr. 3396.25, er stofnaður með arfleiðsluskrá barnakennara Sigurðar Sigurðssonar frá Mýrarhúsum í Seltjarnarneshreppi, er andaðist 13. aprílmánaðar 1915, dagsettri 5. júlímánaðar 1897.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins skal lagt í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal standa þar sem óhreifanlegur sjóður, er sje eign barnaskólans á Seltjarnarnesi, og standa undir þriggja manna stjórn, sem sje sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dómkirkjuprestsins í Reykjavík og hreppsnefndaroddvitans í Seltjarnarneshreppi.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið eins og hjer segir:

I. a) 1 % vaxtanna skal leggja árlega við höfuðstólinn.

b) 15 krónum, er skifta skal í þrjá jafna hluta, skal varið til verðlauna við hið árlega vorpróf barnaskólans í Seltjarnarneshreppi handa þrem börnum, er gengið hafa á skólann undanfarinn vetur, sýnt iðni og ástundun við námið, hegðað sjer ágætlega og sýnt það við vorprófið, að þau hafa tekið góðum framförum um veturinn.

Stjórnarnefnd skólans og kennarar ákveða hverjum börnum skuli hlotnast verðlaun þessi í hvert skifti.

II. a) 100 kr. skulu árlega veittar efnilegum unglingi, er verið hefir í barnaskóla Seltjarnarneshrepps í 3 ár að minsta kosti, þar af 1 ár í efstu deild skólans, sýnt iðni og ástundun við nám sitt og hegðað sjer ágætlega, til þess að afla sjer frekari mentunar á kennaraskóla, gagnfræðaskóla eða kvennaskóla. Enginn skal njóta þessa styrks í meira en 2 ár. Stjórnarnefnd sjóðsins úthlutar styrknum. Það, sem kann að vera fram yfir 100 kr. af vöxtunum, þegar þeim hefir verið ráðstafað eins og fyr segir í skipulagsskrá þessari, skal lagt við höfuðstólinn.

b) Þegar vextirnir eru orðnir 200 krónur, skal veita tveimur unglingum styrk á þann hátt og með þeim skilyrðum, er sagt er í II. a) hjer að framan, og þegar vextirnir eru orðnir 300 krónur, skal veita þremur unglingum styrk til frekari mentunar á sama hátt og með sömu skilyrðum.

66
26. maí

c) Því sem fram yfir er 300 krónur, ráðstafar stjórnarnefnd sjóðsins í þarfir barnaskóla á Seltjarnarnesi eða barnafræðslu þar, eftir því sem hún telur heppilegt vera.

4. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins gefur árlega sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu skýrslu um hag sjóðsins.

Reykjavík, 22. janúar 1919.

Magnús Jónsson,
sýslumaður.

Jóhann Þorkelsson
(dómkirkjuprestur).

Guðmundur Ólafs
(oddviti).

67
27. maí

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykt um breyting á lögreglusamþykt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykt um breyting á

lögreglusamþykt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,

14. desember 1908, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

»Síðasta málsgrein 7. gr. samþyktarinnar falli burtu, en í stað hennar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sést drukkinn á almannafæri, og hver, sem verður sekur um það, skal sæta sektum, er ekki séu lægri en 50 kr.«

Ákvæði þetta öðlast gildi 1. júní 1919.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 27. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Björn Þórðarson
settur.

Reikningur 68

yfir tekjur og gjöld Kirkjujarðasjóðs árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. á.:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	215000 00		
	b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	33416 94		
	c. Útistandandi í lánum	—	544664 57		
	d. Á vöxtum í Landsbankanum	—	223348 79		
				kr.	815430 30
2.	Andvirði seldra kirkjujarða			—	75800 00
3.	Peninga- og verðbrjefaeign frá Miklaholtsprestakalli			—	7770 61
4.	Ágóði af útdregnum bankavaxtabrjefum			—	445 00
5.	Afborganir af lánum			—	18976 57
6.	Vextir:				
	a. af lánum	kr.	21874 52		
	b. af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1580 63		
	c. af bankavaxtabrjefum	—	10237 50		
	d. af bankainnieign	—	892 16		
				kr.	34584 81
7.	Til jafnaðar móti gjaldlið 8 a. 2			—	45000 00
				kr.	998007 29

Gjöld:

1.	Vextir af andvirði seldra kirkjujarða tilheyrandi prestaköllum undir eldri launa-lögunum			kr.	8344 15
2.	Keypt bankavaxtabrjef 45.000 á 95 %			—	42750 00
3.	Keyptir vextir af brjefunum			—	100 51
4.	Gjöld sjóðsins			—	650 00
5.	Til jafnaðar móti tekjulið 5			—	18976 57
6.	Vextir til Prestlaunasjóðs			—	24511 42
7.	Greitt í verðlaunasjóð vinnuhjúa í Gnúpverjahreppi			—	20 00
8.	Eign við árslok:				
	a. 1. Bankavaxtabrjef f. á. kr. 215 000				
	2. Bankavaxtabrjef keypt á árinu — 45 000				
	3. Bankav.brj. frá Miklah. prestak. — 7 300				
			267 300 00		
	b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	34 997 57		
	c. Útistandandi í lánum	—	587 763 00		
	d. Á vöxtum í Landsbankanum	—	12 594 07		
				—	902654 64
				kr.	998007 29

Dóms- og kirkjumáladeildin, 28. febr. 1919.

Björn Þórðarson,
settur.

69

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkillii-barnaskólasjóðs árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B. bls. 128):				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	74387 58		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	2000 00		
	c. Bankainnstæða	—	1431 68		
				kr.	77819 26
2.	Vextir:				
	a. af veðskuldabrjefum	kr.	3031 00		
	b. af hlutabrjefum í Íslandsbanka	—	200 00		
	c. af bankainnstæðu	—	58 45		
				—	3289 45
				Kr.	81108 00

Gjöld:

1.	Meðlag með börnum:				
	a. Geir Jónssyni	kr.	160 00		
	b. Helgu Halldóru Helgadóttur	—	160 00		
	c. Hirti Jónssyni	—	170 00		
	d. Guðrúnu Elliðadóttur	—	150 00		
	e. Ólafi Ásmundssyni	—	140 00		
	f. Tómasi Klog	—	140 00		
				kr.	920 00
2.	Greitt umfram nafnverð fyrir 1000 kr. hlutabrjef í Íslandsbanka			—	200 00
3.	Eign til næsta árs:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	76251 48		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3000 00		
	c. Bankainnstæða	—	737 23		
				—	79988 71
				Kr.	81108 71

Í dóms- og kirkjumáladeildinni, 7. janúar 1919.

Björn Þórðarson,
settur.

Reikningur 70

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Hannesar Árnasonar árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 129):				
	a. Lán Reykjavíkur	kr.	16000 00		
	b. Veðdeildarbrjef	—	7600 00		
	c. Lán gegn fasteignarveði	—	42350 00		
	d. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3965 00		
				kr.	71915 27
2.	Vextir:				
	a. af láni Reykjavíkur	kr.	640 00		
	b. af veðdeildarbrjefum	—	344 25		
	c. af fasteignarveðslánum	—	1776 00		
	d. af hlutabrjefum í Íslandsbanka	—	200 00		
	e. af bankainnstæðu	—	104 37		
				—	3064 62
				Kr.	74979 89

Gjöld:

1.	Styrkur til dr. phil. Sigurðar Nordal			kr.	2000 00
2.	Greitt umfram nafnverð fyrir 1000 kr. hlutabrjef í Íslandsbanka			—	200 00
3.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Lán Reykjavíkur	kr.	15000 00		
	b. Veðdeildarbrjef	—	7600 00		
	c. Lán gegn fasteignarveði	—	44850 00		
	d. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3000 00		
	e. Innstæða í bönkum	—	2329 89		
				—	72779 89
				Kr.	74979 89

Í dóms- og kirkjumáladeildinni, 16. janúar 1919.

Björn Þórðarson,
settur.

71

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Herdísar og Ingileifar Benediktsen árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. bls. 130, B. 1918):				
	a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	78690 00		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	1600 00		
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	7407 25		
	d. Veðdeildarbrjef	—	1200 00		
	e. Innstæða í bönkum	—	549 82		
				kr.	89447 07
2.	Vextir:				
	a. Af fasteignarveðslánum	kr.	3281 00		
	b. — hlutabrjefum í Íslandsbanka	—	160 00		
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	350 36		
	d. — veðdeildarbrjefum	—	54 00		
	e. — fje í bönkum	—	58 25		
				—	3904 21
				Kr.	93351 28

Gjöld:

1.	Greitt umfram nafnverð fyrir 800 kr. hlutabrjef í Íslandsbanka			kr.	160 00
2.	Sjóður í árslok:				
	a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	79790 00		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	2400 00		
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	7757 61		
	d. Veðdeildarbrjef	—	1200 00		
	e. Innstæða í bönkum	—	2043 67		
				—	93191 28
				Kr.	93351 28

Í dóms- og kirkjumáladeildinni, 16. janúar 1919.

Björn Þórðarson,
settur.

Reikningur 72

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1918.

Tekjur:

1.	Eign í árslok 1917 (sbr. Stjórnartíð. bls. , B. 1918)			kr.	34476 28
2.	Vextir á árinu:				
	a. Af bankavaxtabrefum	kr.	616 50		
	b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	854 36		
	c. — innstæðu í Landsbanka	—	106 94		
				—	1577 80
3.	Greiddar eftirsröðvar sálmabókargjalds (10., 11., og 12. útgáfu)			—	670 00
4.	Gjafir og tillög á árinu			—	395 03
5.	Vantalin tillög á síðasta reikningi			—	15 00
6.	Arður af innleystum brjefum			—	30 00
				Kr.	37164 11

Gjöld:

1.	Úthlutað á synódus 1918			kr.	12000 00
2.	Eign í árslok 1918:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	13700 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	2400 00		
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	18416 82		
	d. Innstæða í Landsbanka	—	1381 57		
	e. Hjá reikningshaldara	—	65 72		
				—	35964 11
				Kr.	37164 11

Biskup Íslands, Reykjavík 12. jan. 1919.

Jón Helgason.

1919
73

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar árið 1918.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:					
a. Bankavaxtabrjef	kr.	1500	00		
b. Skuldabrjef	—	1000	00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	3785	59		
d. Innstæða í Landsbanka	—	259	16		
e. Hjá reikningshaldara	—	16	85		
				kr.	6561 60
2. Arður af innleystum bankavaxtabrjefum				—	27 35
3. Vextir á árinu:					
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	67	50		
b. — skuldabrjefi	—	45	00		
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	179	10		
d. — innstæðu í Landsbanka	—	12	96		
				—	304 56
				Kr.	6893 51

Gjöld:

1. Auglýsing í Lögbirtingablaðinu				kr.	9 80
2. Sjóður í árslok 1918:					
a. Bankavaxtabrjef	kr.	1500	00		
b. Skuldabrjef	—	1000	00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	3964	69		
d. Innstæða í Landsbanka	—	402	17		
e. Hjá reikningshaldara	—	16	85		
				—	6883 71
				Kr.	6893 51

Biskup Íslands, Reykjavík 12. jan. 1919.

Jón Helgason

Reikningur 74

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun 1918:				
	a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	15900 00		
	b. Innstæða í sparisjóði	—	473 15		
				kr.	16373 15
2.	Vextir á árinu:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	715 50		
	b. — sparisjóðs innstæðu	—	33 65		
				—	749 15
3.	Vantaldir vextir á f. á. reikningi			—	5 94
4.	Arður af innleystu brjefi			—	25 00
				Kr.	17153 24

Gjöld:

1.	Greitt Hvanneyrarprestakalli			kr.	140 00
2.	Styrkur veittur síra Sigfúsi Jónssyni, Mælifelli			—	400 00
3.	Greitt fyrir auglýsingu í Lögbirtingablaði			—	6 30
4.	Sjóður í árslok 1918:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	15900 00		
	b. Innstæða í sparisjóði	—	706 94		
				—	16606 94
				Kr.	17153 24

Biskup Íslands, Reykjavík 12. jan. 1919.

Jón Helgason.

Reikningur 75

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun 1918:				
	a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	2000 00		
	b. Í sparisjóði	—	59 71		
				kr.	2059 71
2.	Vextir á árinu:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	90 00		
	b. — innstæðu í sparisjóði	—	3 03		
				—	93 03
				Kr.	2152 74

75

Gjöld:

1. Úthlutað á sýnódus 1918			kr.	90 00
2. Sjóður í árslok:				
a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	2000 00		
b. Í sparisjóði	—	62 74		
			—	2062 74
			Kr.	2152 74

Biskup Íslands, Reykjavík 12. jan. 1919.

Jón Helgason.

76

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1918.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun 1918:				
a. Jörðin Ytra-Vallholt	kr.	4000 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	1000 00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	1951 55		
d. Innstæða í sparisjóði		39 99		
			kr.	6991 54
2. Landskuld og leigur Ytra-Vallholts			—	116 00
3. Vextir á árinu:				
a. Vextir af bankavaxtabrjefi	kr.	45 00		
b. Vextir af innistæðu í Söfnunarsjóði	—	92 30		
d. Vextir af innistæðu í sparisjóði	—	1 35		
			—	138 65
4. skuld við reikningshaldara			—	0 30
			Kr.	7246 49

Gjöld:

1. Úthlutað fátækum ekkjum í Hegranesþingi:				
a. Jarðarafgjaldið	kr.	116 00		
b. Af vöxtum legatsins	—	75 00		
			kr.	191 00
2. Eign í árslok 1918:				
a. Jörðin Ytra-Vallholt	kr.	4000 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	1000 00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	2043 85		
d. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	11 46		
			—	7055 49
			Kr.	7246 49

Biskup Íslands, Reykjavík, 12. jan. 1918.

Jón Helgason.

Reikningur 77

yfir tekjur og gjöld Landhelgissjóðs Íslands 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1918 B., bls. 149):		
	Í Landsbankanum	kr.	113232 37
2.	Tillag úr ríkissjóði	—	20000 00
3.	Vextir í Landsbankanum	—	4835 96
		Kr.	138068 33

Gjöld:

Í Landsbankanum		kr.	138068 33
		Kr.	138068 33

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 31. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur 78

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fischers árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. B. 1918, bls. 143):				
	a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 373	kr.	20000 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	4000 00		
	c. Lán gegn fasteignaveði	—	1800 00		
	d. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar	—	13000 00		
	e. Bankainnstæða	—	3367 19		
				kr.	42167 19
2.	Vextir:				
	a. Af innritunarskírteini	kr.	700 00		
	b. Af bankavaxtabrjefum	—	180 00		
	c. Af fasteignaveðslánum	—	81 00		
	d. Af láni Seyðisfjarðarkaupstaðar	—	585 00		
	e. Af bankainnstæðu	—	146 28		
				—	1692 28
				Kr.	43859 47

78 Gjöld:

1.	Styrkur veittur samkvæmt stofnskrá sjóðsins		kr.	1400 00
2.	Borgun fyrir auglýsingar		—	13 30
3.	Sjóður til næsta árs:			
	a. Innritunarskírteini	kr. 20000 00		
	b. Bankavaxtabrjef	— 4000 00		
	c. Lán gegn fasteignaveði	— 1800 00		
	d. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar	— 12500 00		
	e. Bankainnstæða	— 4146 17		
			kr.	42446 17
			Kr.	43859 47

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 29. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

79 **Reikningur**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð 1918 B., bls. 144)	kr.	3337 64
2.	Vextir af bankainnstæðu	—	133 50
		Kr.	3471 14

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
	Í Landsbankanum	kr.	3471 14
		Kr.	3471 14

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 18. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur 80

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í hinu fyrverandi Suðuramti, árið 1918,

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 146):				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	4200 00		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	500 00		
	c. Í Landsbankanum	—	776 74		
				kr.	5476 74
2.	Vextir:				
	a. Af veðskuldabrjefum	kr.	189 00		
	b. — hlutabrjefaeign	—	50 00		
	c. — sparisjóðseign	—	32 62		
				—	271 62
				Kr.	5748 36

Gjöld:

1.	Styrkur veittur			kr.	72 00
2.	Sjóður við árslok:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	4200 00		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	500 00		
	c. Í Landsbankanum	—	976 36		
				—	5676 36
				Kr.	5748 36

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 18. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins IX, árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 141):				
	a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 84	kr.	8600 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	1600 00		
	c. Veðdeildarbrjef	—	500 00		
	d. Í Landsbankanum	—	686 52		
				kr.	11386 52
2.	Vextir:				
	a. Af innritunarskírteini	kr.	301 00		
	b. — veðskuldabrjefum	—	64 00		
	c. — veðdeildarbrjefi	—	22 50		
	d. — bankainnstæðu	—	29 52		
				—	417 02
				Kr.	11803 54

Gjöld:

1.	Heiðursgjafir veittar:				
	a. Jóni Jónssyni, Tröllatungu	kr.	160 00		
	b. Runólfi Halldórssyni, Syðri-Rauðalæk	—	160 00		
				kr.	320 00
2.	Eignir til næsta árs:				
	a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 84	kr.	8600 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	1600 00		
	c. Veðdeildarbrjef	—	500 00		
	d. Í Landsbankanum	—	783 54		
				—	11483 54
				Kr.	11803 54

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 18. janúar 1918.

Oddur Hermannsson.

Reikningur 82

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar, árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 148):				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	5100 00		
	b. Í Landsbankanum	—	146 98		
				kr.	5246 98
2.	Vextir:				
	a. Af veðskuldabrjefuum	kr.	185 75		
	b. — bankainnstæðu	—	13 09		
				—	198 84
				Kr.	5445 82

Gjöld:

	Eign til næsta árs:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	4900 00		
	b. Í Landsbankanam	—	545 82		
				kr.	5445 92
				Kr.	5445 82

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 18. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur 83

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar, árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjóruartíð. 1918 B., bls. 150):				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	6100 00		
	b. Í Landsbankanum	—	1804 64		
				kr.	7904 64
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	274 50		
	b. — bankavaxtainnstæðu	—	81 01		
				—	355 51
				Kr.	8260 15

83

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

a. Bankavaxtabrjef	kr.	6000 00		
b. Í Landsbankanum	—	2260 15		
			kr.	8260 15
			Kr.	8260 15

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

84

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1918.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 149):				
Í Landsbankanum			kr.	1694 37
2. Vextir			—	67 77
			Kr.	1762 14

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:				
Í Landsbankanum			kr.	1762 12
			Kr.	1762 14

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

85

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs hins Áttunda, árið 1918.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1918 B., bls. 142):				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	11000 00		
b. Í Landsbankanum	—	575 25		
			kr.	11575 25
2. Vextir:				
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	495 00		
b. Af bankainnstæðu	—	35 90		
			—	530 90
			Kr.	12106 15

Gjöld: 85

1. Styrkur til trjárækta:				
a. Til Sambands Ungmennafjelaga Íslands	kr.	200 00		
b. Til Halldóru Bjarnadóttur	—	200 00		
			kr.	400 00
2. Sjóður til næsta árs:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	11000 00		
b. Í Landsbankanum	—	706 15		
			—	11706 15
			Kr.	12106 15

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur 86

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga, árið 1918.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1918 B., bls. 147):				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	18500 00		
b. Lán gegn fasteignaveði	—	20000 00		
c. Innstæða í bönkum	—	5166 73		
			kr.	43666 73
2. Vextir:				
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	832 50		
b. Af fasteignaveðlánum	—	945 00		
c. Af sparisjóðsinnstæðu	—	210 54		
			—	1988 04
			Kr.	45654 77

Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga			kr.	1800 00
2. Eign til næsta árs:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	18000 00		
b. Lán gegn fasteignaveði	—	20000 00		
c. Innstæða í bönkum	—	5854 77		
			—	43854 77
			Kr.	45654 77

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

87

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur, árið 1918.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 145):					
a. Bankavaxtabrjef	kr.	2500	00		
b. Lán gegn fasteignaveði	—	2000	00		
c. Í Landsbankanum	—	1896	39		
				kr.	6396 39
2. Vextir:					
a. Af bankavaxtabrefum	kr.	112	50		
b. — fasteignarlánum	—	85	00		
c. — bankainnstæðu	—	80	31		
				—	277 81
				Kr.	6674 20

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:					
a. Bankavaxtabrjef	kr.	2500	00		
b. Lán gegn fasteignaveði	—	2000	00		
c. Í Landsbankanum	—	2174	20		
				kr.	6674 20
				Kr.	6674 20

Atvinnu- og samgöngumálsdeild stjórnarráðsins, 21. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

88

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes, árið 1918.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1918 B., bls. 144):			
Bankavaxtabrjef	kr.	11400	00
2. Vextir af bankavaxtabrjefum	—	513	00
	Kr.	11913	00

Gjöld: 88

1.	Borgað Búnaðarfjelagi Íslands		kr.	513 00
2.	Sjóður í árslok:			
	Bankavaxtabrjef		—	11400 00
			Kr.	11913 00

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur 89

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1918 B., bls. 151):				
	a. Lán Seyðisfjarðar	kr.	8000 00		
	b. Lán gegn fasteign og ábyrgð sýslufjelaga	—	23125 00		
	c. Bankavavtabrjef	—	3100 00		
	d. Innstæða í bönkum	—	7279 43		
				kr.	41504 43
2.	Vextir:				
	a. Af láni Seyðisfjarðar	kr.	360 00		
	b. — öðrum lánum	—	1025 13		
	c. — bankavaxtabrejefum	—	139 50		
	d. — bankainnstæðu	—	114 43		
				—	1639 06
				Kr.	43143 49

Gjöld:

1.	Styrkur til Búnaðarsambands Austurlands			kr.	1200 00
2.	Eign til næsta árs:				
	a. Lán Seyðisfjarðar	kr.	7200 00		
	b. Lán gegn fasteign og ábyrgð sýslufjelaga	—	29450 00		
	c. Bankavaxtabrjef	—	2600 00		
	d. Innstæða í bönkum	—	2693 49		
				—	41943 49
				Kr.	43143 49

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30. janúar 1919.

Oddur Hermannsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands, árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári			kr.	794794 17
2.	Bætt við innstæðu vaxtaeiganda:				
	a. Innlög á árinu	kr.	22938 75		
	b. Vextir lagðir við höfuðstól	—	29351 54		
				kr.	52290 29
3.	Vextir af útlánum fyrir 1918			—	40037 91
4.	Borgun fyrir viðskiftabætur, dráttarvextir o. fl.			—	394 72
5.	Vextir fyrir 1918 geymdir til útborgunar			—	6685 24
6.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar:				
	a. Frá fyrri árum	kr.	145 81		
	b. Fallinn í gjalddaga á árinu	—	522 99		
				—	668 80
				Kr.	894871 13
	Á árinu var innborgað af lánum	kr.	5080 73		
	— — voru útborguð veitt lán	—	78000 00		

Gjöld:

1.	Vextir vaxtaeiganda fyrir 1918:				
	a. Ársvextir 4.76 af hundraði af höfuðstól	kr.	35477 75		
	b. Dagvextir 4.23 af hundraði um áaið	—	559 03		
	(Dagvextir til varasjóðs voru kr. 68.53).				
2.	Kostnaður			kr.	1476 30
3.	Vextir fyrir 1917 er biðu útborgunar			—	6162 47
4.	Höfuðstóll:				
	a. Er beið útborgunar frá fyrra ári	kr.	179 85		
	b. Er féll til útborgunar á árinu	—	3196 65		
				—	3376 50
5.	Sjóður við árslok:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	840683 54		
	b. Skuldabrjef sveitarfjelaga	—	5500 00		
	c. Vextir fyrir 1918 útistandandi	—	17 76		
	d. Innstæða í sparisjóði í Landsbankanum	—	1566 77		
	e. Í sjóði hjá fjehirði	—	51 01		
				—	847819 08
				Kr.	894871 13

Söfnunarsjóður Íslands, Reykjavík 17. febrúar 1919.

Eiríkur Briem. Kl. Jónsson. Einar Gunnarsson.

Yfirlit 91

yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1918.

Eignir:

1.	Veðskuldabrjef		kr.	840683 54
2.	Skuldabrjef sveitarfjelaga		—	5500 00
3.	Vextir fyrir 1918 ógreiddir		—	17 75
4.	Innstæða í sparisjóði í Landsbankanum		—	1566 77
5.	Í sjóði hjá fjehirði		—	51 01
			Kr.	847819 08

Skuldir:

1.	Innstæða vaxtaeigenda:			
	a. Í aðaldeild	kr. 754596 00		
	(Þaraf í erfingjarentudeild kr. 6388.80).			
	b. Í útborgunardeild	— 36839 44		
	c. Í bústofnsdeild	— 5710 22		
	d. Í ellistyrksdeild	— 476 53		
			kr.	797622 79
2.	Vextir fyrir 1918 geymdir til útborgunar		—	6685 24
3.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar		—	668 80
4.	Varasjóður í árslok 1918		—	42842 25
			Kr.	847819 08

Söfnunarsjóður Íslands, Reykjavík 17. febrúar 1919.

Eiríkur Briem. Kl. Jónsson. Einar Gunnarsson.

Reikningur 92

yfir tekjur og gjöld »Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar« árið 1918.

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar frá fyrra ári:			
	Hlutabrjef í Íslandsbanka	kr. 10000 00		
	Peningar í innlánsbók í Íslandsbanka	— 1645 08		
			kr.	11645 08
2.	Vextir:			
	af hlutabrjefum í Íslandsbanka	kr. 1000 00		
	af innlögum í Íslandsbanka	— 71 10		
			—	1071 10
			Kr.	12716 18

93

Gjöld:

1. Styrkur veittur:				
Árna Ó. Arnasyni	kr.	125 00		
Árna Árnasyni	—	125 00		
Gunnari Þorsteinssyni	—	125 00		
Guðsveini Jónssyni	—	150 00		
Halldóri Jónssyni	—	275 00		
Jóhönnu Gísladóttur	—	150 00		
			kr.	950 00
2. Eftirstöðvar næsta árs:				
Hlutabrjef í Íslansbanka	kr.	10000 00		
Peningar í innlánsbók í Íslandsbanka	—	1766 18		
			—	11766 18
			kr.	12716 18

Reykjavík, 18. janúar 1919.

Jón Helgason. *Sigurjón Jónsson.* *Sig. Magnússon.*

94

Reikningur

Landspítalasjóðs Íslands 1918.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.	42787 80		
2. Í Minningarsjóði Landsspítalans	—	4330 51		
			kr.	47118 31
3. Samskot, gjafir og áheit			—	6880 26
4. Samkvæmt endurskoðum reikningi fyrir hátíðahöld $^{19}/_{6}$ 1918			—	6230 42
5. Ýmsar tekjur			—	56 12
6. Grætt á bankavaxtabrjefakaupum (sbr. gjaldlið 2)			—	500 00
7. Vextir			—	2183 29
8. Til jafnaðar við gjaldlið 2 og 3			—	13500 00
			Kr.	76468 40

Gjöld: 94

1	Reikningur Vísis frá 18/6 1918			kr.	8 00
2.	Keypt bankavaxtabrjef A. A. 82 og 83			—	9500 00
3.	Keypt innlánsskírteini í Ísl. banka.			—	4000 00
4.	Afhent frk. Ing. H. Bjarnason Minningarsjóð Landspítalans			—	4330 51
5.	Eign við árslok:				
	Bankavaxtabrjef Landsbankans	kr.	20000 00		
	Innlánsskírteini Ísl. banka	—	35000 00		
	Í innlánsbók Ísl. banka nr. 9010	—	5 62		
	Í innlánsbók Ísl. banka nr. 7991	—	3624 21		
	Hjá Þ. Jónassen	—	0 06		
				—	58629 89
				Kr.	76468 70

Reykjavík í janúar 1919.

Þórunn Jónassen.

Reikningurinn er rjettur
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Guðrún Árnason.

Minningarsjóður 95

Landsspítalasjóðs Íslands, árið 1918.

Tekjur:

1.	Móttekið hjá frú Þ. Jónassen	kr.	4330 51
2.	Minningargjafir úr Reykjavík	—	7401 75
3.	—— safnað af ýmsum prestskonum og fleirum	—	930 80
4.	Vextir 1918	—	126 04
5.	Gjöf	—	4 92
6.	Til jafnaðar við gjaldalið 2 og 3	—	9000 00
		kr.	21794 02

95

Gjöld:

1.	Borgaðir reikningar	kr.	274 51
2.	Keypt innlánsskírteini Íslaudsbanka	—	6000 00
3.	— —— Landsbankans	—	3000 00
	Eign við árslok:		
	Í innlánsskírteinum	—	12000 00
	Í bankabók Nr. 8939	—	516 99
	Í sjóði hjá formanni	—	2 46
		Kr.	21794 02

Reykjavík, 14. janúar 1919.

Ingbjörg H. Bjarnason.

Reikningurinn er rjettur.
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir. Guðrún Árnason.

96

Reikningur

Minningarsjóðs Sigríðar Thoroddsen, árið 1918.

Tekjur:

	Eign við árs byrjun:				
1.	Stofnfje:				
	a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	3400 00		
	b. Í innlánsbók Íslandsbanka, Nr. 3612	—	171 79		
				kr.	3571 79
2.	Til úthlutunar:				
	a. Í innlánsbók Íslaudsbanka, Nr. 3372			—	147 52
	b. Grætt á útdregnu bankavaxtabrjefi			—	5 00
	Vextir 1918:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	153 00		
	b. Í innlánsbókum	—	9 66		
				—	162 66
				Kr.	3886 97

Gjöld: **96**

1.—2. Auglýsingar			kr.		8 00
Úthlutað:					
3. Sigþrúður Steinberg	kr.	20 00			
4. Gíslína Gunnlaugsdóttir	—	20 00			
5. Dorothea G. Helgadóttir	—	20 00			
6. Lúsía Kristjánsdóttir	—	20 00			
7. Ingibjörg Jónsdóttir	—	20 00			
8. Margrjet Guðmundsdóttir	—	20 00			
9. Guðlína Jóhannsdóttir	—	20 00			
			—		140 00
Eign við árslok:					
1. Stofnfje:					
a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	3400 00			
b. Í innlánsbók Íslandsbanka, Nr. 3612	—	220 60			
			—		3620 60
2. Til úthlutunar:					
Í innlánsbók Íslandsbanka, Nr. 3272			—		118 37
			Kr.		3886 97

Reykjavík í janúar 1919.

Þórunn Jónassen.

Reikningurinn er rjettur.
Susie Briem. Kristín Sigurðardóttir.

Reikningur **97**

um tekjur og gjöld Framfarasjóðs Einars Ásmundssonar, árið 1918.

Tekjur:

1. Innstæða frá f. á.	kr.		1000 00
2. Vextir, greiddir á árinu	—		46 13
	Kr.		1046 13

97

Gjöld:

1. Innstæða 31. desember í aðaldeild Söfnunarsjóðsins, 373	kr.		1046 13
	Kr.		1046 13

Framfarafjelag Grýtubakkahrepps, Grenivík 13. janúar 1919.

Árni Jóhannesson,
p. t. formaður.

98

Efnahagsreikningur

spítalasjóðsins »Vinaminning«, hinn 31. desember, árið 1918.

Tekjur:

1. Inneign við Sparisjóð Árnessýslu 1. janúar 1917.....	kr.	1183	16		
2. Gjafir til minningar um látna ættingja og vini	—	468	75		
3. Sparisjóðsvextir 1918.....	—	68	19		

Gjöld:

1. Lagt inn í Sparisjóð Árnessýslu	kr.	»	»	kr.	449 35
2. Sparisjóðsvextir lagðir við innlögin	—	»	»	—	68 19
3. 600 minningarspjöld og brjefumslag	—	»	»	—	19 40
4. Til jafnaðar móti tekjulið 1.....	—	»	»	—	1183 16
	Kr.	1720	10	Kr.	1720 10

Eign:

Inneign við Sparisjóð Árnessýslu	—		1700 70

Eyrarbakka, 31. desember 1918.

Gísli Pjetursson. Gísli Skúlason. P. Nielsen.

Efnahagsreikningur

99

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, þann 31. desember 1918.

Aktiva:

1.	Ýms áhöld, sem sje: skrifborð, peningaskápur, skjalaskápur, stólar, sjókort o. fl.		kr.	1073 61
2.	Útistandandi iðgjöld		—	846 63
3.	Af sjereign hinna vátrygðu skipa er innistandandi hjá vátryggingarfjelaginu Mannheim		—	21019 30
4.	Í sjóði 31. desember 1918:			
	a. Innstæða í Landsbankanum	kr. 119868 56		
	b. Peningar í vörslum aðalskrifstofunnar	— 413 09		
			—	120281 65
5.	Ofmikið áætlað í fyrra árs reikningi fyrir óbætt slys		—	12215 97
			Kr.	155437 16

Passiva:

1.	Inneign vátryggingarfjelagsins »Mannheim«		kr.	47790 96
2.	— umboðsmanns Samábyrgðarinnar		—	3218 48
3.	Ætlað fyrir áfallin en ekki fullbætt slys á reikningsárinu		—	26700 00
4.	Varasjóður:			
	a. Innstæða í reikningum skipanna		—	45885 86
	b. Endurgreitt tap varasjóðs frá f. á.		—	24614 64
	c. Sjereign og vextir af endurgreiðslu m. m. á reikningsárinu, sem orðin er fullkomin eign varasjóðs	kr. 2129 40		
	d. Þessa árs vextir	— 4146 83		
			—	6276 23
5.	Tekjuafgangur í árslok		—	950 99
			Kr.	155437 16

Reykjavík, 15. mars 1919.

Jón Gunnarsson.

100

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum frá 1. jan. 1918 til 31. desbr. sama ár.

Tekjur:

1.	Frá f. á. áætlað fyrir ekki fullbætt slys	kr.	65725 00
2.	Iðgjald og inngöngueyrir skipa	—	214705 74
3.	— fyrir afla, veiðarfæri og annan útbúnað	—	3656 25
4.	Bankavextir og aðrir vextir	—	4146 83
5.	Frá vátryggingarfjelaginu »Mannheim« upp í skaðabætur og ristorno	—	64550 84
6.	Frá umboðsmönnum Samábyrgðarinnar, innheimtulaun af endurgreidd um iðgjöldum og sjereignum	—	97 56
7.	Oflágt tilfærð iðgjöld í f. á. reikningi, sbr. athugasemd endurskoðanda	—	17 00
		Kr.	352899 22

Gjöld:

1.	Laun framkvæmdarstjóra og tveggja gæslustjóra	kr.	5500 00
2.	Dýrtíðaruppbót til framkvæmdarstjóra og gæslustjóranna	—	1700 00
3.	Innheimtulaun og ómakslaun umboðsmanna Samábyrgðarinnar	—	5500 08
4.	Goldið upp í endurtryggingargjald til vátryggingarfjelagsins »Mannheim«	—	75107 19
5.	Óendurgoldið tryggingargjald til sama fjelags	—	47790 96
6.	Greiddar skaðabætur og ristorno á reikningsárinu	—	149122 83
7.	Prentun eyðublaða, auglýsinga o. fl.	—	424 70
8.	Símtól, símskeyti og burðargjald	—	446 87
9.	Skrifstofukostnaður (þar í fólgin laun og dýrtíðaruppót aðstoðarmanna og endurskoðanda, húsaleiga, ljós, hiti og ræsting)	—	5053 13
10.	Áætlað fyrir áfallin en ekki fullbætt slys	—	26700 00
11.	Sjereignahækkun á reikningsárinu	—	9903 53
12.	Ýms áhöld o. fl.	—	42 55
13.	Mismunur á óvissum tekjum og gjöldum	—	11 75
14.	Ferðakostnaður	—	30 00
15.	Til varasjóðs, tap hans frá fyrra ári	—	24614 64
16.	Tekjuafgangur	—	950 99
		Kr.	352899 22

Reykjavík, 15. mars 1919.

Jón Gunnarsson.

Reikningur 101

yfir tekjur og gjöld »Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds«, fyrir árið 1918.

Tekjur:

1.	Í sjóði við árslok 1917: Í Söfnunarsjóði	kr.	1574 81
2.	Vextir 1917	—	72 24
3.	Lán frá reikningshaldara	—	50 00
		Kr.	1697 05

Gjöld:

1.	Veittur styrkur til vagnkaupa	kr.	50 00
2.	Í sjóði við árslok 1918: Í Söfnunarsjóði	—	1647 05
		Kr.	1697 05

Skrifstofu Árnessýslu, 24. apríl 1919.

Magnús Gíslason.

Reikningur 102

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands fyrir árið 1918.

Tekjur:

1.	Tillaga vitavarða	kr.	297 14	
2.	Gestafje og gjafir vitagesta	—	103 25	
			kr.	400 39
			Kr.	400 39

Gjöld:

Í sjóði:	Í innlánsbók Íslandsbanka	kr.	400 39

Reykjavík, 5. apríl 1919.

Th. Krabbe.

103

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðsins »Þorvaldarminning« árin 1916, 1917 og 1918.

Tekjur:

1. Sjóður í árslok 1915 (Stjórnartíð. 1916 B., bls. 314):				
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	7660 50		
b. Í Íslandsbanka	—	132 29		
			kr.	7792 79
2. Vextir:				
Árið 1916	kr.	362 10		
Árið 1617	—	370 01		
Árið 1918	—	380 16		
			—	1112 27
			Kr.	8905 06

Gjöld:

1. Styrkur veittur samkvæmt skipulagsskránni:				
Pálma Einarssyni Svalbarði	kr.	100 00		
Óskari Kristjánssyni Hóli	—	100 00		
Daða Jóhannessyni Kýrunnarstöðum	—	100 00		
Vigfúsi Helgasyni Ketilsstöðum	—	200 00		
			kr.	500 00
2. Í Söfnunarsjóði			—	8028 07
3. Í Íslandsbanka			—	376 99
			Kr.	8905 06

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 4 júní 1919.

Oddur Hermannsson.

Efnahagsreikningur 104

Landsbankans með útbúunum á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Selfossi, 31. desbr. 1918.

Eignir:

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:						
	a. Fasteignaveðslán			kr.	469307	96	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán			—	2503866	45	
	c. Handveðslán			—	32293	71	
	d. Lán landssjóðs-, sveita- og bæjarfjelaga			—	968642	44	
	e. Reikningslán			—	1783508	93	
						kr.	5757619 49
2.	Víxlar og ávísanir					—	11760756 55
3.	Kgl. ríkisskuldabrjef	kr. 572800 00	kr.	»	»	—	423872 00
4.	Önnur erlend verðbrjef	— 207000 00	—	»	»	—	175795 00
5.	Bankavaxtabrjef 1. flokks	— 218800 00	—	»	»	—	218800 00
6.	Bankavaxtabrjef 2. flokks	— 497800 00	—	»	»	—	487844 00
7.	Bankavaxtabrjef 3. flokks	— 44800 00	—	»	»	—	42560 00
8.	Bankavaxtabrjef 4. flokks	— 688700 00	—	»	»	—	620890 00
9.	Hafnarlánsskuldabrjef Reykjavíkur	— 166000 00	—	»	»	—	159360 00
Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Hið fyrsta reikningsár telst frá stofnun sjóðsins til ársloka 1918. Stjórnarnefnd sjóðsins semur við lok hvers reikningsárs reikning fyrir sjóðinn, sem skal endurskoðaður af tveim endurskoðendum, er kosnir eru á sama hátt og stjórnarnefnd sjóðsins, en þó að eins til eins árs í senn. Skal stjórnarnefndin hafa lokið við að semja reikninginn fyrir 15. janúar, og afhendi hann endurskoðendum í síðasta lagi þann dag, en endurskoðendur skulu aftur afhenda hann stjórnarnefnd sjóðsins með athugasemdum endurskoðenda fyrir 1. febrúar árs hvers.

Skal síðan leggja hann fyrir aðalfund í Kvennfjelaginu, sem úrskurðar reikninginn. Leggist kvennfjelagið niður, skal reikningurinn úrskurðaður af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, hreppsnefndaroddvita og sóknarnefndarformanni Sauðárkróks. Síðan skal birta reikninginn í Stjórnartíðindunum með árituðum athugasemdum endurskoðenda og árituðum úrskurði.

Sauðárkróki, 20. mars 1918.

Elinborg Jónsdóttir. *Þorbjörg Möller.* *María Pálsdóttir.*

135 6. júní

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 6. júní 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Islands“.

1. gr.

Sjóðurinn myndast af fje því, sem greiðist af gestum fyrir að skoða vita landsins, að viðbættum gjöfum og öðru því fje, sem á annan hátt kann að áskotnast sjóðnum. Þess utan greiðir hver vitavörður í sjóðinn árlega að minsta kosti 2% af launum sínum (að viðbættri dýrtíðaruppbót).

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vitaverði, ekkjur þeirra eða ómyndug börn, er bágstödd hafa orðið vegna sjúkdóms eða annara óviðráðanlegra orsaka. Við styrkveitingar ber

aðallega að taka tillit til þarfa hlutaðeigenda, en þó einnig til þess, hve lengi vitavörðurinn hefir **135**
þjónað, og hve mikið hann hefir lagt til sjóðsins, Fje sjóðsins skal ávaxta á sem hentugastan 6. júní
hátt að áliti stjórnarinnar.

3. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram eins og hjer segir: Á hverju ári má úthluta alt að 50% af tekjum sjóðsins árið á undan, þangað til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., því næst 60% þangað til hann er orðinn 20000 kr., 70% til 30000 kr., 80% til 40000 kr. og 90% úr því. Fje það, sem ekki er útlutað á ári hverju, er lagt til höfuðstólsins, sem ekki má skerða.

4. gr.

Sjóðurinn er eign allra vitavarða, og er hann undir stjórn þriggja manna, sem sjeu: vitamálastjóri, og tveir vitaverðir, er allir vitaverðir kjósa til tveggja ára í senn, en eftir fyrsta árið fer annar þeirra frá eftir hlutkesti; á sama hátt eru kosnir tveir varamenn, er taka til starfa í forföllum hinna og þegar þeir eru við fyrirliggjandi mál riðnir. Sjóðurinn er undir umsjón stjórnarráðs Íslands og birtist ársreikningurinn í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd »Sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða Íslands«.

Reykjavík, 19. febrúar 1919.

Th. Krabbe,
vitamálastjóri.

Auglýsing

136
6. júní

um breyting á hafnsögutaxta fyrir Isafjarðarkaupstað frá 16. febrúar 1904.

Í stað 1. gr. 2. málsgr. komi:

Fyrir skip	40—100	smálestir	15	kr.
— —	100—200	—	20	—
— —	200—400	—	25	—
— —	400—700	—	30	—
— —	700 smál. og þar yfir		35	—

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 6. júní 1919.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson,

137
12. júní

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 16. júní 1915 um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í stað orðanna 2 krónur í 6. gr. komi 4 krónur.

2. gr.

Í stað orðanna 3 krónur í 9. gr. komi 6 krónur.

3. gr.

Í stað orðanna 4 krónur, 7 krónur og 1 króna í 10. gr. komi 8 krónur, 12 krónur og 2 krónur.

4. gr.

Í stað orðanna 5—20 krónur í 16. grein komi 20—100 krónur.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndir Þingeyjarsýslna hafa samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. ágúst 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 12. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

138
12. júní

Gjaldskrá

í Reykjavík og nærlendis handa bifreiðum til manntalningar, skv. 10. gr. laga nr. 88 frá 11. nóv. 1917 um notkun bifreiða

I. Í Reykjavík (innan kaupstaðarlóðar).

A. Gjald eftir ferðum.

Gjaldið skal miðað við þessi 4 hverfi:

1. Miðbærinn innan þessara marka, að þeim götum meðtöldum: Ægisgata, Túngata að Landakotsspítala, Suðurgata, Skothúsvegur, Hellusund, Bergstaðastræti, Smiðjustígur, Lindargata, Klapparstígur.
2. Vesturbærinn: Fyrir vestan vesturmörk miðbæjar suður að melunum fyrir norðan Íþróttavöll,

3. Suðurbærinn: Þaðan, fyrir sunnan suðurmörk miðbæjar að Hellusundi, Bergstaðastræti, Baldursgötu, Skólavörðustíg, Hafnarfjarðarvegi, þessar götur ekki meðtaldar. **138** 12. júní
4. Austurbærinn: Þaðan og fyrir austan austurmörk miðbæjar.
   a. Fyrir eina ferð innan sama hverfis greiðist . ... 1 kr.
   b. Fyrir hverja ferð, sem við bætist, greiðist . ... 50 au.
   c. Í fyrsta sinn, sem ekið er yfir mörk milli hverfa (götur sem skilja hverfi) greiðist . ... 75 —
   d. Síðan, í hvert sinn . ... 50 —
   e. Fyrir að stefna bifreið á ákveðinn stað innan þess hverfis, sem hún hefir stöð, til þess að byrja ferð þaðan, greiðist aukagjald ... ... 50 —
   f. Sje tiltekinn staður innan annars hverfis, er aukagjaldið . ... 75 —
   g. Fyrir bið greiðist ekkert fyrstu 5 mín., síðan fyrir hverjar 10 mín. eða skemri tíma ... ... 50 —

   Á tímabilinu frá 11 e. h. til 8 f. h. greiðist tvöfalt gjald.

   Athugasemd. Gjaldið er miðað við venjulega 4 manna bifreið. Ferð telst lokið á hverjum stað, sem bifreið nemur staðar til þess að leigjandi stigi úr eða í. (Hver nýr farþegi kallast leigjandi.)

B. Tímaleiga:
   a. Fyrir hálfa klukkustund eða skemri tíma greiðist ... ... 5 kr.
   b. Síðan fyrir hverjar 5 mín. (skemri tími reiknast sem 5 mín.) ... ... 75 au.

   Gjaldið er miðað við venjulega 4 manna bifreið.

II. Nærlendis:
1. Leiga fyrir venjulega 4 manna bifreið fyrir hvern km. skal vera ... ... 1 kr. 25 au.

   Vegarlengdir frá Reykjavík miðast við Lækjartorg.

   Vegarlengd, sem gjald miðast við, mælist aðeins aðra leið, en full umráð eru yfir öllum sætum bifreiðar báðar leiðir.

   Aukagjöld fyrir innanbæjarakstur skal ekki greiða önnur en þessi:
   a. Fyrir að stefna bifreið á ákveðinn stað innanbæjar til þess að byrja ferð þaðan út úr bænum greiðist ... ... 50 au.
   b. Fyrir hverja ferð, sem farin er innanbæjar, greiðist . ... 50 —
   c. Fyrir bið greiðist ekkert fyrstu 5 mín., síðan fyrir hverjar 10 mín. eða skemri tíma ... ... 50 —
2. Fyrir einstök sæti í bifreið skal greiða fyrir hvern km., ef bifreiðin fer fastar ferðir, sem auglýstar hafa verið ... ... 20 —

   Ef ekki er um fastar ferðir að ræða, er gjaldið fyrir hvern km. ... ... 18 —

Um brot gegn gjaldskrá þessari fer eftir 13. gr. laga um notkun bifreiða frá 14. nóvbr. 1917.

Gjaldskrá þessi gengur í gildi nú þegar.

Gjaldskráin fæst hjá lögreglustjóra ókeypis og skal eintak af henni vera til sýnis í hverri leigubifreið.

Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 12. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

139
12. júní

Bifreiðargjöld

milli Reykjavíkur og nokkurra staða nærlendis samkvæmt gjaldskrá handa bifreiðum fyrir mannflutninga, settri af stjórnarráðinu þ. 12. júní 1919.

Milli Reykjavíkur og	Leiga fyrir heila bifreið fram og til baka	Leiga fyrir eitt sæti í bifreið, sem hefir fastar ferðir	Leiga fyrir eitt sæti í bifreið, sem *ekki* hefir fastar ferðir
Elliðaánna (neðri veiðimannahús)	7,00	1,10	1,00
Árbæjar	8,75	1,40	1,25
Baldurshaga	13,00	2,10	1,90
Geitháls	17,50	2,80	2,50
Lögbergs	20,75	3,30	3,00
Kolviðarhóls	39,50	6,30	5,75
Kotstrandar	62,50	10,00	9,00
Ölfusár (Tryggvaskála)	73,50	11,75	10,50
Eyrarbakka	88,75	14,20	12,80
Stokkseyrar	90,75	14,50	13,00
Hraungerðis	84,50	13,50	12,15
Þjórsár (Þjórsártúns)	97,50	15,60	14,00
Ægissíðu	119,00	19,00	17,15
Garðsauka	137,50	22,00	19,80
Þingvalla	62,50	10,00	9,00
Húsatófta á Skeiðum	108,00	17,30	15,50
Sogsbrúar	78,00	12,50	11,25
Stóruborgar í Grímsnesi	93,75	15,00	13,50
Brúarár	111,25	17,80	16,00
Grafarholts	10,75	1,70	1,50
Lágafells	17,50	2,80	2,50
Leirvogsár	23,00	3,70	3,35
Vífilsstaða	11,50	1,85	1,70
Hafnarfjarðar	13,25	2,10	1,90
Hvassahrauns	27,50	4,40	4,00
Kálfatjarnar	37,50	6,00	5,40
Stóru-Voga	45,00	7,20	6,50
Keflavíkur	62,00	9,90	9,00
Grindavíkur	70,00	11,25	10,10

Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 12. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

140
13. júní

um breyting á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl. frá 7. júní 1915.

Við 39. gr.

Síðari málsgrein orðist þannig: Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innan hrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða. Um hross þessi skal hreppstjóri senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annan óskilafjenað.

Við 41. gr.

Í stað »12 vikum« komi »6 mánuði, og fyrir »10 aurum«: hálfum fisk, og »50 aurum«: 2 fiskum á landsvísu í peningum eftir verðlagsskrá.

Við 42. gr.

Eftir orðið »Lögbirtingablaðinu« til »Á sama hátt« komi: Ásamt lýsingunum skulu hreppstjórar greiða til sýslusjóðs 2 fiska á landsvísu í peningum fyrir hverja kind í auglýsingarkostnað.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

141
18. júní

Samþykt

um breyting á samþykt um lækning hunda af bandormum o. fl. í Austur-Skaftafellssýslu frá 6. nóv. 1893.

1. Inn í 2. gr. komi á eftir »apríl«: eða maí.
2. Aftan við fyrri málsgrein 3. gr. bætist: Nota má og arekaduft eða annað læknislyf, sem hafi sömu verkanir.

Samkvæmt ályktun sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu á aðalfundi hennar 16.—17. maí 1919.

Skrifstofu Skaftafellssýslu 18. júní 1919.

Gísli Sveinsson.

142
2. júlí

Auglýsing.

Hjermeð auglýsist, að útflutnlngur á íslenskum afurðum, sem framleiddar eru á yfirstandandi ári, að undanskildum hrossnm, er frjáls frá og með deginum í dag.
Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði þau, sem sett hafa verið um greindan útflutning.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 2. júlí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Rauða- **143**
sandshrepps«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 7. júlí
7. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Rauðasandshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Ekkna- og muuaðarleysingjasjóður Rauðasandshrepps.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Pjetri skipstjóra Björnssyni, »Hvítabandsdeildinni« á Bíldudal og samskotum einstakra manna árið 1897 með 808,00 krónum, þá ætluðum til styrktar ekkjum og börnum druknaðra manna í Vestur-Barðastrandarsýslu. Síðan hefur sjóðnum verið skift milli hreppanna, og hlaut Rauðasandshreppur í sinn hluta 652,28 kr. og við árslok 1918 var sjóðurinn orðinn 891,29 kr., sem stendur í tveim skuldabréfum, að upphæð samtals 303,00 kr., í Sparisjóði Rauðasandshrepps 554,54 kr. og í sjóði hjá gjaldkera 33,75 kr.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, kosnir til þriggja ára í senn, úr flokki styrktarmanna sjóðsins, skulu þeir kosnir á aðalfundi. Stjórnin skiftir sjálf störfum með sjer þannig, að einn er formaður, annar ritari, þriðji gjaldkeri. Fyrstu tvö árin gengur einn maður úr stjórninni eftir hlutkesti. Stjórnin sjer um að ávaxta eignir sjóðins á sem arðvænlegastan og tryggastan hátt. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal saminn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og afhentur endurskoðendum, er skulu hafa endurskoðað og afhent stjórn sjóðsins hann fyrir 15. febrúar næstan á eftir, með athugasemdum sínum. Reikningurinn skal síðan lagður fyrir aðalfund með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar. Aðalfundur úrskurðar reikninginn.

5. gr.

Aðalfund skal halda síðari hluta febrúarmánaðar ár hvert og skal boða til hans með nægum fyrirvara. Atkvæðisrjett á fundinum hafa þeir einir af styrktarmönnum, sem skuldlausir eru við sjóðinn, nema veðskuld sje.

6. gr.

Styrktarmenn sjóðsins eru þeir einir, sem greiða til hans minst 25,00 krónur í eitt skifti fyrir öll eða minst 1,00 kr. árlega. Gjalddagi árstillaga er fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Listi yfir nöfn styrktarmanna skulu fylgja hverjum ársreikningi.

143 7. júlí

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, sömuleiðis árstillög og gjafir. Vöxtum skal varið þannig:

1. Af þeim skal greiddur kostnaður, er leiðir af stjórn sjóðsins.
2. Því sem eftir er skal úthluta ef þörf gjörist.

8. gr.

Styrkurinn skal veittur aðallega fátækum ekkjum, munaðarlausum börnum og farlama mönnum og konum (sem stjórnin í hvert skifti álítur styrks þurfa). Við úthlutun styrksins skal þess gætt, að ekkjur og börn styrktarmanna gangi fyrir og taka nákvæmlega tillit til ástæða og efnahags styrkþiggjenda.

9. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Stjórnin ákveður hve mikið og hverjum skal úthluta styrk. Heimilt er stjórninni að úthluta styrk, þó henni hafi ekki borist neinar umsóknir. Umsóknir og ákvarðanir sínar um styrkúthlutun leggur stjórnin fyrir næsta aðalfund, með ársreikningnum.

10. gr,

Fækki styrktarmönnum sjóðsins svo þeir verði ekki fleiri en fimm, tekur hreppsnefnd Rauðasandshrepps að sjer umsjón sjóðsins að öllu leyti, og störf þau, er á aðalfundi hvíla.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyr en höfuðstóllinn er orðinn 5000,00 — fimm þúsund krónur, og þá eftir samkomulagi aðalfundar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps.

12. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykt á aðalfundi sjóðsins 14. febrúar 1919 í Tungu í Örlygshöfn.

Guðmundur Sigurðsson	*Guðm. B. Olafsson*	*Jón Guðjónsson.*
formaður.	ritari.	fjehirðir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Seyðisfjarðarhrepps«, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 8. júlí 1919. **144** 8. júli.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð Seyðisfjarðarhrepps.

1. gr.

Seyðisfjarðarhreppur hefur 24. júlí 1911 lagt 4000 krónur inn í aðaldeild Söfnunarsjóðsins í Reykjavík til sjóðmyndunar,

2. gr,

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður Seyðisfjarðarhrepps.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast svo, að allir vextir leggist við höfuðstólinn til 22. júní 1994, sem verður 100. afmælisdagur Seyðisfjarðarhrepps.

4. gr.

Þá o: 22. júní 1994 og síðan stöðugt sama dag árlega skulu, að frádregnum minst 1000 krónum, er jafnan leggjast við höfuðstól, vextir útborgast á þennan hátt: 4000 krónur til Seyðisfjarðarhrepps, aðrar 4000 krónur til Háskóla Íslands, er vextir eru orðnir 9000 kr., og þriðju 4000 kr. til verðlaunagjafa, er vextirnir nema á ári 13000 kr.

5. gr.

Þeim 4000 krónum, er ganga til Seyðisfjarðarhrepps, skal aðallega varið til fátækraframfærslu, þó aldrei meira en 1000 krónum á ári, til fræðslumála, til heilbrigðismála, til samgöngumála, til grasræktar og garðræktar, til skóggræðslu, til styrktar efnilegum ungum mönnum til verklegs náms, þeim er fæddir sjeu í hreppnum eða hafa dvalið þar minst 10 ár og til fyrirlestrahalds í hreppnum um almenn og gagnleg mál.

6. gr.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps ræður skiftingu þessara 4000 króna með umsjón og eftirliti sýslunefndar. Fjeð hefur engan rjettindamissi í för með sjer fyrir þiggjanda.

7. gr.

Þeim 4000 kr., er ganga til Háskólans, skal varið til námsstyrks handa efnilegum, siðferðisgóðum og reglusömum íslenskum nemendum við Háskólann og úthlutað eftir reglum, er Landstjórn og Háskólaráð setji.

144 8. gr.

7. júlí Þeim þriðju 4000 krónum skal skifta í 8 staði og úthluta sem verðlaunum fyrir framúrskarandi framkvæmdir í landbúnaði, sjósókn, atvinnurekstri og fleiru. Verðlaununum úthlutar landstjórnin eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, Fiskifjelags Íslands eða annara slíkra fjelaga.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að ársvextir nema 17000 krónum, skal sveitarstjórn Seyðisfjarðarhrepps hafa sett reglur um, hvernig verja skuli hinum fjórðu 4000 kr., er þá skal útborga.

Seyðisfjarðarhreppi 7. apríl 1919.

Björn Þorláksson. Sigurður Jónsson. Eiríkur Vigfússon. Arni Friðriksson. Vilh. Árnason.

145 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Jóhönnu Einarsdóttur og

8. júlí Björns Jónssonar dannebrm. frá Sandfellshaga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms og kirkjumálaráðherra Íslands 8. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Verðlaunasjóð Jóhönnu Einarsdóttur og Björns Jónssonar dannebrm. frá Sandfellshaga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með dánargjöf Jóhönnu Einarsdóttur, að upphæð 1200 — tólf hundruð — krónur, og er tilgangur hans að verðlauna vel unnar túnbætur í Axarfjarðarhreppi innan Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins skal ávaxtast í tryggri peningastofnun á Norðurlandi. Stofnfjeð má aldrei skerða, en þegar ársvextir sjóðsins nema minst 75 krónum, má verja allt að $^2/_3$ vaxtanna til verðlauna. Þegar vextir af sjóðnum nema 200 krónum, má verja $^3/_4$ þeirra til verðlauna og þegar þeir nema 300 krónum má úthluta öllum vöxtum. Afgang vaxtanna sem til felst í hvert skifti skal jafnan leggja við höfuðstólinn.

3. gr.

Stjórn sjóðsins sje skipuð 3 mönnum, hreppstjóra Axarfjarðarhrepps, formanni búnaðarfjelagsins í sama hreppi, meðan þetta fjelag er starfandi og þriðja manni, er sýslunefndin kýs innan hreppsins. Hætti búnaðarfjelagið störfum sínum, kýs hreppsnefndin í Axarfjarðarhreppi einn mann í stjórnina. Sama gildir ef hreppstjóri og formaður Búnaðarfjelagsins er sami maður. Hreppstjóri er formaður stjóruarnefndarinnar.

4. gr.

145
8. júlí

Ár hvert, nálægt fardögum, skal stiórnin eiga fund með sjer, skal hún þá athuga vendilega túnbætur þær, er gjörðar hafa verið í hreppnum næstliðið ár. Veitir hún síðan einum eða fleiri hreppsbúum verðlaun úr sjóðnum fyrir vel unnar túnbætur, er hún telur verðlaunaverðar. Verðlaun mega aldrei minni vera en 50 krónur. Til túnbóta telst: túnsljettun. framræsla, girðingar og önnur varsla, bætt hagnýting áburðar, sjerstaklega áburðarhús og safnþrær steinlímd eða gjörð úr öðru jafntryggu byggingarefni.

Nú telur stjórnin ekkert það gert hafa verið, síðastliðið ár, er verðlauna sje vert, má þá geyma upphæð þá, er veita mátti til næsta árs, ella skal leggja hana við höfuðstólinn.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og gerir formaður stjórnarnefndarinnar þegar eftir hver árslok reikning sjóðsins, er hann sendir sýslunefnd til athugunar og endurskoðunar ásamt skýrslu um störf sjóðsins umliðið ár.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðst konunglegrar staðfestingar.

Samkvæmt erfðaskrá Jóhönnu sál Einarsdóttur frá Sandfellshaga 4. júlí 1916, höfum við undirritaðir samið framanskráða skipulagsskrá og undirritað hana.

Húsavík 24. febrúar 1919.

St. Guðjohnssen. Páll Jóhannesson. Steingrímur Jónsson

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Kvennfjelags Svalbarðsstrandar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

146
11. júlí

Skipulagsskrá

fyrir »Minningarsjóð Kvennfjelags Svalbarðsstrandar«.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af »Kvennfjelagi Svalbarðsstrandar« til styrktar fátækum sjúklingum í Svalbarðsstrandarhreppi. Sjóðurinn heitir: »Minningarsjóður Kvennfjelags Svalbarðsstrandar« og er að upphæð 100.00 kr. Sjóðurinn er upphaflega stofnaður af minningargjöfum, og er tilgangur Kvennfjelagsins að auka hann á sama hátt framvegis, en öðrum gjöfum einnig veitt móttaka.

146
11. júlí

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu allir vextir og gjafir, er sjóðnum innhendast, leggjast við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 1000.00 kr.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 1000.00 krónur skal $^1/_{10}$ af vöxtunum leggjast við höfuðstólinn, en $^9/_{10}$ hlutum skal árlega varið til styrktar fátækum sjúklingum í Svalbarðsstrandarhreppi.

4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn »Kvennfjelags Svalbarðsstrandar« meðan það starfar. Leysist fjelagið upp, tekur hreppsnefnd við umsjón sjóðsins.

Sjái stjórnin ekki ástæðu til að veita úr sjóðnum árlega, leggur hún vextina í sjóð, sem hún ávaxtar þar til brýnni þörf er fyrir hendi.

Reikningur sjóðsins skal birtur í Stjórnartíðindunum 5. hvert ár, eftir að farið verður að úthluta styrknum.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá

Efridálksstöðum, 26. febrúar 1919.

F. h. »Kvennfjelags Svalbarðsstrandar«.

Sigríður Þorláksdóttir.

147
11. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Barnasjóð Svarfdæla, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Barnasjóð Svarfdæla.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af farskólabörnum í Dalvík og Grund í Svarfaðardal með fjársöfnun þeirra á meðal, er hófst árið 1914. Er hann nú að upphæð 503.02 krónur og geymdur og ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla.

2. gr. **147**

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal stjórnin á ári hverju 11. júlí
semja reikning hans ásamt reikningnum sveitarsjóðs, en sýslunefnd endurskoðar reikninginn og úrskurðar og birtir síðan í sýslufundargerð.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla. Þó má stjórn hans, ef henni þurfa Þykir, gera ráðstafanir til breytinga í þessu efni, en ætíð sjá um, að trygging fyrir geymslu og ávöxtun sjóðsins sje nægileg og örugg. Allir vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, ásamt árlegri fjársöfnun skólabarna í Svarfaðardal og gjöfum þeim, sem sjóðnum kunna að hlotnast uns hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Eftir það legst $^1/_4$ ársvaxta við höfuðstólinn, en $^3/_4$ þeirra falla árlega til útborgunar uns höfuðstóllinn er orðinn 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur. Síðan mega allir ársvextir falla til útborgunar, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem fellur til útborgunar, skal verja til styrktar efnilegum ungmennum í Svarfaðardalshreppi, er notið hafa barnafræðslu þar — sveinum jafnt sem meyjum — til frekara náms í almennum mentum, svo og til að leggja stund á listnám. Veita skal styrkinn til eins árs í senn, minst 300 krónur hverjum styrkþega. Veita má sama manni styrkinn oftar en í eitt skifti.

Svo framarlega sem enginn sækir sá um styrk af sjóðnum, er telst verður þess að öðlast hann, má verja úthlutunarfjenu það ár til styrktar unglingaskólahaldi í Svarfaðardal. Að öðrum kosti leggist það við höfuðstólinn.

5. gr.

Úthlutun styrksins ráða 3 menn. Aðalkennarinn við helsta barnaskóla sveitarinnar, sóknarpresturinn í Vallanesprestakalli og maður, sem kjörinn er af sveitarmönnum til þessa. Skal hann kosinn til þriggja ára í senn og fer um kjörgengi hans og kosning sem til hreppsnefndar væri.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 31. mars 1919.

Í umboði skólabarna í Svarfaðardal.

Stefán Kristinsson. Þorsteinn Jónsson. Tryyvi Kristinsson.

Jóh. Jóhannsson.

148 11. júlí **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Jarðræktarsjóð Sæbjarnar Egilssonar og Hallfríðar Einarsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Jarðræktarsjóðs Sæbjarnar Egilssonar og Hallfríðar Einarsdóttur.

1. gr.

I arfleiðsluskrá Hallfríðar Einarsdóttur frá Skeggjastöðum í Fellum, framlagðri við skifti í dánarbúi hennar 3 nóvember 1917, var meðal annars svo ákveðið:

»Að loknum skuldum og skiftakostnaði, skal fyrst greiða þær 2000 — tvö þúsund — krónur, sem við hjónin ákváðum að gefa, við lát mannsins míns sálaða, til eflingar tún og garðræktar í Fljótsdalshjeraði«.

Af þessari gjöf þeirra hjóna, Sæbjarnar Egilssonar og Hallfríðar Einarsdóttur, þá búandi á Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal, er sjóðurinn myndaður.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabrjefum Landsbankans og smærri upphæðir í sparisjóði eða á annan arðbæran og tryggan hátt, eftir þeim reglum, er gilda um ávöxtun ómyndugra fjár.

3. gr.

Umsjón sjóðsins og ávöxtun, svo og úthlutun vaxta, hefir á hendi stjórn Búnaðarsambands Austurlands, eða stjórn þeirrar búnaðarmálastofnunar á Austurlandi, er í þess stað kemur, ef það legst niður.

4. gr.

Af vöxtum sjóðsins má árlega verja alt að $^3/_4$ til verðlauna fyrir uppræktun ræktaðs lands í töðuvöll eða matjurtareiti.

Úthlutun verðlaunanna skal svo sem unt er hagað svo, að þeirra geti orðið aðnjótandi jafnt ríkir sem fátækir, og sje þetta gert með því að meta vinnuframkvæmdir hlutfallslega eftir vinnukrafti og efnahag. Nánari ákvæði um úthlutunaraðferð og skilyrði setur stjórn Búnaðarsambandsins í reglugjörð, er birta skal í ársriti þess.

Það af vöxtum sjóðsins, sem ekki er úthlutað, og sem aldrei má minna vera en $^1/_4$, og allir vextir þau árin, sem engu er úthlutað, legst við höfuðstólinn.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari. **148** 11. júlí

Stjórn Búnaðarsambands Austurlands.

Vallanesi, 29. júní 1918.

M. Bl. Jónsson. M. Stefánsson. Þórarinn Benediktsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919. **149** 11. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum, og var orðinn, með vöxtum og vaxtavöxtum, í árslok 1917 kr. 236,23.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, þær er eigi njóta sveitarstyrks.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er jafnan sjeu þessir: Sóknarpresturinn í hinni núverandi Möðruvallaklausturssókn, hreppstjórinn og einn úr hreppsnefndinni, er hún sjálf kýs.

Stjórnin ávaxtar fje sjóðsins, veitir móttöku gjöfum til hans og öðrum tekjum, og ber ábyrgð á, að ekkert af eigum hans glatist. Hún semur reikning sjóðsins við hver áramót og leggur hann fram fyrir næsta sýslunefndarfund Eyjafjarðarsýslu til úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxta í sparisjóði Arnarneshrepps, meðan hann starfar sem sjerstakur sjóður og nýtur sparisjóðsréttinda. Skulu ársvextir allir lagðir við sjóðinn, þar til þeir nema 50 — fimmtíu — krónum á ári. Upp frá því má verja $^2/_3$ — tveim þriðju — ársvaxtanna þangað til þeir nema 75 — sjötíu og fimm — krónum, síðan $^3/_4$ — þrem fjórðu — þar til þeir nema 100 — eitt hundrað — krónum og úr því

149 11. júlí

$^4/_5$ — fjórum fimtu — ársvaxtanna, alt samkvæmt fyrirmælum 2. greinar. Hinn hluta vaxtanna skal ávalt leggja við sjóðinn.

Verði eitthvert ár eigi útbýtt af vöxtunum öllum hlnum tiltekna hluta, legst hitt alt við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sá tími kemur að veita má af vöxtum sjóðsins samkvæmt 4. gr., ber þeim, er styrks æskja, að senda skriflegar umsóknir sínar þar um til stjórnar sjóðsins fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. En stjórnin skal síðan eiga fund með sjer fyrir desembermánaðarlok og úthlutar þá styrknum fyrir það ár.

Minsta styrkveiting skal vera 15 krónur. Styrkinn skal veita eigi síður eftir ástæðum en efnum.

6. gr.

Sveitarsjóður Arnarneshrepps styrkir sjóðinn árlega í næstu 21 ár með 50 — fimmtíu — króna tillagi, er legst við höfuðstólinn.

7. gr.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir eftirlit með því að skipulagsskrá þessi sje eigi brotin.

8. gr.

Virðist stjórnarnefnd sjóðsins og íbúum Arnarneshrepps eftir liðiu 80 — áttatíu — ár nauðsyn á að breyta þessari skipulagsskrá, skal það heimilt sjeu $^2/_3$ — tveir þriðju — hlutar allra þeirra hreppsmanna, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, mættir á fundi og meiri hluti fundarmanna með breytingunni og með samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, og skal þá leita konungsstaðfestingar á hinni breyttu skipulagsskrá.

9. gr.

Beiðast skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Að Möðruvöllum 16. febr. 1918.

Tryggvi Konráðsson. *Stefán Stefánsson.* *Jón Þorsteinsson.*

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Snorra kaupmanns Jóns- **150**
sonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. 11. júlí
júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð Snorra kaupmanns Jónssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með 2000 kr. gjöf Snorra kaupm. Jónssonar á Oddeyri, skal heita »Styrktarsjóður Snorra kaupmanns Jónssonar«.

2. gr.

Upp í höfuðstól sjóðsins var núverandi stjórn sjóðsins afhent jörðin Vjemundarstaðir í Ólafsfirði, með brjefi dagsettu 1. maí 1912, þá virt til peninga á 1850,00 krónur og hefir afgjald jarðarinnar fyrstu árin á eftir og vextir af söluverði hennar síðan verið lagt við hann. 19. mars 1918 voru stjórninni greiddar þær 150,00 krónur, sem samkvæmt virðingu á Vjemundarstöðum vantaði á höfuðstólinn. Ennfremur hefir bæst við höfuðstólinn, auk áðurtalds afgjalds og vaxta, mismunur á söluverði Vjemundarstaða 19. janúar 1916 og áðurnefndrar virðingar, en sá mismunur er 1150,00 kr. Er þá höfuðstóllinn nú 3908,68 krónur.

3. gr.

Leggja skal alla vexti sjóðsins, svo og gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að hlotnast, við höfuðstólinn, uns vextirnir nema 200 krónum árlega. Úr því skal $^3/_4$ hluta vaxtanna varið árlega til styrktar einum eða fleirum efnilegum iðnnemum úr Svarfaðardalshreppi; skal að jafnaði veita ekki nema einum styrk árlega, uns vextirnir hafa náð 400 kr.; þegar vextirnir eru orðnir 1000 kr. árlega eða meira, skal verja $^9/_{10}$ þeirra til styrkveitinga, en bæta úr því aðeins $^1/_{10}$ við höfuðstólinn. Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur af því að enginn sækir um hann, er maklegur þyki, skal leggja alla vexti þess árs við höfuðstólinn, en verja má þó jafnmikilli upphæð og helmingi þeirra nemur, til styrkveitinga næsta ár, umfram þann hluta af vöxtum þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, er allir skulu búsettir í Svarfaðardalshreppi. Stofnandi sjóðsins tilnefndi stjórn þá til bráðabirgða, er nú hefir á hendi stjórn sjóðsins, en eftir að skipulagsskrá þessi hefir fengið staðfestingu stjórnarráðsins, skal stjórnin þannig kosin, að sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu kýs einn, hreppsnefndin í Svarfaðardalshreppi einn og kjósendur í Svarfaðardalshreppi hinn þriðja á almennum hreppsfundi. Sá er hreppsnefndin kýs má vera úr hennar flokki, en hvorugur hinna má vera úr hreppsnefnd.

Stjórn sjóðsins sjer um að ávaxta sjóðinn sem best og mest og hefir á hendi reikninga hans. Reikningsárið er almanaksárið. Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu skal árlega kjósa 1

150 11. júlí eða 2 menn í Svarfaðardalshreppi til þess að endurskoða reikninga sjóðsins og skulu reikningarnir með fylgiskjölum, athugasemdum ef nokkrar eru og svörum jafnan sendast sýslunefnd til úrskurðar á sýslufundi og síðan birtir í sýslufundargerðinni.

5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sendast stjórninni skriflegar fyrir þann tíma á hverju ári, er hún til tekur. Styrkbeiðninni skulu fylgja meðmæli og vottorð um reglusemi, góða hæfileika og ástundun frá iðnmeistara þeim, sem nemandi vinnur hjá, ef hann er utan sveitar; svo skal og í umsókninni gerð grein fyrir því til hverskonar iðnnáms eigi að nota styrkinn og á hvaða stað utanlands eða innan.

Veitir síðan stjórnin styrkinn samkvæmt áður skráðum reglum þeim umsækjendum, er hún telur hæfasta; skulu að öðru jöfnu þeir sitja fyrir, sem lengst eru komnir áleiðis með námið, en vegna fjárskorts eiga erfitt með að ljúka því eða afla sjer frekari fullkomnunar í iðn sinni, eftir að hafa tekið sveinspróf.

Verði ágreiningur í stjórninni um styrkveitinguna, ræður meiri hluti.

Akureyri 1. október 1918.

Rögnvaldur Snorrason. *Gunnur Snorrason.*
(Erfingjar Snorra Jónssonar.)

151 11. júlí Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjakaupstað hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, gjört og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi

Samþykt

um viðauka við og breytingar á samþykt um ýms atriði er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu frá því 11 vikur af sumri þar til 16 vikur eru af sumri.

Þar sem nú er leyfð lundaveiði má veiða á sama tíma í sumar.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 17. júlí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

152
23. júli

um breyting á reglugjörð 2. nóvember 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.

1. gr.

Á eftir fyrstu setningu 40. greinar komi:

Til Stafnsrjettar skal þó smala hrossum í fyrri göngum og skulu hross þau, sem ekki eru hirt, seld að aflokinni stóðrjettuninni og þá farið með þau sem óskilafje í seinni rjett, sbr. 42. gr.

2. gr.

Orðin »og þau óskilahross . . . þau uppboð« í 43. gr. falli burt, en í stað þess komi: skal hreppsnefnd annast um að komist til eigenda sjeu þeir í næstu hreppum. Annars skal það selt sem óskilafjenaður, en auglýsa ber þau uppboð með minst viku fyrirvara.

Komi óskilahross fyrir eftir smölun í janúar, skal landeigandi gjöra hreppsnefnd tafarlaust aðvart er hrossin finnast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsingu á þeim. Ef þörf gerist sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda í sýslunni og næstliggjandi hreppa utan sýslu, og auglýsir um leið uppboð á hrossunum að mánuði liðnum frá því að landeigandi gjörði aðvart. Skal landeigandi skyldur að annast hagagöngu og gæslu hrossanna til söludags án endurgjalds. Þetta gildir þó ekki ef landeigandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við janúarsmölunina. Tekur hreppsfjelagið þá við skyldum landeiganda, nema sannanlegt sje að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

3. gr.

Á eftir 1. málsgr. 47. greinar komi:

Finnist hross eða sauðfje óheimt á afrjettum eftir að eftirleitir hafa farið fram, skulu sveitarsjóðir upprekstrarfjelagsins borga sanngjörn björgunarlaun fyrir skepnur þessar eftir mati hreppsnefndar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykt samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 23. júlí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

153
7. ágúst

Auglýsing

um breyting á samþykt um fjelagsveitu í Skeiðahreppi frá 24 september 1917.

Í stað orðanna í 1. gr.:
»Skálmholt og Skálmholtshraun« komi: Þjótandi og Skálmholtshraun.

Breyting þessi, sem er samþykt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22 nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 7. ágúst 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

154
13. ágúst

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð um brunabótasjóði sveitafjelaga frá 20. okt. 1906.

Samkvæmt lögum nr. 71, 14. nóvember 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, er hjermeð sett eftirfarandi reglugjörð um breyting á reglugjörð um brunabótasjóði sveitafjelaga frá 20. október 1906:

47. gr. reglugjörðarinnar orðist þannig:

Fyrir skoðun þá og virðing, sem fram fer við stofnun brunabótasjóðs (sbr. 11. gr.) og endurvirðing á hverjum 10 ára fresti (sbr. 15. gr. 1. lið) greiðir sveitarsjóður 2 krónur á býli hvorum skoðunarmanni.

Býli telst hjer hver bær, sem aðskilinn er frá öðrum bæjum, þótt í sama túni standi.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 13. ágúst 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

155
8. sept.

Breyting

á erindisbrjefi fyrir umsjónarmenn með útflutningi hrossa frá 22. des. 1908.

6. gr. í erindisbrjefi fyrir umsjónarmenn með útflutningi hrossa frá 22. desember 1908 skal vera svohljóðandi:

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn þóknun úr ríkissjóði, sem veitt er á fjárlögunum en fyrst um sinn er ákveðin 25 aurar fyrir hvert hross, sem þeir meta til útflutnings, hvort sem það er flutt út eða kyrsett.

Umsjónarmönnum er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá eigendum eða útflytjendum hrossanna, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem þau eru flutt út á.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 8. septbr. 1919

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

156
10. sept.

Reglugjörð

fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afréttа, fjallskil m. fl

I. Um hreinsun afrjetta og heimalanda frá dýrbiti.

1. gr.

Allir búendur, sem sauðfje eiga, eru skyldir til ár hvert að gjöra tvær grenjaleitir í afrjettum og heimalöndum á tímabilinu frá 5—8 vikur af sumri. Skal hreppsnefndin ákveða leitardaga hvert sinn, nokkrum dögum fyrirfram með seðli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrjettir og ákveða leitarsvæði. Skal engu ráða um þessa kvöð, hverjir afrjettinn nota, þó þannig, að þetta á ekki við þar, sem tvær eða fleiri afrjettir tilheyra sömu sveit (hrepp), því þar, sem svo stendur á, skal hreppsnefnd helst láta hvern leita í þeirri afrjett, sem hann notar. Rjett er hreppsnefnd að kveðja tvo menn til leitar frá þeim, sem flest fje eiga og liðflestir eru. Enda er henni rjett að veita nokkrum bágstöddum einyrkjum undanþágu frá sumum grenjaleitum í afrjett. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þar má hún undantaka þau heimalönd, sem svo eru lítil, að helta má að daglega sje um gengið, enda sjeu þar eigi grenjastöðvar og landið nái eigi til fjalls.

Refaleitardaga skal ákveða aðra í heimalöndum og aðra í afrjettum, nema hvorttveggja verði hæglega leitað sama dag. Nú hlýðir búandi ekki fyrirmælum hreppsnefndar að leggja

156 menn í grenjaleitir ákveðna daga, eða leitarmaður óhlýðnast leitarstjóra, varðar það sektum
10. sept. frá 5—25 kr. Sama varðar, ef húandi leggur til ónýtan mann í leit. Ræður um það álit leitarforingja, hversu nýtur sá var.

Nú kemur upp dýrbítur eftir grenjaleitir, og skipar þá hreppsnefnd nýjar leitir, ákveður tölu leitarmauna og hverjir leita skuli. Rjett er, að þeim sem í þær leitir leggja, sje goldinn tilkostnaður þeirra úr sveitarsjóði, eftir samngjörnum reikningi.

2. gr.

Grenjaleitarmenn á hverju afrjettarsvæði skulu kjósa sjer leitarforingja, nema hreppsnefnd hafi áður gjört það. Ber öllum í þeirri leit að hlýða fyrirmælum leitarforingja. Skyldur er hver að taka við kosningu sem leitarforingi, ella sekur um 5 til 10 kr.

3. gr.

Hreppsnefnd skal útvega tvo vel hæfa skotmenn og einn varamann hvert vor á greni, er finnast kynnu í afrjettum eða heimalöndum sveitarinnar, og eru menn skyldir að láta sig fala, nema gild forföll banni, gegn 8 kr. launum um sólarhringinn, og vökumaður skal hafa 6 kr. borgun um sólarhring, eða það sem um semur við hreppsnefnd. Báðir leggi þeir sjer allt er þeir með þurfa, hvor í sínu lagi. Skotmaður ræður vökumann.

4. gr.

Þegar greni finst, skal fara með það, þangað til skotmaður kemur, eftir fyrirsögn leitarforingja, og hafi hann til þess ákveðna reglu í sveitarsamþykt. Nú veikist skotmaður eða fatlast á annan hátt, svo hann verður að yfirgefa greni, skal hann tafarlaust tilkynna það varaskotmanni, en vöknmaður annast greni þar til skotmaður kemur, og eigi má skotmaður yfirgefa greni innan þriggja sólarhringa, nema fullunnið sje; sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækt um vinslu grenis, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eftir málavöxtum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar.

5. gr.

Skotmaður skal fá 5 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur á greni, og 8 krónur fyrir hið síðara, en 1,50 kr. fyrir hvern yrðling auk daglauna. Yrðlingar, sem tóur skulu drepnir á greni, og varðar sektum fyrir hvern yrðling, sem látinn er lifa, alt að 20 krónum. Skinn hinna unnu dýra eru eign skotmanna.

Nú sýna einhverjir sveitarmenn dugnað í því að eyða refum með dýrhundum, skotnm úr skothúsum, dýrabogum, gildrum eða með því að ganga uppi refi og skjóta þá o. s. frv., skal borga þeim 10 kr. fyrir hvert unnið dýr. Það greiðist úr sýslusjóði. Bani maður tóu á þennan hátt, og vilji laun fyrir taka, skal hann sýna skinnið hreppstjóra eða oddvita. er þá brenni eða skeri mark í útveginn og gefi síðan vottorð um.

6. gr.

Refum skal eyða árlega með eitri (stryknin) og skal það bera út á vetrum — um eða eptir miðjan vetur — eitthvað æti, svo sem rjúpur og kindur í heilu líki og þesshättar. Af eitruðum rjúpum skal stýfa hægri væng til hálfs; sæta skal færi með útburð eiturs, er hörkur ganga. Sýni hreppsnefnd eða þeir, sem hún skipar til að framkvæma eitur-útburð vanrækslu á því, varðar það sektum frá 25—50 kr.

7. gr. **156**

10. sept.

Alla reikninga um kostnað til refaveiða á grenjum og við eitur-útburð akulu þeir, sem að því vinna og verja fje til, leggja fram fyrir hreppsnefndina hvert ár fyrir hausthreppamót. Skal nefndin yfirfara þessa reikninga og laga þá þar, sem þess þykir þurfa, og samþykkja þá síðan. Kjósa má hún búendur 1 eða fleiri með sjer til að endurskoða reikningana og stinga upp á breytingum. Allan kostnað til refaveiða, annan en þann, sem um er talað í síðari kafla 5. greinar, skal borga af sveitarsjóði; endurborga skulu afrjettarbændur, sem afrjettartoll taka, sjóðnum helming þess, sem af honum er borgað fyrir greni í þeirra afrjettarlöndum, þó aldrei meira en nemur hálfum afrjettartolli. Þeir skulu og skyldir vera að bera út eitur á sína afrjetti borgunarlaust. Eitur og það, sem eitrað er, má borga þeim. Sama skal og gilda með eiturútburð í heimalöndum. Öðrum, sem eigi ráða afrjettum, má greiða borgun fyrir eiturútburð á afrjettir.

Sveitarstjórn skal safna skýrslu um öll greni, skal þar talið nafn á öllum grenjum, og hvar þau liggja. Skýrslu þessa skal endurnýja fimta hvert ár, þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug, og sje hún innfærð í sveitarbækur. Einkenna skal öll greni.

II. Um fjármörk.

8. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark glöggt á fje sínu og brennimark eða önnur jafnglögg einkenni, ef mark verður óglögt.

Sama eyrnamark skal á hestum hafa, ef markaðir eru. Enginn má hafa fleiri en 2 eyrnamörk. Hver hreppur skal eyrnamark hafa og brennimark samkvæmt sýslunefndarsamþykt 1901, 27. gr. Þau eru:

Fyrir	Geithellahrepp...	Sm. 10
—	Beruneshrepp	Sm. 9
—	Breiðdalshrepp...	Sm. 8
—	Skriðdalshrepp...	Sm. 3
—	Vallahrepp	Sm. 2
—	Eiðahrepp	Sm. 1
—	Mjóafjarðarhrepp	Sm. 4
—	Norðfjarðarhrepp	Sm. 5
—	Reyðarfjarðarhrepp	Sm. 6
—	Fáskrúðsfjarðarhrepp	Sm. 7
—	Stöðvarhrepp	Sm. 11
—	Búðahrepp	Sm. 12
—	Eskifjarðarhrepp	Sm. 13
—	Helgustaðahrepp	Sm. 14
—	Neshrepp...	Sm. 15

Allir fjáreigendur eru skyldir að nota brennimark dvalarhrepps síns á öllu fullorðnu sauðfje. Nú flytur fjáreigandi í annan hrepp og skal hann þá þegar á því vori, sem hann flytur, brennimerkja fje sitt marki þess hrepps, sem hann flytur í.

153
10. sept.

9. gr.

Markaskrár ganga í gildi 15. septbr. þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug. Sýslunefnd kýs mann til að raða skipulega og rjett fjármörkum sýslunnar fimta hvert ár næst á undan að markaskrá á að ganga í gildi og annast um prentun hennar.

Sveitarstjórnir skulu mörkum safna hver í sínum hreppi á vorhreppamóti, og greiði hver markeigandi ákveðna borgun fyrir mörk sín eftir fyrirmælum sýslunefndar, enda er hver markeigandi skyldur að hafa mörk sín í gildandi markaskrá. Mörkin skulu þegar send til raðarans, og skal hann annast um, að markaskránar sjeu komnar heim í hreppana fyrir 15. júní það ár, sem hún á að ganga í gildi. Kaupmenn og kaupfjelög, sem kaupa fje til slátrunar að hausti, skulu skyldir að hafa á fje því glögg einkenni, olíumál eða tjöru á snöggkliptum bletti í hnakka, sinn sjerstaka lit hver. Litareinkenni þessi gilda því að eins sem eignarheimild, að þau sjeu sem önnur mörk skráð í gildandi markaskrá sýslunnar. Sje það vanrækt, skal með fje þeirra farið sem óskilafje.

10. gr.

Nú er samt ekki mark einhvers í skránni og enginn rjettarmanna þekkir mark hans, skulu rjettarstjórar fara með það fje eins og óskilafje. Komi eigandi síðar til, fær hann fje sitt, en borgar allan kostnað, sem fyrir því hefir hafður verið, og auk þess hæfilega þóknun, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem fjeð er í, fyrir vanrækslu sína. Geti hann sannað, að hann hafi ekki vanrækt skyldu sína samkv. 9. og 11. gr., er hann sýkn.

11. gr.

Þegar einhver tekur upp mark eftir að safnað er mörkum til markaskrár og áður en til nýrrar er safnað, eða kemur með mark sitt inn í sýsluna, þá skal hann fyrir 15. júní tilkynna það oddvitanum í sínum hreppi og skal hann fyrir lok júnímánaðar senda oddvita sýslunefndar skýrslu um mörkin ásamt ákveðnu gjaldi fyrir hvert mark. Skal hann svo sjá um, að slík mörk sjeu prentuð og þeim útbýtt um hreppa sýslunnar í jafnmörgum eintökum og markaskrárnar. Leiðrjettingar á raugprentuðum mörkum skal sýslusjóður borga.

III. Um notkun afrjetta.

12. gr.

Afrjett er þar, sem venja hefir verið, enda sje eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri, og eptir því skal í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga hreppsmenn. Skulu þau takmörk gilda, er þeir ákveða. Rjett er að kjósa til þessa 3 menn í tveimur eða fleiri stöðum í víðlendum hreppum. Akvæði gjörðarmanna skulu rituð í gjörðabók hreppsins, eða geymd við skjalasafn hans.

13. gr.

Hver búandi er skyldur til að reka sauðfje sitt og lömb og þeirra, sem hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarafrjett ellegar á afrjett annara sveita, og er honum það heimilt. Sekt varðar ef hann sleppir sauðfje sínu í heimalandi. Hún skal ekki lægri vera en 10 aurar fyrir hverja kind. Þó má hreppsnefnd leyfa undanþágu frá þessari reglu, þar sem afrjettarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.

14. gr. 156
10. sept.

Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrjett, sem hann getur rekið fje sitt á, þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana að útvega sjer afrjett. Vinnist henni það eigi, er honum vítalaust að hafa fje sitt i heimalandi. En varast skal hann að reka það í annara land eða að þeim. Skyldur er búandi að reka á afrjett sem fæst, sje hún ekki meira en hálfa þingmannaleið á burtu.

15. gr.

Þegar fje rennur á sumrum úr afrjett í heimalönd, svo spillir málnytu og engjum búenda, mega þeir, sem fyrir átroðningi verða, kveðja næstu búendur, er á þá afrjett ráku, er fje rann úr, til að leggja mann til að reka fje á afrjett af nýju, þó skulu utansveitarmenn lausir við þá kvöð. Skyldir eru þeir, sem næst búa afrjett, að varna geldfje, hvað þeir geta, án verulegs tilkostnaðar, að renna út um sveit.

16. gr.

Nú þykir tveimur eða fleiri búendum ofsett geldfje á eina sveitarafrjet tfremur en aðra, og bera það upp fyrir hreppsnefnd, þá skal hún láta búendur kjósa 3 menn til að gjöra áætlun um, eftir kunnugleikum og því sem reynst hefur, hversu margt fje sú afrjett muni bera til góðra nota. Þessa áætlun auglýsir hreppsnefnd hreppsbúum og afrjettarbónda, og skal hún rituð í gjörðabók hreppsins. Ber afrjettarbónda að haga fjártöku í afrjettina eptir þeirri áætluu Sekt varðar ef hann tekur hundrað fleira en ákveðið var í afrjettina. Um upphæð hagatolia verður að fara eptir því, sem tíðkast hefur í hverri sveit, 2 til 6 aurar fyrir kind.

17. gr.

Ef búandi rekur eða lætur reka fje sitt heimildarlaust í annars manns heimaland eða afrjett, má landráðandi bera sig upp um það fyrir hjeraðsdómara.

IV. Um fjallgöngur.

18. gr.

Þrjár skulu fjallgöngur hvert haust. Skal byrja hina fyrstu í allri Suður-Múlasýslu á mánudag í 23. viku sumars, hina aðra á mánudag í 24. viku sumars og hina þriðju á mánudag í 25. viku sumars. Ef veður bannar göngu eða ónýtir á rjettum göngudögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir.

Skipa skal hreppsnefnd aukagöngur fyrir og eptir löggöngur vegna ískyggilegs tíðarfars eða aðalgöngur misheppnast, og hvíia sömu skyldur á búendnm sem löggöngur væru.

19. gr.

Skipa skal hreppsnefnd tvær eða fleiri göngur að vorinu í afrjetti og heimalönd, meðan fje er í ullu og lömb ómörkuð. Skulu oddvitar hreppsnefnda koma sjer fyrirfram saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli.

156 10. sept.

20. gr.

Hreppsnefnd skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrirfram til hverrar göngu, ákveða þar hverjir skuli ganga hvert afréttarsvæði, kjósa gangnaforingja, eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna.

Enginn má skorast undan gangnaforustu, nema hann sje löglega hindraður. Sektum varðar ef mót er brotið.

Í sömu seðlum skal og ákveða göngudaga í heimalöndum og skulu þeir vera sömu daga og á afrjettum.

V. Um skyldur búenda við fjallgöngur.

21. gr.

Skyldur er hreppsbúi hver, sem sjálfum sjer er ráðandi og hefur undir hendi 10 kindur eða fleiri, sem á fjall ganga, að leggja mann eða menn í allar fjallgöngur, sem hreppsnefnd ákveður. Sömu skyldur hafa utanhreppsmenn, sem afrjettir nota í hreppum.

Skyldur er hver að hreinsa heimaland sitt. Hreppsnefnd hver skal sem mest fara eptir fjárhæð búanda, er hún ákveður leitarmenn og tölu þeirra frá heimili hverju. Þar skal hver leita sem hreppsnefnd ákveður. Húsbóndi annast fjallskil fyrir hjú sín og aðra sem á hans vegum eru og ekki eru gangnaskyldir samkvæmt fyrri málsgrein.

22. gr.

Veita má hreppsnefnd bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum undanþágu frá einni eða fleiri göngum. Sömuleiðis þeim, sem mjög fátt fé eiga.

23. gr.

Nú hefur búandi engan göngufæran mann, eða ekki nógu marga, og skal hann þá fá annan mann (menn) fyrir sig.

24. gr.

Þar sem afrjettir eru víðlendar, og hreppsnefnd þykir þurfa, skal á kostnað sveitarinnar byggja göngukofa á hentugum stöðum, svo að göngumenn geti notið þar húsaskjóls þegar þarf meðan á göngum stendur. Þeir kofar skulu vera svo rúmgóðir að í þeim geti verið allir þeir menn, sem þá afrétt þurfa að ganga. Skulu þrep vera umhverfis í þeim eða með annari hlið svo breið að menn geti legið á þversum og hafa á þeim hey eða lyng til mýkinda Svo skal ganga frá dyrum, að eigi fenni inn á vetrum. Tóft skal byggja hjá göngukofa til að hýsa í um nótt kindur, er finnast í seinni göngu, þá menn þrýtur dag til að ná til bygða.

25. gr.

Enginn fjáreigandi má skorast undan að leggja menn í þær göngur, sem hér eru ákveðnar, og hreppsnefnd nefnir menn til, leggi hann eigi liðgengan mann í hverja af þeim, er hanu sekur um 30—25 kr., fyrir hverja göngu, er hann lætur mann vanta í, nema hann hafi undanþágu fengið. Sömu sekt skal varða, ef hann lætur ónýtan mann í löggöngur, að þeim mun minni, sem heldur verður not að ljettingi er hann sendir. Skal um það ráða mestu vott-

orð gangnaforingja, enda er hann aðili þessara mála. Skotið getur hlutaðeigandi máli sínu til **156**
sýslunefndar, þyki þeim sér gjörð of há fjallskil og fá þá endurgjald úr sveitarsjóði, falli úr- 10. sept.
skurðir þeim í vil, en hlíta verða þeir í svip fyrirmælum sveitarstjórna.

26. gr.

Nú eiga einhverjir búendur fje á afrjettum annara hreppa, og verður að leggja þangað menn í göngnr. Skulu þeir engu að síður skyldir til að hreinsa heimalönd sín og leggja menn i allar göngur í sínum hreppi eptir því og þar sem hreppsnefnd ákveður, nema þeir hafi ekki getað fengið afrjett í sínum hreppi og hafi fengið vottorð hreppsnefndar þar um, eða þeir sanni að sú afrjett sé ofhlaðin. Veita má hreppsnefnd undanþágu frá þessari ákvörðun, ef henni virðist ástæða til.

VI. Um gangnaforingja.

27. gr.

Þeir sem ganga eiga hverja afrjett eða hverja samgöngu, skulu koma saman á næsta bæ henni eða í göngukofa, ef hann er til, næsta dag fyrir göngudag. Þar skulu þeir kjósa, ef hreppsnefnd hefir eigi áður kosið gangnaforingja þann, sem vel er kunnugur afrjettinni og kendur er að ráðdeild og gætni.

Fatlist gangnaforingi kjósa leitarmenn annan í hans stað úr sínum flokki.

28. gr.

Þegar gangnaforingi er kosinn skal hann skifta liði sínu og ákveða hvar hverjir skuli ganga, hvað langt og hvernig færa skuli fjeð saman eftir landslagi. Hann ákveður hverjir gæta skuli fundins fjár og hverjir gera víðari leitir, enda eiga gangnamenn hans ráða að leita, ef til hans nær, meðan á göngum stendur og nýrra úrræða þurfa.

Allir í samleit eru skyldir að hlýða gangnaforingja meðan á göngum stendur og bregða ei út af meðan fært er. Sektum varðar ef gangnamenn óhlýðnast skipun gangnaforingja.

29. gr.

Nú spillist veður, eða göngur ónýtast fyrsta gangnadaginn, skal þá gangnaforingi skipa nýja leit næsta dag eða næstu daga ef veður leyfir og eigi hverfa frá fyrr en svo er hreinsuð afrjettin, sem kostur er á að því sinni.

30. gr.

Þegar gangnaforingi vanrækir svo skyldur sínar, að mjög sýnist vítavert, varðar það sektum eftir málavöxtum.

VII. Um rjettir og fjárdrátt.

31. gr.

Lögrjettir skulu vera í hverjum hreppi þar sem verið hafa, eða hreppsnefnd ákveður

156 10. sept.

með ráði búenda. Þær rjettir skulu byggja og þeim við halda þeir hreppsbúar, sem þær nota helst og þeim eru næstir, eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

Þegar lögrjett skal byggja eða bæta kveður hreppsnefnd til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rjett eiga uppi að halda, og svo marga, sem hún ætlar til þurfa. Rjettarbóndi skal stýra þeim verkum, eða sá sem hreppsnefnd ákveður. Ef sá kemur ei til rjettarhleðslu, sem kvaddur er, þá skal hann greiða 6 krónur fyrir hvert dagsverk, er honum ber að vinna. Sama skylda hvílir á utansveitarmönnum sem afrjettir eiga og nota, um viðhald og byggingu lögrjetta.

32. gr.

Til sveitarrjettar skal alt fje rekast á haustum, þá gengið er á sama degi úr afrjettum og heimalöndum, er til hverrar rjettar liggja, og draga það þar sundur eftir mörkum og einkennum, sem markaskrár og dráttarmenn segja til.

33. gr.

Rjettarstjóri skal vera við hverja sveitarrjett, þá dregið er. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Rjettarstjóri skal segja fyrir hvernig draga skuli, hvaða fje fyrst og eftir hvaða röð; hann skal hafa í höndum markaskrá sýslunnar og hinna næstu sýslna, svo og hið sama skriflegar marklýsingar, er til hreppsnefndar hafa komið, og ekki eru áður færðar inn í markaskrá hreppsins. Þegar alt hreppsfje hinna næstu hreppa sem menn eru til að taka á móti, er dregið, svo úrtíningurinn er eftir, skal rjettarstjóri fá til tvo eða fleiri gætna menn og og markglögga, að draga úr honum alt það fje, sem eigendur finnast að, og ráðstafar hann því í rekstra í þær áttir er helst á við, en því fje, sem enginn finst eigandi að, ráðstafar hann til hreppsnefndaroddvita, eða þess manns er hreppsnefnd hefir falið á hendur að veita því móttöku og annast það. Allir dráttarmenn í sveitarrjettum eru skyldir að hlýða fyrirmælum rjettarstjóra um fjárdrátt og annað sem þar að lýtur. Sektum varðar öll óhlýðni við hann þessu erindi viðvíkjandi.

34. gr.

Þegar fje rennur fram í haustrjettum, sem enginn veit hver á, markað eða ómarkað, þá skal rjettarstjóri akora á dráttarmenn að leita eftir mæðrum, sem helgi sjer ómerkinga. Nú verða þær eigi fundnar og lætur hann þá þegar auðkenna ómerkinga hreppsmarki, eða brennimarki, en merktu kindurnar lit eða lagði, verði ekki komið á þær að minsta kosti brennimarki hreppsins. og skrifar nákvæma lýsingu marka og einkenna á þeim. Eftirrit af þeirri lýsingu skal hann senda þá þegar oddvita, sem aftur sendir lýsingarnar með fyrstu ferð oddvitum hreppsnefnda í næstu hreppum. Vel má og hreppsnefndaroddviti biða þess að hann fái lýsingar af óskilakindum saman af öllum sveitarjettum, og sendi hann þá eftirrit af þeim í allar næstu sveitir oddvitum þar. Sama ber að gera ef óskilakindur koma fram í hreppum eftir rjettir. Þær skal afhenda hreppsnefnd til umsjónar.

VIII. Um rekstra.

35. gr,

Útansveitarfje það, sem fyrir kemur í sveitarjettum og enginn er til að taka á móti, skal dregið í rekstra eftir því sem það á samleið til, og rekið hrepp úr hreppi beinustu leið til eiganda. Hreppsbúar hvers hrepps annast rekstur um sinn hrepp og til næsta bæjar í næsta

hreppi, sem rekstur á leið um, ef innan sýslu er. Um rekstra í aðrar sýslur fer eftir venju í hreppum þeim er að sýslumerkjum liggja, eða samkomulagi hreppsnefnda þar. **156** 10. sept.

Sláturfje kaupmanna og kaupfjelaga, sem rekið er til kaupstaða, er stranglega bannað að sleppa mannlausu yfir nætur í afrjett eða heimalönd manna. Skulu rekstrarmenn hafa það í girðingum eða í rjettum um nætur. Þeir skulu á rekstrarleiðum gæta þess vandlega, ef annara fje lendir saman við, að skilja það frá og vísa í rjetta átt og gera sem minst ónæði á fjenaði búenda. Brot gegn ákvæðum þessum varðar sektum frá 50—200 krónum. Sömu viðurlögum sætir það, ef það sannast að fje manna rekst til ógreiða, með sláturfjárrekstrum til kauptúna.

36. gr.

Hreppsnefnd hver ákveður rekstrarleið um sinn hrepp og til grannhreppa, en þeir sem við rekstrum taka hjá haustrjettum skulu að öllu með þá fara sem rjettarstjóri mælir fyrir. Hann skal láta seðla um mark og markeigendur fylgja þeim kindum, ef mark þeirra er ekki í markaskrá sýslunnar, ef honum er það kunnugt af markaseðlum eða öðrum marklýsingum. Rekstrarskyldir eru þeir allir, sem jörð hafa til ábúðar, eins tómthúsmenn, sem grasnyt hafa og einhverja gripi, ef þeir eru gangnaskyldir.

37. gr.

Fje skal að jafnaði til gæslu komið um veturnætur og eftir þann tíma skulu búendur sem mest forðast að láta annara fje vera saman við sitt fje, heldur skilja það frá og reka til næstu bæja áleiðis til eigenda, sem og vafafje áleiðis til oddvita.

Hafa búendur allar sömu skyldur við slíka rekstra sem lögrekstra.

Sýni einstakir fjáreigendur sjerstaka vanhirðu í því að halda fjenaði sínum í heimahögum eftir veturnætur, en láti hann renna út um sveit öðrum til erfiðisauka og tafar, skulu þeir sektum sæta. Eins skal það sektum varða fyrir eigendur eftir málavöxtum, ef hrútar eru látnir ganga úti milli Marteinsmessu og sumarmála.

38. gr.

Rekstrar skulu tafarlaust reknir bæ frá bæ, en kannaðir á hverjum bæ af húsráðanda, eða öðrum í hans stað, ásamt fylgiseðlum og fje það úr tekið sem ekki á samleið lengra, eða rangrekið kann að vera, og því snúið í rjettar áttir. Nú er enginn rekstrarfær maður heima þar sem við rekstri skal taka og rekur þá sá er með rekstur kom áfram til næsta rekstrarfærs manns eftir að hafa kannað rekstur, svo sem áður segir, en heimtar endurgjald af hreppsnefnd sinni og hún aftur af búanda þeim, er reka átti.

Eina kind er óskylt að reka, en varðveita skal hana með heimafjenaði og gera eiganda aðvart við fyrsta tækifæri eða koma henni í rekstur, sem fara kann í rjetta átt.

39. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá, sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði, eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í illum húsum, eða úti í fárviðrum. Lýsingarseðlum sem rekstrum fylgja má enginn týna, afhendi þá með rekstrinum. Ef öðru vísi er farið með rekstra varðar það sekt eftir málavöxtum.

40. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna þeim, varðar sektum ef upp kemst.

156 10. sept.

41. gr.

Nú kemur fram utansveitarfje eftir göngur og skal finnandi tafarlaust segja til þess oddvita hreppsnefndar, sem ráðstafar því eftir málavöxtum.

Fyrir óheimt fje, sem á afrettum finst eftir löggöngur, geta finnendur krafist fundarlauna. Þau skal hreppsnefnd ákveða, ef finnandi og eigandi verða eigi ásáttir, eða ef eigandi er fjarlægur, og skal hún greiða þau til bráðabirgða, en telja með fyrirhafnarkostnaði á kindunum, og má selja kindurnar til lúkningar því þegar, ef eigandi vill ekki greiða.

Fundarlaun skulu eftir atvikum vera $^1/_8$—$^1/_2$ af verði hinna fundnu kinda eftir mati hreppsnefndar.

42. gr.

Þegar áfelli dettur á svo hýsa þarf og gefa utansveitarfje, meðan á löggöngum stendur, þá skal þar hirða, sem það er statt, nema hreppsnefnd hafi öðru vísi fyrirmælt.

Hver hreppur er skyldur að reka í næsta hrepp yfir fjallvegi úr hverri löggöngu, og auk þess einn rekstur á tímabilinu til 20. okt. hvert haust. Komi utanhreppsfje fyrir eftir þann tíma, skal tilkynna það oddvita þess hrepps, sem fjeð á heima í, með hraðboða til ráðstöfunar. Verði því ekki ráðstafað og greiddur kostnaður á því verður það selt og meðhöndlað sem annað óskilafje hreppsins, sbr. 46. gr.

IX. Óskilafje.

43. gr.

Það er skylda hvers manns, er hann finnur dilka ómarkaða á sumrum og hann getur handsamað dilk og móður, að marka dilk móðurmarki á eyrum eða hornum.

44. gr.

Þegar lýsing á óskilafje er komin til oddvita hreppsnefndar, skal hann auglýsa hana sem fyrst í sínum hreppi, með því að láta eftirrit af henni berast bæ frá bæ, eða á annan hátt sem hreppsnefnd þar þykir best henta. Nú finst eigandi þar að óskilakind og auglýsir oddviti það hreppsnefnd, þar sem óskilakindur eru og gerir ráðstöfun fyrir að kindin verði sótt.

45. gr.

Komi áfelli áður en óskilafje er selt, skulu þeir sem fjeð er hjá annast það eftir föngum. Allan kostnað vegna óskilafjár skal borga í bráð úr sveitarsjóði, þegar hreppsnefnd hefir samþykt hann.

46. gr.

Í annari löggöngu má selja alla ómerkinga, sem ekki hafa fundist eigendur að, eða mæður hafa helgað sjer, við opinbert uppboð, en annað óskilafje og utanhreppsfje, sbr. 42. gr. getur hreppsnefnd látið hreppstjóra selja við lok októbermánaðar. Komi eigandi fram fyrir næstu fardaga, og sanni eignarrjett sinn á seldum óskilakindum, skal honum skilað andvirðinu að frádregnum kostnaði, ella rennur það í sveitarsjóð.

47. gr. **156**

Skýrslu um óskilafje, mörk þess og einkenni sendir hreppstjóri þegar eftir uppboð til birtingar í Lögbirtingablaðinu og auk þess í einhverju útbreiddu frjettablaði. Auglýsingakostnaður greiðist úr sýslusjóði. 10. sept.

X. Um sektir.

48. gr.

Sektir fyrir brot á reglugjörð þessari. Þar sem þær eru ekki ákveðnar við sjerstakar greinar, skulu vera frá 10—100 kr. nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, nema við síðari málsgrein 35. greinar — þá falla þær til þess, sem fyrir ágangi verður. Öll brot gegn reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

49. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd og skal meðfarið, sem fyrir er mælt í 68. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefir samið og samþykt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. október 1919 og fellur jafnframt úr gildi reglugjörð 4. júlí 1892 um sama efni og síðari reglugjörðir um breytingar á þeirri reglugjörð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10 sept 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

157
26. sept.

Reglugjörð

um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrarkaupstað.

I. Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: Formanni bæjarstjórnar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og þremur bæjarfulltrúum er bæjarstjórnin kýs. Kosningar í nefndina fara fram á sama hátt og kosningar í aðrar nefndir bæjarstjórnarinnar að afloknum venjulegum bæjarfulltrúakosningum.

Brunamálanefndin hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem það ekki ber beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því að ákvæðum brunamálalaganna og reglugjörðar þessarar sje í einu sem öllu framfylgt, og fullnægja skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

II. Hver slökkvitól kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Akureyrarkaupstað er skylt auk slökkvitólahúsa að eiga í notfæru ástandi að minsta kosti þessi slökkvitól:

3 slönguvagna
2 slökkvidælur,
2 björgunarstiga,
Ljósker og önnur smærri áhöld.

Áhöldum þessum skal á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við. Slönguvagnarnir og slökkvidælurnar skulu smurðar svo oft sem þess er þörf og dælurnar reyndar að minsta kosti tvisvar á ári. —

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til, að auka slökkvitólin, skal hún leggja það til við bæjarstjórnina, að svo verði gert.

3. gr.

Slönguvögnunum og slökkvidælunum sem og öðrum slökkviáhöldum skal skift niður í slökkvitólahúsin eftir því sem slökkviliðsstjórinn ákveður. Slökkvitólahúsin skulu að minsta kosti vera tvö, annað í ytri hluta bæjarins, en hitt í innbænum.

Lyklar að slökkvitólahúsunum skulu vera í vörslum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu sem þurfa þykir. Slökkvitólahúsunum skal haldið vel við á kostnað bæjarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjá brunamálanefndar eftirlit með slökkvitólunum, ber ábyrgð á því að þau sjeu fyrir hendi, og að þeim sje vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefndinni skrá yfir slökkvitól þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitól hafi verið keypt á árinu, og hver hafi gengið úr sjer.

III. Hver slökkviáhöld húseigandi skuli útvega og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Hverju húsi skal fylgja einn krókstjaki hæfilega sterkur og minst 5 metra langur. Ennfremur stigi, er sje svo langur að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins, og tvær skjólur. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sje aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

Bæjarstjórnin getur látið setja í sjerhverju húsi kaupstaðarins slökkvitæki í sambandi við vatnsveitupípur hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess, að verjast eldsvoða eða slökkva eld.

IV. Skylda borgaranna til að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðsins.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega í blaði, sem gefið er út í kaupstaðnum, hver sje slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir sjeu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr bænum báðir í senn, nema alveg sjerstaklega standi á, enda hafi þeir leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

7. gr.

Allir karlmenn í bænum sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára uns þeir eru 60 ára nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknar, lyfsali og símastjóri undanskyldir.

8. gr.

Í slökkviliðinu skulu að minsta kosti vera þessir menn: Slökkviliðsstjórinn, varaslökkviliðsstjórinn, áhaldaumsjónarmaður, 36 liðsmenn og 2 brunakallarar.

12 af liðsmönnunum skulu vera búsettir í innri hluta Akureyrarkaupstaðar og skal einn af þeim sjerstaklega skipaður til að vera yfirmaður og stjórna þeim ef slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri ekki er viðstaddur þegar eld skal slökkva.

157
26. sept.

9. gr.

Bæjarstjórnin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefndin ræður hina aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsina án nokkurs fyrirvara ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínn í slökkviliðinu.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri — ef starfið er ekki sameinað öðru starfi sem árslaun eru greidd fyrir úr bæjarsjóði — hefir 300 kr. laun á ári og varaslökkviliðsstjóri 100 kr. Hinir almennu liðsmenn slökkviliðsins fá kr. 1,50 fyrir hverja klukkustund sem þeir vinna að því að slökkva eldsvoða, og að auki 1 kr. fyrir að gegna kalli til eldsvoða. Við æfingar og við varðþjónustu, hvers konar sem er, fá þeir 1 kr. fyrir hverja klukkustund. Kaup áhaldaumsjónarmanns skal ákveðið með samningi. Úr bæjarsjóði greiðast að fullu skaðabætur fyrir skemdir á fatnaði slökkviliðsmanna og annara er vinna að því að slökkva eld.

11. gr.

Bæjarstjórnin ákveður eftir tillögu brunamálanefndar hver einkenni slökkviliðið skuli bera þegar það er að starfi sínu.

12. gr.

Slökkviliðsstjórinn stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því að ávalt séu nógu margir í slökkviliðinu og að það sje vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og alt hvað gera skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki láta rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema samþykki lögreglustjóra- eða þess er fer með umboð hans við eldsvoðann — komi til, Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sje hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

13. gr.

Sjerhver slökkviliðsmaður er að viðlagðri sekt skyldur að mæta til æfinga og til að slökkva eld þegar hann er til þess kallaður hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og hlíða þá í einu sem öllu því sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökt er eða slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið

14. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni lögregluþjónar bæjarins, dagverðir og næturverðir, og ennfremur 6 menn er lögreglustjóri kveður til þess úr flokki þeirra sem skyldir eru til að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að viðhalda góðri reglu við

eldsvoða, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um að engir óvið- **157**
komandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burt. 26. sept.

V. Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

15. gr.

Vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar sjeu óskemdir og ávalt í notfæru ástandi hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sje þess vandlega gætt að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf og á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skal einu sinni á mánuði sannprófa að þeir sjeu óskemdir. Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjórans og umsjónarmannsins.

16. gr.

Skylt er sjerhverjum húseiganda að leyfa að vatn sje tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýst, og má enginn,, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir að slökkviliðið hefði greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða eru bæjarbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

17. gr.

Ef hús brennur þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum nægir ekki, er sjerhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn, og leyfa að vatn sje tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fult endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

18. gr.

Það er skylda hvers og eins, sem er viðstaddur eldsvoða hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í tje alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórnin krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. Um skoðun eldfæra og reykháfa.

19. gr.

Bæjarstjórnin skal einu sinni á ári hverju í október eða nóvembermánaði láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum bæjarins, og líta eftir að þau sjeu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni sjeu geymd sem vera ber. Komi það í ljós við skoðunina að einhverju sje ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá að honum liðnum ný skoðun fara fram. Komi það í ljós við hina síðari skoðun að enn sje ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal taf-

157 arlaust kæra hlutaðeigandi fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brot-
26. sept. lega og skyldar hann til að færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. Um brunaboðun.

20. gr.

Það er skylda hvers eins er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturvörður skal á göngum sínum um bæinn hafa sjerstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað og fá aðra til að tilkynna það slökkviliðsstjóra og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gjörð, slökkviliðið kallað til með því að hefja brunakall um bæinn með brunalúðri.

VIII. Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

21. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarsstaðar á almanna færi, eða milli húsa, eða á görðum má eigi setja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar, nema leyfi sje veitt til þess í hvert skifti af slökkviliðsstjóranum og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gæta. Þegar slík eldun er leyfð, skulu menn ávalt vera við eldinn, og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldnæmum efnum.

Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugjörð og bikgjörð undir beru lofti. Í húsum inni má ekki hafa slíkt um hönd á náttarþeli.

Milli húsa eða úti við má ekki bera eldglæður nema í lokuðum málmkössum.

22. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar og veitir brunamálanefndin því aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldshætta. Mikið af viði og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús þar sem slökkviliðsstjóri leyfir. Ákveður hann um leið hve stór hver trjástakkur megi vera, hve langt bil skuli vera milli þeirra, og minstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó aldrei má vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstakk hærri en 6 metra, ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá einnig stakkarnir ekki nær hver öðrum en 2 metra og ekki nær næsta húsi en 6 metra.

23. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða áþekkum lýsingarvökvum, skal hjergreindum varúðarreglum fylgt:

a. Sjeu birgðirnar meira en 800 lítrar, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt birgt sje í lokuðu ljóskeri, ekki kveykja á eldspýtu nje reykja þar tóbak. Heldur ekki mega þar vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur.
b. Sjeu birgðirnar ekki meira en 800 lítrar, og þær geymdar utan húss í görðum eða hús-

um, sem engin íbúð er í, má því aðeins bera þar um ljós, að það sje í lokuðu ljóskeri, **157**
en eld má þar ekki kveykja nje bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnu 26. sept.
eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sje geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a,
m. k. í 2. metra fjarlægð:

c. Birgðir alt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós má ekki tappa úr ílátum neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40 gr. hita hundraðamæli (C).

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta als hreinlætis. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. — Í húsinu má ekki geyma eldnæma hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sje höfð ábreiða, sem ekki er eldnæm.

Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af ofangreindum ljósvökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sje ávalt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo að óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

24. gr.

Í smíðahúsum handiðnamanna, sem fást við trjesmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðinu eða ofninum og ekki má reykja þar tóbak.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minsta kosti 8 c. m. út á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.

c. Kertaljós má því aðeins nota, að það sje haft í ljósastjaka úr málmi og nauðsynlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sje borðlampi notaður skal hann standa á þungum fæti, svo að ekki sje hætt við að hann velti um koll.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið þegar kveykt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún ekki geti kveykt frá sjer.

e. Trjespænir, hey eða aðrir slíkir eldnæmir hlutir mega ekki liggja dreyfðir um smíðahússgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir burt úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sjerstökum stað í húsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af trjespónum skal geyma í lokuðum klefum, þar sem engin sjerstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trjesmíðaefni mega ekki liggja í göngum nje í stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sjerstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, sem fást bæði við trjesmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járnsmiðju sinni en þarf til þess, að vinnan verði int af hendi viðstöðu og tafarlaust.

g. Þegar vinnu er lokið að kvöldi og áður en smiðir fara úr smíðahúsinu skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki inn í það.

h. Í sjerhverju smíðahúsi skal vera sjerstakur vatnskrani með viðfestri slöngu.

i. Í sjerhverju smíðahúsi skal prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sje hlýtt, og að hinnar mestu varúðar sje að öllu leyti gætt í allri meðferð á eldi eða ljósi.

157
26. sept.

IX. um slökkviliðið.

25. gr.

Slökkviliði bæjarins skal þannig skift:

1.	Björgunarflokkur	7 menn
2.	Húsrifsflokkur	3 —
3.	Vatnsslönguflokkur	16 —
4.	Stiga flokkur	6 —
5.	Brunahanaflokkur	4 —
6.	Brunaboðar.	4 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir 5 hina fyrstnefndu flokka

26. gr.

a. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt sem unt er. Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast og undantekningarlaust.

Öllu, sem hann bjargar, skal hann fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unt er.

Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað.

Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sjerstaklega snúið sjer til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkurinn skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávalt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum.

c. Vatnsslönguflokkurinn skal koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sje að drepa eldinn, eftir fyrirskipunum yfirmannanna.

d. Stigaflokkurinn skal sjá um, að stigar sjeu til eftir þörfum, reisa þá upp, þar sem þeim er fyrirskipað, og sjá um, að þeir sjeu svo tryggilega útbúnir, að ekki stafi hætta af. Ennfremur skulu þeir hjálpa til með brunarörin.

e. Brunahanaflokkurinn skal sameina slöngurnar brunahönunum og skrúfa þá til eftir því sem slönguliðið óskar og yfirmenn fyrirskipa.

f. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra. Sje það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var.

Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og húsnúmer, þar sem eldurinn er.

Skyldir skulu þeir, að afloknum útblástri, til að mæta á brunastaðnum og láta slökkviliðsstjóra þegar vita af sjer, til frekari fyrirskipana. Loks skulu þeir skyldugir að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sjer sjerstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr. **157**

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugjörð bæjarins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir ekki hlýða aðvörunum þeirra, að gera slökkviliðsstjóra aðvart, svo fljótt sem hægt er. 26. sept.

29. gr.

Allir liðsmenn, að undanskildum björgunarflokksmönnum, eru skyldir að mæta á brunastöðinni, nema þeir sjeu þess fullvissir, að öll áhöld sjeu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu standi.

Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

30. gr.

Rjettindi liðsmanna eru þessi:

1. Kaup við æfingar 1 króna fyrir hverja klukkustund, en við bruna kr. 1,50.
2. Full endurgreiðsla á skemdum á fötum eða öðru eignatjóni, sem orsakast af aðstoð hans við bruna.
3. Verði slökkviliðsmaður fyrir slysi við bruna, sem orsakar vinnutap, læknishjálp, spítalalegu eða aðra aðhjúkrun, skal hann af bæjarfje fá skaða sinn endurbættan eftir mati þriggja manna, er skipaðir sjeu þannig, að bæjarstjórn Akureyrar tilnefni einn þeirra, slökkvilið Akureyrar annan og stjórnarráð Íslands hinn þriðja, er sje oddamaður.

Sama rjett til endurgjalds hefir sá maður utan slökkviliðsins, sem slasast við verk er slökkviliðsstjóri hefir skipað honum að vinna við eldsvoða.

Nú deyr maður af slysi því, er bæta bar fyrir, samkvæmt framanrituðu ákvæði, og fær þá ekkja hans og börn skaðabætur eftir mati nefndarinnar. Láti hann hvorki eftir sig ekkju nje börn, en farlama foreldra, fái þeir helming skaðabóta, er ekkja eða börn mundu hafa fengið.

X. Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki alt að 50 króna sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Akureyrar.

32. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóv. 1919 og er þá um leið úr gildi feld reglugjörð fyrir eldvarnar og slökkviliðið á Akureyri 30. nóv. 1908.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 42 frá 20. október 1905 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 26. sept. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

158
3. okt.

Reglugjörð

um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði.

1. gr.

Rafveitan á Patreksfirði selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir til samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefnd, með ráði stöðvarstjóra. selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar rekstur stöðvarinnar til ljósa, en þó sjerstaklega þann tíma dags eða árs, sem aflið er eigi notað til ljósa.

3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 1. ágúst til 15. mai ár hvert, frá þeim tíma daga, er ljósa gjörist þörf og þar til á morgna að vinnubjart er orðið, en ljósnotendum skal þó heimilt að nota ljósin á öðrum tíma, ef stöðin er í gangi.

4. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka strauminn af, að brýna nauðsyn beri til sökum viðgerða eða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum á þræðina svo fljótt, sem unt er.

Komi það fyrir að vjelarnar af ofangreindum ástæðum sjeu stöðvaðar meira en tvo sólarhringa í senn á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. mai, skal draga frá $^1/_{290}$ af árgjaldi fyir hvern sólarhring sem fram yfir er, en á tímabilinu frá 15. mai til 1. ágúst skal draga $^1/_{500}$ af árgjaldinu hjá þeim notendum, sem nota rafmagn til annars en ljósa, en ekkert hjá öðrum notendum; að öðru leyti ber stöðin enga ábyrgð gagnvart rafmagnsnotendum á lokun, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum, en skemdir verða bættar svo fljótt sem unt er.

Breytingar og viðgerðir svo og viðtengingar á nýjum línum skulu, að svo miklu leyti sem unt er, fara fram á þeim tímum, sem stöðin starfar ekki.

5. gr.

Hver sem óskar að fá nýja rafleiðslu inn í hús sitt eða láta breyta eldri leiðslu skal senda um það skriflega beiðni til formanns rafveitunefndar með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið afl hann vill fá til ljósa eða annarar notkunar. Formaður leitar álits stöðvarstjóra og leggur síðan umsóknina með athugasemdum fyrir rafveitunefndina, sem ákveður hvort innleiðslan eða breytingin skuli leyfð eða ekki. Formaður tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar ekki síðar en 3 vikum eftir að umsóknin kom honum í hendur. Áður en byrjað er á verkinu skal umsækjandi með undirskrift sinni skuldbinda sig til að fylgja fyrirmælum þessarar reglugjörður. Pöntun á rafmagni sé bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár.

158
3. okt.

6. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmum alt að 35 metrum, það sem fram yfir er, kostar húseigandi. Sjeu sjerstakir örðugleikar við lagningu húsálmu, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, en ef svo stendur á, skal gera hlutaðeiganda aðvart um það fyrirfram.

Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

7. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld skal setja upp á kostnað umsækjanda af stöðvarstjóra eða öðrum löggiltum rafleiðslumanni. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar og stöðvarstjóra hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir, innan húss eða utan.

8. gr.

Nú hafa raftaugar eða áhöld verið sett í hús eða breyting gerð á eldri leiðslum og má ekki taka innleiðsluna til afnota fyrr en stöðvarstjóri hefir athugað hana og vottað, að hún sje fullnægjandi.

9. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka afl úr rafveitunni nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum tækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við, samkvæmt lögum.

10. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber eftir mætti að sjá um, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á taugar eða tæki í húsi þannig að skemdum (eða hættu) geti valdið á eignum rafveitunnar, t. d. bráðni öryggi eða bilun sjáist á einangrun á leiðslum, skal húsráðandi tafarlaust tilkynna það rafveitunefndinni. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafveitan utan húss. Varast skal að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Verði rafmagn notað til suðu eða hitunar ber að gæta þess, að áhöldin sjeu þannig sett, að engin eldshætta stafi af þeim.

11. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir áliti hennar eða stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri,

Hreppsnefndin áskilur rafveitunni einkasölu á lömpum og öðrum rafveituáhöldum eða tækjum sem sett verða í samband við rafveituna.

12. gr.

Stöðvarstjóri og rafveitunefnd eða einstakir menn úr nefndinni skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar að rafleiðslum eða áhöldum, sem eru í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

158 3. okt.

13. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari eða virðir að vettugi bann eða fyrirskipanir rafveitunefndar, skal þá stöðvarstjóra heimilt, að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

14. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker hreppsnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

15. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi þriggja manna nefnd, sem hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn; gengur einn maður úr nefndinni árlega, fyrstu tvö skiftin eftir hlutkesti og er kosið í þeirra stað. Stjórnin kýs sjer formann og fjehirði.

Stöðvarstjóri á rjett á að sitja fundi sveitarinnar og taka þátt í umræðum, en atkvæðisrjett hefir hann ekki nema hann sje í nefndinni. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirmælum rafveitunefndar.

16. gr.

Rafveitunefndin annast innheimtu á gjöldum stöðvarinnar. Hún hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu, pantar efni og annað sem þarf að nota í samráði við stöðvarstjóra, hefir eftirlit með rekstri stöðvarinnar og framkvæmd á öllu, sem eigi er öðruvísi skipað fyrir um í reglugjörð þessari, semur ársreikning yfir tekjur og gjöld stöðvarinnar við hver árslok og afhendir hann endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, eigi síðar en 31. janúar. Reikningurinn skal afhentur hreppsnefnd endurskoðaður, eigi síðar en 15. febr.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

17. gr.

Hreppsnefnd semur í samráði við rafveitunefnd gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

18. gr.

Reglugjörð þessari svo og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

19. gr. **158**

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum nema þyngri hegning 3. okt.
liggi við og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Patrekshrepps.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 3. okt. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Gjaldskrá **159**

3. okt.

fyrir rafveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Verð á rafmagni er um árið:

Fyrir	1	hektowatt . .	kr. 50,00
—	2	— . .	— 95,00
—	3	— . .	— 135,00
—	4	— . .	— 170,00
—	5	— . .	— 200,00

og svo krónur 30,00 fyrir hvert hektowatt úr því. Fyrir rafmagn upp að einu hektowatti sje gjaldið hlutfallslega hið sama og fyrir eitt hektowatt, en síðan sje gjaldið fyrir hluta úr hektowatti miðað við næsta hektowatt á undan, þó þannig, að gjaldið fyrir brot úr hektowatti verði aldrei hærra en næsta hektowatt á eftir. Gjaldið er reiknað sjer fyrir hvern straumtakmarkara og sjer fyrir hvert hús, en þó jafnan sjer fyrir hvern notanda, sem hefir eldstó eða »dúk og disk«, hvort sem straumtakmarkari er í húsinu eða ekki.

Þegar rafmagnið er notað eingöngu til ljósa og enginn straumtakmarkari er hafður eða mælir, er verðið miðað við lampafjölda og ljósmagn hjá hverjum notanda. Eitt kertaljós jafngildir einu watti. Verði nokkuð selt eftir mæli verður gjaldið ákveðið með samningi við hvern notanda.

Rafmagn til ljósa í kirkjunni er selt eftir sjerstökum samningi. Þegar einstakir menn eða fjelög fá rafmagn á öðrum tíma en vjelarnar annars eiga að starfa, er verðið auk gjalds til stöðvarstjóra kr. 1,50 um klukkustundina og þó minst kr. 3,00.

Verðlag það, sem að ofan er sett, er hreppsnefnd í samráði við rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka um alt að 25%.

159
3. okt.

2. gr.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

Rafmagnsgjöldin greiðast tvisvar á ári, hálft árgjald í einu, 15. mars og 15. sept. og jafnan fult misserisgjald.

Hafi gjaldið eigi verið greitt 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflega tilkynningu til hans eða húseiganda.

Húseigandi ber ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Taka má gjaldið lögtaki.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 3. okt. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

160
9. okt.

Auglýsing

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1924 eftir ákvæðum sýslunefnda og bæjarstjórna samkvæmt 9. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905.

1. Reykjavíkurkaupstaður:

Til fullra	4	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	400	kr.
— —	9	—	—	...	...	...	...	...	..	320	—
— —	14	—	—	...	...	...	...	...	...	360	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	135	—

2. Hafnarfjarðarkaupstaður:

Til fullra	4	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	290	kr.
— —	9	—	—	...	...	...	...	...	...	200	—
— —	14	—	—	...	...	...	...	...	...	250	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	120	—

3. Gullbringusýslu:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	200	kr.
— —	14	—	—	...	...	...	...	...	...	150	—
— —	16	—	—	...	...	...	..	...	...	100	—

160
9. ekt.

4. Kjósarsýsla:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	200	kr.
— —	10	—	—	...	...	...	...	...	...	140	—
— —	14	—	—	...	...	...	...	...	...	120	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	60	—

5. Árnessýslu:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	350	kr.
— —	10	—	—	...	...	...	...	...	...	225	—
— —	16	—	-	...	..	...	...	...	...	100	—

6. Vestmannaeyjasýsla:

Til fullra	4	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	400	kr.
— —	9	—	—	...	...	...	...	...	...	320	—
— —	14	—	—	...	...	...	...	...	...	360	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	80	—

7. Rangárvallasýsla:

Til fullra	10	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	200	kr.
— —	14	—	—	...	...	...	...	...	...	150	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	50	—

8. Vestur-Skaftafellssýslu:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	150	kr.
— —	10	—	—	...	...	...	...	...	...	130	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	75	—

9. Austur-Skaftafellssýslu:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	170	kr.
— —	10	—	—	...	...	...	...	...	...	140	—
— —	16	—	-	...	...	...	...	...	...	120	—

10. Suður-Múlasýslu:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	200	kr.
— —	10	—	—	...	...	...	...	...	...	150	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	90	—

11. Seyðisfjarðarkaupstaður:

Til fullra	5	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	250	kr.
— —	10	—	—	...	...	...	...	...	...	170	—
— —	16	—	—	...	...	...	...	...	...	100	—

160
9. okt.

12. Norður-Múlasýsla:

Til fullra	5 ára	aldurs	... ...	200 kr.
— —	10 —	—	... ...	150 —
— —	16 —	—	... ...	90 —

13. Norður-Þingeyjarsýsla:

Til fullra	4 ára	aldurs	... ...	225 kr.
— —	10 —	—	... ...	150 —
— —	16 —	—	... ...	75 —

14. Suður-Þingeyjarssýsla:

Til fullra	4 ára	aldurs	... ...	225 kr.
— —	10 —	—	... ...	150 —
— —	16 —	—	... ...	75 —

15. Akureyrarkaupstaður:

Til fullra	14 ára	aldurs	... ...	300 kr.
— —	16 —	—	... ...	100 —

16. Eyjafjarðarsýsla:

Til fullra	10 ára	aldurs	... ...	200 kr.
— —	16 —	—	... ...	130 —

17. Skagafjarðarsýsla:

Til fullra	5 ára	aldurs	... ...	120 kr.
— —	10 —	—	... ...	90 —
— —	16 —	—	... ...	60 —

18. Austur-Húnavatnssýsla:

Til fullra	4 ára	aldurs	... ...	100 kr.
— —	14 —	—	... ...	56 —
— —	16 —	—	... ...	14 —

19. Vestur-Húnavatnssýsla:

Til fullra	5 ára	aldurs	... ...	100 kr.
— —	14 —	—	... ...	70 —
— —	16 —	—	... ...	15 —

20. Strandasýsla:

Til fullra	5 ára	aldurs	... ...	220 kr.
— —	10 —	—	... ...	150 —
— —	16 —	—	... ...	50 —

21. Norður-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra	10	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	240	kr.
—	—	16	—	—	...	...	...	...	...	...	180	—

22. Ísafjarðarkaupstaður:

Til fullra	10	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	360	kr.
—	—	16	—	—	...	...	...	...	...	...	240	—

23. Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra	10	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	150	kr.
—	—	16	—	—	...	...	...	...	...	...	100	—

24. Vestur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra	3	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	275	kr.
—	—	10	—	—	...	...	...	...	...	...	200	—
—	—	16	—	—	...	...	...	...	...	...	100	—

25. Austur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra	3	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	225	kr.
—	—	10	—	—	...	...	...	...	...	...	160	—
—	—	16	—	—	...	...	...	...	...	...	90	—

26. Dalasýsla:

Til fullra	7	ára	aldurs	...	...	...	...	...	...	250	kr.
—	—	14	—	—	...	...	...	...	...	...	175	—
—	—	16	—	—	...	...	...	...	...	...	25	—

Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14, nóv. 1917, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 52, bls. 159).

Lög um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv, 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands, undirskrifuð af konungi, 28. nóv. 1919 (A nr. 53, bls. 160—162.

Lög um löggilding verslunarstaðar á Mýramel, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 54, bls. 162—163).

Lög um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, m. m. undirskrifuð af konungi 28. nóv 1919 (A nr. 55, bls. 163—165).

Lög um skoðun á síld, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 56, bls. 166—168).

Lög um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Islandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4 gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr 57, bls. 169—170).

Lög um breytingar á lögum nr 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 58, bls. 170—178).

Lög um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 59. bls. 179.

Lög um hafnargerð í Ólafsvík, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 60, bls. 180—183).

Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 61, bls. 184—191).

Lög um brúargerðir, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 62, bls. 192—195).

Lög um eignarrjett og afnotarjett fasteigna, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 63, bls. 196—198).

Lög um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóv. 1907, uudirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 64, bls. 199—202).

Lög um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 65, bls. 203).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 66, bls. 204).

Lög um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 67, bls. 205).

Lög um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 68, bls. 206).

Lög um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 69, bls. 207—208).

Lög um skrásetning skipa, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 70, bls. 208—217).

Lög um laun embættismanna, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 71, bls. 217—226).

Lög um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldur þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, undirskrifuð af konungi 28 nóv. 1919 (A nr. 72, bls. 227—228).

Lög um ekkjutrygging embættismanna, undirskrifuð af konungi 28. nóv 1919 (A nr. 73, bls. 229—230).

Lög um húsagerð ríkisins, undirskrifuð af konungi 28 nóv. 1919 (A nr. 74, bls 231).

Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 75, bls. 232—235).

Lög um breyting á yfirsetukvennalögum nr. 14. 22 okt. 1912, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 76, bls. 236—237).

Lög um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Isafjarðarsýslu, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 77, bls. 237).

Lög um landhelgisvörn, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 78, bls. 238).

Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum o. fl., undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 79, bls. 239).

Lög um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 80 bls 240).

Lög um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 81, bls. 241—242).

Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar 5. febrúar 1920, undirskrifað af konungi 1. des. 1919 (A nr. 82, bls. 243).

Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifað 1. des. 1919 (A nr. 83, bls. 244.

Bráðabirgðalög um ráðstafanir á gullforða Islandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, undirskrifuð af konungi 13. des. 1919 (A nr. 84, bls. 245—246).

Samningur um póstsambandið milli Islands og Danmerkur (A nr. 85. bls. 247—255).

165. 2. des. **Brjef Stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Árnessýslu.* **um endurgreiðslu sveitarstyrks.**

Hreppsnefnd Villingaholtshrepps hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 15. júlí þ. á., sem ákveður að Villingaholtshreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurbæ kr. 80,00 af styrk veittum Guðrúnu nokkurri Jónsdóttur veturinn 1917—'18, nema hreppurinn sanni það, að æfiferilsskýrsla tjeðrar Guðrúnar hafi verið tekin síðar en 24. des. 1917, færist greiðslan þá niður í kr. 46,67.

Fyrnefndan vetur þá Guðrún þessi, þá búsett á Grettisgötu 70 í Reykjavík 120 kr. styrk af fátækrasjóði bæjarins, fyrst 50 kr. 24. desember 1917, en síðar í janúar og mars 35 kr. í hvort skifti. Með brjefi dags. 29. des. s. á. krafðist borgarstjóri sveitfestisviðurkenningar á þurfalingnum í Villingaholtshreppi og endurgreiðslu hins þegar veitta styrks. Með brjefi oddvita dags. 20. febrúar f. á. er viðurkend sveitfestin en oddvitinn færist þá undan endurgreiðslunni vegna þess, að þurfalingurinn mundi ekki hafa beiðst styrksins, ef hún hefði vitað að hann mundi verða talinn sveitarstyrkur, heldur leitað til uppkominna barna sinna. Með brjefum dags. 17. apríl og 7. október 1918 ítrekar borgarstjóri kröfuna um endurgreiðslu

á hinum fyrst veitta styrk sem og um endurgreiðslu hins síðar veitta styrks. En þessum brjefum svarar oddvitinn ekki, og borgarstjóri beiðist loks úrskurðar sýslumannsins í Árnessýslu, með brjefi dags 31. des. 1918, um kröfuna. En þá, með brjefi dags. 16. febr. þ. á., heldur oddvitinn því fram, að æfiferilsskýrsla konunnar hafi verið ólöglega tekin, en við nánari athugun kemur það í ljós að oddvitinn hafði tekið annað málsskjal fyrir æfiferilsskýrslu en hana vantaði nú í málsskjölin og verður það til þess, að oddviti neitar alveg að endurgreiða nokkuð af styrknum og í áfrýjunarskjalinu byggir oddvitinn synjun á endurgreiðslu einvörðungu á því að æfiferilsskýrslu vanti og hún muni aldrei hafa verið tekin. **165.** 2. des.

Af málsskjölunum er það ljóst, að brjef borgarstjóra dags 29. des. og skjali með því brjefi »viðvíkjandi sveitfesti« þurfalingsins hafa misfarist annaðhvort hjá oddvita Villingaholtshrepps eða á skrifstofu Árnessýslu. Bæði þessi skjöl sendi sýslumaður Árnessýslu til oddvita Villingaholtshrepps með brjefi dags 20. janúar. Borgarstjóri hefir staðhæft að hann hafi sent æfiferilsskýrsluna með brjefinu 29. des. 1917 og um annað skjal »viðvíkjandi sveitfestinni« sem sýslumaður nefnir í brjefi sínu 20. jan. 1918 er ekki um að ræða.

Þegar nú þess er gætt, að oddvitinn viðurkennir sveitfesti þurfalingsins þegar í fyrsta brjefi sínu og getur þess ekki þá, að æfiferilsskýrslan hafi ekki fylgt eða að hún hafi ekki verið tekin á rjettum tíma, geta hin síðar framkomnu mótmæli hans í þessu efni ekki orðið tekin til greina. Þar sem krafa Reykjavíkurbæjar er og að öðru leyti lögleg á hún að takast til greina að öllu leyti, og úrskurðast því, að Villingaholtshreppur skal skyldur að endurgreiða fátækrasjóði Reykjavíkur $^2/_3$ af styrk þeim, er tjeðri Guðrúnu Jónsdóttur var veittur veturinn 1917—'18, með 80 krónum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Villingaholtshrepps, og ber yður að sjá um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

Brjef stjórnarráðsins til landsímastjóra um símagjöld innanlands. **166**

27. des.

Samkvæmt tillögum yðar, herra landsímastjóri, hefir stjórnarráðið ákveðið samkvæmt 8. gr. laga nr. 12, 20. október 1905, að símagjöld innanlands skuli hækkuð frá 1. janúar 1920 eins og hjer greinir:

1. Fyrir almenn símskeyti innanlands greiðist 1 kr. stofngjald af hverju símskeyti, auk 10 aura fyrir hvert orð.
2. Fyrir hraðskeyti þrefalt ofangreint símskeytagjald.
3. Gyrir innanbæjarsímskeyti 50 aura stofngjald af hverju símskeyti, auk 5 aura fyrir hvert orð.
4. fyrir hvert póstávísanaskeyti 3 kr. fyrir hvert skeyti.
5. Fyrir margar nafnkveðjur (Tm. 50 aur. fyrir hverja).
6. Talsímagjöld.

25	aura	gjaldið	hækkar	upp	í	35	aura.
35	—	—	—	—	-	50	—
50	—	—	—	—	-	75	—
75	—	—	—	—	-	125	—
100	—	—	—	—	-	175	—
150	—	—	—	—	-	250	—
175	—	—	—	—	-	300	—
225	—	—	—	—	-	400	—

166 27. des.

7. Gjaldið fyrir skrásetningu á símnefnum hækkar upp í 20 kr. á ári.
8. Gjaldskrá fyrir talsímanotendur breytist eins og hjer greinir:

A. Reykjavík.

Uppsetningargjald fyrir hvert talfæri 30 kr.
—— — aukabjöllu 10 —
—— — tappatengil 20 —

Uppsetningargjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hjer að framan, verður ákveðið í hvert skifti.

Árlegt afnotagjald fyrir eitt samband með 1 talfæri							64 kr.
—	—	—	—	—	—	2 talfærum í sama húsi	100 —
—	—	—	hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi				30 —
—	—	—	eitt samband með tveim talfærum í tveim húsum				110 —
—	—	—	aukatalfæri með lykli				30 —
—	—	—	vanalega aukabjöllu				6 —
—	—	—	stóra aukabjöllu				12 —
—	—	—	auka-heyrnartól				6 —
—	—	—	tappatengil				12 —

Ofannefnd afnotagjöld gilda þó að eins, ef sami maður eða sama firma hefir öll áhöldin og hækka gjöldin um 40% hjá allskonar verslunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum öðrum, sem nota símann sjerstaklega mikið.

Flutningsgjald milli húsa fyrir hvert talfæri			20 kr.
—	innanhúss milli herbergja		10 —
—	—	í sama herbergi	5 —
—	—	fyrir aukabjöllu	5 —

Flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hjer að framan, verður ákveðið í hvert skifti.

Gjaldskrá þessi gildir að eins fyrir talsíma sem lagðir eru alt að 1 km. frá miðstöðinni. Fyrir sambönd yfir 1 km. frá miðstöðinni verður gjaldið ákveðið í hvert skifti.

B. Aðrar stöðvar landsímans.

Árlegt afnotagjald fyrir eitt samband með 1 talfæri							52 kr.
—	—	—	—	—	—	2 talfærum í sama húsi	88 —
—	—	—	—	—	—	2 talfærum í tveim húsum	100 —

Að öðru leyti gilda sömu gjöld og sömu reglur og í Reykjavík.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Fræðslusjóð Ögurhrepps« útgefið á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkumálaráðherra 21. október 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

167
30. apríl

Skipulagsskrá

fyrir Fræðslusjóð Ögurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Einarsson, bónda á Garðsstöðum í Ögur hreppi, Sigríði Jónssdóttur konu hans og syni þeirra Einar og Kjartan.

2. gr

Stofnfje sjóðsins er 2500 — tvö þúsund og fimm hundruð — krónur í bankavaxta brjefum með vaxtamiðum frá 1. janúar 1918.

3. gr.

Undir yfirumsjón sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu hefir hreppsnefnd Ögurhrepps á hendi stjórn sjóðsins, sjer um geymslu verðbrjefa hans og annara eigna, gætir þess að sjóðurinn sje jafnan áreiðanlega tryggður og ákvarðanir skipulagsskrár þessarar uppfyltar. Eignir sjóðsins skulu jafnan ávaxtast með því að kaupa bankavaxtabrjef Landsbankans, innlánsskírteini og sparisjóðsinnstæðu í Landsbankanum eða útbúum hans og með skuldabrjefum með 1. veðrjetti í jarðeignum, sjerstaklega í Ögurhreppi, og skal aldrei lánað meira en svo út á jarðeign, að jarðarafgjaldið, samkvæmt verðlagsskrá, sje 7% af upphæð lánsins. Hreppsnefnd Ögurhrepps veitir námsstyrki og semur reikninga sjóðsins, en reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir af sýslunefnd.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal standa óskertur og vextir leggjast við hann þangað til á hálfraraldar afmæli Einars sál. — árið 1929 — þá skal veita 500 — fimm hundruð — króna styrk einum efnilegum pilti til búnaðarnáms. Síðan skal sjóðurinn ávaxtast áfam, þar til á aldarafmæli Jón sál. — árið 1949 —; skal þá veita einum efnilegum manni 1000 — eitt þúsund — króna styrk til búnaðarmáms erlendis; og á aldarafmæli Sigríðar sál. — árið 1952 — skal veita efnilegri húsmóður eða stúlku 500 — fimm hundruð — króna styrk til náms á innlendum húsmæðraskóla, sjerstaklega á skóla Benedictsensmæðgna.

Eftir þann tíma má veita námsstyrki annað hvert ár af vöxtum sjóðsins, en þá aldrei hærra en svo, að $^1/_5$ af vöxtunum leggist við höfuðstólinn, þangað til á aldarafmæli Kjartans sál. — 1992 —, þá skal veita 1000 — eitt þúsund — króna styrk efnilegum manni til náms á land og hallamælingum.

Frá árinu 2000 má verja $^9/_{10}$ af vöxtunum til námstyrks, en minst $^1/_{10}$ leggjast við höfuðstólinn.

167
30. apríl

5. gr.

Styrk úr sjóðnum skal aðeins veita til landbúnaðarnáms innanlands og utan og til náms á húsmæðraskólanum

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að styrkþegi sje búsettur í Ögurhreppi, sje efnalítill, hafi hæfilega undirbúningsmentun og sje að áliti hreppsnefndar verðugur þess að fá styrkinn. Styrkveiting til náms innanlands útilokar engan frá styrk til náms erlendis, ef styrkveitanda þykir ástæða til og fje er fyrir hendi.

6. gr.

Skipulagsská þessari má ekki breyta fyr en sjóðsupphæðin er orðin 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur, en þá má hreppsnefndin í Ögurhreppi fá breytingar á henni, ef sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu samþykkir breytingarnar, en þá skulu allar fjárveitingar úr sjóðnum jafnan ganga til eflingar fræðslu og landbúnaði í Ögurhreppi.

7. gr.

Sjóðurinn má ekki taka við gjöfum nema frá afkomendum gefenda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði 30. apríl 1918.

Jón A. Jónsson,
bankaútbússtjóri.

Karítas Jónsdóttir.

Kristján Jónsson

Ólafur Jónsson,
bóndi, Elliðaey.

Kristín Jónsdóttir.

168
23. okt.

Samþykt

um kynbætur hesta í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppsstjórinn annast um, að kosnir sjeu á vorhreppaskilum ár hvert þrír menn í kynbótanefnd. Hefir hún á hendi alla umsjón með kynbótum hesta eftir því sem samþykt þessi ákveður.

2. gr.

Kosningarrjett til kynbótanefndar hafa allir hinir sömu og til hreppsnefndar, en kjörgengir eru allir karlmenn 25 ára í sjálfstæðri stöðu. Þá sem eru öðrum háðir má og kjósa, en þó því aðeins að húsbóndinn leyfi. Kosning gildi til eins árs, þó getur enginn skorast undan kosningu þrjú ár í röð, en að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu um jafn langan tíma.

Nú þykir kynbótarnefndarmaður einkar vel fallinn til þessa starfa, og má þá hreppsnefnd veita honum þóknun úr sveitarsjóði, ef hann tekur endurkosningu eftir að hafa verið í kynbótanefnd þrjú ár samfleytt. 168 23. okt.

3. gr.

Kynbótanefndin skal eiga með sjer tvo fundi á ári að minnsta kosti. Nefndin kýs sjer formann, hann stjórnar fundum hennar, heldur gjörðabók yfir allar ályktanir hennar og framkvæmdir og hefir aðalframkvæmd allra kynbótamála í hreppnum.

4. gr.

Kynbótanefndin skal á hausti hverju kveðja hreppsbúa til að koma með hryssur sínar og graðhesta til hestamóts á ákveðnum stað í hreppnum. Velur hún þar úr svo marga graðhesta sem hún álítur nægja til kynbóta í hreppnum.

Fyrir graðhesta þá sem kynbótanefnd velur, má veita verðlaun. Alla aðra graðhesta skulu eigendur skyldir að gelda eða geyma á þann hátt að þeir ekki fylji hryssur.

Kynbótahesta verður og að gæta svo, að þeir ekki gjöri spell á hrossum manna og verðlaunaða graðhesta má eigi gelda án leyfis kynbótanefndar.

5. gr.

Aðalreglurnar við val á kynbótahestum skulu vera:

a. Að þeir sjeu af sem bestu kyni í báðar ættir og að kyn reiðhesta og áburðarhesta sjeu aðgreind eftir því sem við verður komið.
b. Að þeir sjeu einlitir og af einlitu kyni og hvorki glaseygðir nje hringeygðir.
c. Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt, þreknir, fríðir sýnum, rjett hæfðir og prúðir á fax og tagl
d. Að þeir hafi hreinan gang, hvort heldur þeir eru vakrir eða klárgengir.

Hryssur þær, sem til kynbóta eru valdar, og einkum þær, er graðhesta skal undan ala, skulu sömu kostum og einkennum búnar sem kynbótahestarnir, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Kynbótanefndin semur eða lætur semja nánari reglur um val á kynbóta hrossum.

6. gr.

Graðhestar skulu ekki hafðir til undaneldis fyr en þeir eru 4 vetra, en nota má þá til kynbóta þangað til þeir eru 15 vetra; þó má kynbótanefnd víkja frá þessari reglu, ef sjestök ástæða er til, en yngri hest en þrevetran má aldrei nota til undaneldis, enda sje hann fyrirtaks vænn og vel þroskaður. Graðhesta mæður mega ekki yngri vera en 5 vetra, og ekki eldri en 18 vetra. Uppeldi og alla meðferð graðhesta og graðhesta mæðra skal vanda svo vel, sem frekast er unt, og skulu settar um það sjerstakar reglur, er kynbótanefnd semur eða semja lætur.

7. gr.

Eigendur kynbótahesta skulu skyldir til að lána þá til undaneldis í hreppnum eftir ákvæðum kynbótanefndar.

Fyrir hverja hryssu, sem leidd er undir kynbótahest, skal eigandi hennar greiða gjald, sem hreppsnefnd og kynbótanefnd ákveða.

Sömuleiðis ákveða þær hvað eiganda hestsins ber að greiða til baka ef hryssan fyljast ekki.

168 23. okt. Skyldir eru eigendur kynbótahesta að hafa þá stöðugt heima frá byrjun maímánaðar til júnímánaðarloka og halda þá þannig að auðvelt sje að nota þá.

8. gr.

Kynbótanefndin sjer um að rituð sje í bók skrá yfir allar þær hryssur, sem leiddar eru undir kynbótahesta. Í bókina skal og rita öll þau folöld með lit og einkennum er undan þeim koma, og sjer kynbótanefndin um, að þessar bækur glatist eigi.

9. gr.

Kynbótanefndin skal fyrir fardaga ár hvert semja skýrslu um störf sín og árangur þeirra umliðið ár. Skýrsla þessi sje undirrituð af öllum nefndarmönnum og sendist oddvita hreppsnefndarinnar í þeim hreppi fyrir fardaga það ár. Skýrslur þessar skulu svo fylgja hreppsreikningunum áleiðis til sýslunefndarinnar. Rísi ágreiningur á milli hreppsnefndar og kynbótanefndar, fellir sýslunefndin fullnaðarúrskurð um málið.

10. gr.

Fjárgreiðslur þær, sem nefndar eru í samþykt þessari greiðist úr sveitarsjóði, nema öðruvísi sje ákveðið

11. gr,

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 1—50 kr. er renni í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Mál er rísa út af brotum gegn samþykt þessari, skulu rekin sem lögreglumál.

Samþykt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum 11. desember 1891, um samþyktir um kynbætur hesta, sbr. lög nr. 24, 22. nóvember 1918, til að öðlast gildi 1. janúar 1920, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut-eiga, að máli.

Atvinnu og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins 23. oktober 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Verðlaunasjóð barnaskóla Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu«, gefin út á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. október 1919. **169** 27. okt.

Skipulagsskrá

fyrir verðlaunasjóð barnaskóla Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Verðlaunasjóður barnaskóla Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu«, og er stofnaður með arfleiðsluskrá Ketils Bergssonar, dags 16. apríl 1918.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 4000 — fjögur þúsund — krónur. Hálfum ársvöxtum þess skal verja til að kaupa fyrir góðar bækur til úthlutunar meðal þeirra barna, sem ljúka fullnaðarprófi við barnaskóla Kirkjuhvammshrepps. Hálfa ársvexti skal leggja við höfuðstól, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Sjóðinn skal fræðslunefnd Kirkjuhvammshrepps, eða það stjórnarvald, sem kann að koma í hennar stað, ávaxta samkvæmt ósk gefandans í sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, svo lengi sem henni þykir það fulltryggilegt. En umsjónarmaður fræðslumálanna er aðalumsjónarmaður sjóðsins. Hann semur reglur fyrir hagnýting sjóðsins samkvæmt erfðaskránni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal fræðslunefndin með fyrstu eða annari póstferð eftir nýjár senda umsjónarmanni fræðslumálanna reikning sjóðsins undanfarið ár og úrskurðar hann reikninginn.

Á sama tíma sendir hún honum þá fjárupphæð, sem til úthlutunar kemur það ár samkvæmt stofnskrá sjóðsins og reglum.

Reyjavík, 27. október 1919.

Jón Þórarinsson.

170
25. nóv.

Reglugjörð

um fjársöfn, rjettarhöld, fjármörk með fleiru í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hver búandi sem hefur til ábúðar jörð eða jarðarpart, sem metinn er til dýrleika, er skyldur til að leggja mann eða menn til fjársafnsins, eftir því sem fjallskilanefndin fyrirskipar.

Heimilt er fjallskilanefnd, ef hún þykist geta gjört það safninu að skaðlausu, að lofa tveimur eða fleiri að leggja saman.

2. gr,

Fjársöfn eru 6 á ári, þrjú vorsöfn og þrjú haustsöfn. Auk þeirra má fjallskilanefnd kveðja til aukasafns að vetri, ef þurfa þykir.

Fjallskilanefnd ákveður hvenær ganga skal til hvers einstaks safns, en auglýsa skal hún það minst degi á undan á hjer tíðkanlegan hátt. Ennfremur skal hún sjerstaklega kalla hvern skyldan mann í safnið, að morgni þess dags sem safnað er.

3. gr.

Fjallskilanefndin ákveður hvaða svæði búendur hver um sig skuli láta leita, og skulu þeir leggja fullgildan mann til þeirra leita, sem fari af stað undir eins og búið er að kalla. Þyki fjallskilanefnd einhverjir hafa sent menn, sem eigi sjeu gildir, má hún taka aðra, á þeirra kostnað í eftirleit, ef fje hefur orðið eftir, og kæra þá til sekta.

4. gr.

Allar leitir skulu fara fram samhliða svo eigi týnist fje eða renni á milli og ber gangnamönnum að haga sjer í gönguunum eftir fyrirmælum fjallskilanefndar eða þeirra, sem í umboði hennar stjórna safninu.

5. gr.

Fjallskilanefndin sjer um að rjett bæjarins með tilheyrandi dilkum sje haldið vel við. Hún á að sjá um, að dilkarnir sjeu svo stórir, að engu þurfi að hleypa út úr þeim fyr en að afstöðnum rjettum, eða þegar fjallskilanefndin eða sá sem í umboði hennar stjórnar rjettahaldinu leyfir. Bygging á bæjarrjettinni hvílir jafnt á öllum búendum, en hlutaðeigendur eru skyldir að byggja dilka sína og viðhalda og skulu þeir vera fullgjörðir þann dag er fjallskilanefndin ákveður. Varðar það sektum ef út af er brugðið og skal fjallskilanefndin tafarlaust ljúka verkinu á kostnað hinna seku.

6. gr.

Vilji fjallskilanefnd breyta um rjettarstæði þarf hún til þess samþykki meirihluta jarðarbænda.

7. gr. **170**

Allir gangnamenn eru skyldir að reka til rjettar og annast innrekstur í rjettina eftir 25. nóv.
því sem fjallskilanefndin skipar fyrir.

Fjallskilanefndin kveður upp hvenær rjettum er lokið og gætir þess að alt fari fram í góðri reglu. Hver og einn er skyldur að hlýða ráðstöfunum hennar í því efni.

8. gr.

Komi fje fyrir á haustrjettum, sem enginn getur helgað sjer, skal það selt í síðustu haustrjettum og fellur andvirði þess, að frádregnum kostnaði í bæjarsjóð, eftir ár og dag frá söludegi. Óskilafje með marki, sem selt er á uppboði skal auglýst í Lögbirtingarblaðinu, og á vanalegan hátt í Vestmannaeyjum,

9. gr

Enginn má hafa nema eitt fjármark í Vestmannaeyjum. Skal hver sá er tekur upp nýtt fjármark, tilkynna fjallskilanefndinni það skriflega fyrir 1. júní ár hvert, og ber henni að innfæra það þegar í markaskrá bæjarins gegn 75 aura borgun,

10. gr.

Markaskrá fyrir bæjinn skal endurprenta tíunda hvert ár í svo mörgum eintökum sem þurfa þykir.

Þegar bæjarstjórn ákveður endurprentun markaskrár, skal hver fjáreigandi skyldur til að tilkynna fjallskilanefnd fjármark sitt og brennimark, ef hann vill hafa það og borga um leið 75 aura fyrir eignamark og 50 aura fyrir brennimark.

11. gr.

Verði einhver þess var að fje sje í svelti í hömrum, eða komist í aðra ófæru skal hann tafarlaust tilkynna fjallskilanefnd það og ber henni að sjá um björgun þess. Heimilt er fjallskilanefnd og öðrum, er bjarga fje úr svelti að halda því þar til bjarglaun ern greidd. Finnist ekki eigandi að björguðu fje skal farið með það, sem óskilafje, og greiði fjallskilanefndin þá bjarglaun af andvirði hins selda meðan það hrekkur til, og ef á vantar úr bæjarsjóði.

12. gr.

Enginn má láta hrúta ganga úti á heimalandshögum á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Hrútum, sem slept verður út i haga eða sem eftir kunna að verða þar á nefndu tímabili, skulu leitaðir uppi sem fyrst á kostnað eiganda, og skal fjallskilanefndin annast um framkvæmd þessa.

13. gr.

Enginn má sleppa fje lausu á heimaland nema hann hafi fulla heimild til hagbeitar fyrir það þar, svari ella 10 aurum í hagatoll fyrir hverja sauðkind um daginn, sem rennur í bæjarsjóð.

170 25. nóv.

14. gr.

Enginn má hafa graðfola á Heimalandi og má láta gelda slíka graðfola ef út af er brugðið.

Skilarjett fyrir hross skal haldin í byrjun júlí ár hvert og skal auglýsa skilarjett þessa með minnst þriggja daga fyrirvara, skal hver hrosseigandi skyldur að koma til rjettarinnar með sitt hross, og tilkynna fjallskilanefnd heimild fyrir högunum.

Jarðarmenn mega hafa hross í fjárhögum jarðar sinnar á Heimaeyju, þó því aðeins að fjallskilanefnd gefi skriflega heimild til þess í hvert sinn.

15. gr.

Enginn má hafa graðung á Heimalandi, nema þeir sem halda bæjargraðunga fyrir bæinn.

Ef einhver hefur graðung í bága við grein þessa, má taka slíkan graðung og gelda hann á kostnað eiganda.

16. gr.

Fjallskilanefndin skal tafarlaust láta drepa þá hunda, sem verða uppvísir að því að drepa unglömb eða sauðfje í haganum, eða alifugla.

17. gr.

Það er skylda fjallskilanefndarinnar að annast um að fjárból öll á Heimalandi sjeu í góðu standi á hverju hausti eftir síðustu rjettir, og skal kostnaður við það greiddur úr bæjarsjóði. Hún skal einnig sjá um fyrirgirslu þar sem hætt er við að sauðfje fari utan í hamra og hrapi þar til dauða. Kostnaður við það greiðist einnig úr bæjarsjóði.

18. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum eftir málavöxtum og renna þær í bæjarsjóð.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Vestmannaeyjasýslu um fjársöfn m. m. frá 8. sept. 1891 og breyting á sömu reglugjörð frá 9. júlí 1901.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars. 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. janúar 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 25. nóv. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson

Samþykt

171
5. des.

um leigu fjörulóða á Ísafirði.

1. gr.

Hjer eftir skulu fjörulóðir á Ísafirði að eins seldar á leigu. Þó getur bæjarstjórn gert undantekningu frá þessu að því er snertir fjörulóðir við Fjarðarstræti, ef brýn nauðsyn þykir til bera.

Fjörulóð telst frá stórstraums flóðborði og svo langt í sjó fram, sem landaukar ná.

Öll ákvæði samþyktar þessarar um fjörulóðir gilda einnig um land, sem látið er af hendi með fjörulóð til afnota í sambandi við hana.

2. gr.

Leigurjetti fylgir rjettur til bygginga og umbóta á leigulóðinni, svo og til bryggjugerðar, með ráði og samþykki hafnarnefndar; en um afnot bryggjunnar um leigutímann fer eftir hafnarlögum og hafnarreglugjörðum.

3. gr.

Rjett er leigutaka að veðsetja leigurjett sinn og mannvirki, en selja því að eins, að leigusali hafi afsalað sjer forkaupsrjetti.

Til framleigu þarf samþykki bæjarstjórnar.

4. gr.

Gjöra skal brjef um leiguna í tveim samritum, er oddviti bæjarstjórnar og leigutaki undirrita. Leigubrjef skulu undirrituð um leið og leigulóð er afhent.

5. gr.

Leigutíminn skal vera 50 ár og teljast frá næstu áramótum eftir að leigubrjef er gjört, nema öðruvísi sje upphaflega ákveðið af bæjarstjórn en sagt getur leigutaki leigusamningi upp með árs fyrirvara frá árslokum að telja.

6. gr.

Sje í leigubrjefi eigi öðru vísi fyrir mælt, skal leigutaki áður 3 ár leigutímans eru liðin hafa gjört þau mannvirki á lóðinni að hún sje, að mati óvilhallra manna, nothæf til atvinnu þeirrar, er þar samkvæmt leigubrjefinu á að reka. Ella getur leigusali án fyrirvara sagt leigunni slitið.

Mannvirki þau sem búið er að gjöra á lóðinni eru eign leigutaka og má hann flytja þau brott ef lóðin að mati óvilhollra manna eigi spillist við það.

Óhreyfanleg mannvirki svo sem uppfyllingar, steypugarða og steypuhús skal leigusali endurgjalda leigutaka eftir samkomulagi eða með því verði, sem leigusali getur selt þau öðrum þá þegar eða síðar meir, þó að frádreginni þeirri leiguupphæð, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum, sem hann missir í við biðina. Sama gildir er leigutaki segir leigunni upp.

171
5. des.

7. gr.

Þarfnist leigusali hinnar leigðu lóðar til eigin nota, getur hann sagt leigunni upp, hvenær sem er með eins árs fyrirvara frá næstu áramótum. Skal hann þá kaupa af leigutaka mannvirki öll og umbætur á lóðinni fyrir sannvirði, samkvæmt mati.

8. gr.

Leigutaki hefur forgangsrjett til leigu að leigutíma liðnum.

Nú vill leigusali ekki framlengja leiguna og er honum þá skylt að kaupa umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir $^2/_3$ sannvirðis, án tillits til legu og afrásar, eftir eignarnámsmati nema öðru vísi semjist.

9. gr.

Áður en leigubrjef er gjört, skal fjörulóð metin til verðs og greiðir leigutaki leigu, 7 % af virðingarverðinu. Síðan skal lóðin metin á hverjum 10 árum og er leigan 7 % af því mati. Leigan hefur forgangsrjett fyrir öllum veðböndum og kvöðum, er á lóðinni og mannvirkjum leigutaka kunna að hvíla. Gjalddagi leigunnar er 30. septbr. og rennur hún í lóðarsjóð.

Leigutaki greiðir skatta alla og kvaðir, er samkvæmt almennum lögum hvíla á útmældum lóðum í bænum.

10. gr.

Um mat samkvæmt samþykt þessari fer að öllu eftir reglum í lögum um framkvæmd eignarnáms, að því er við getur átt.

11. gr.

Leigutaka er heimilt, með umsjón veganefndar, að leggja veg að lóð sinni svo sem með þarf. Leigutaki kostar vegagjörðina, en leigusali leggur til vegarstæðið ókeypis. Fyrir vegagjörðina skal ekkert endurgjald greiða, á hvern hátt sem leigunni er slitið.

Samþykt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykt, staðfestist hjer með, samkvæmt 15. gr. laga nr. 67, 14. nóv. 1917.

Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 5. desember 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir afgjaldasjóði kristfjárjarða í Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. desember 1919 Skipulagsskráin er þannig: **172** 31. des.

Skipulagsskrá

fyrir afgjaldasjóði Kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Kristfjárjarðir þessar eru: Hamar í Svínavatnshreppi, er Guðmundur sýslumaður Hákonarson hefur með brjefi dags. á Þingeyrum 15. febrúar 1656, gefið fátækum í 11 af af þáverandi 18 hreppum Húnavatnssýslu, og Meðalheimur í Torfalækjarhreppi, er Bjarni sýslumaður Halldórsson hefir með brjefi, dagsettu á Þingeyrarklaustri 10. maí 1763, gefið fátækum í öllum af þáverandi 18 hreppum sýslunnar.

2. gr.

Umsjón þessara jarða hefur einn maður, er sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu kjósa til þess, til 5 ára í senn. Hann hefur byggingarráð þeirra með þeim takmörkunum, sem tiltekið er í reglugerð fyrir umsjónarmann kristfjárjarða i Húnavatnssýslu. Fær umsjónarmaður í innheimtulaun og ómakslaun 6% af jarðar afgjöldunum. Ekkert byggingarbrjef er gilt, nema sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu samþykki það.

3. gr.

Af afgjaldi jarðanna skulu myndaðir sjóðir, er nefnast Kristfjárjarða-afgjaldasjóðir eftirnefndra hreppa, og falla öll afgjöld, bæði landskuld og leigur, að frádregnum þeim 6%, sem um getur í 2. gr., til sjóða þessara og skiftist á milli þeirra þannig:

a. Af Hamri falli í Kristfjárjarða-afgjaldasjóði:
Vindhælishrepps, Engihlíðarhrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Svínavatnshrepps, Sveinsstaðahrepps, Áshrepps, Þorkelshólshrepps, Þverárhrepps, og Kirkjuhvammshrepps $^3/_{23}$ hlutar til hvers, en Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Fremri Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, og Staðarhrepps $^1/_{23}$ hluti til hvers.

b. Af Meðalheimi falli afgjaldið í Kristfjárjarða-afgjaldasjóði.
Vindhælishrepps, Engihlíðarhrepps, Bólstaðarhliðarhrepps, Svínavatnshrepps, Sveinstaðahrepps, Áshrepps, Þorkelshólshrepps, Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Staðarhrepps $^1/_{12}$ hluti til hvers, en Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps $^1/_{24}$ hluti til hvers.

4. gr.

Höfuðstól sjóðanna má aldrei skerða. Við þá skulu árlega lagðir vextir af þeim og sá hluti jarðarafgjaldanna, sem hverjum þeirra ber, þar til árstekjur þeirra hvers um sig eru orðnar 25 — tuttugu og fimm — krónur, þá má á hverju ári úthluta $^4/_5$ — fjórum fimtu —

172 31. des. hlutum af öllum árstekjunum, en að minnsta kosti $^1/_5$ — einn fimti — hluti leggist árlega við höfuðstólinn.

5. gr.

Umsjónarmaður jarðanna semur árlega reikninga yfir sjóðina og sendir þá til oddvita sýslunefndanna, og skulu þeir svo lagðir fyrir aðalfundi þeirra til athugunnar og úrskurðar.

Þegar byrjað verður að úthluta styrk af sjóðum þessum, geta sýslunefndirnar ákveðið umsjónarmnni aukaþóknun fyrir reikningsfærsluna sem þó, má ekki vera meira en 2% af öllum tekjum sjóðanna.

6. gr.

Styrk þann, sem árlega má úthluta samkvæmt 4. gr., veita hreppsnefndir fátækum mönnum í hreppi sínum án tillits til stöðu þeirra og aldurs. Þó má engum veita styrk þennan, sem þiggur sveitarstyrk eða hefur þegið hann næstu tvö — 2 — ár áður. Lægri styrkur veitist engum en 20 — tuttugu — krónur.

7. gr.

Áður en farið er að veita styrk af sjóðum þessum semja sýslunefndirnar reglur um úthlutun hans.

8. gr.

Sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu ábyrgjast hvor fyrir sig og báðar í sameiningu tjeða afgjaldasjóði, ennfremur að afgjöld jarðanna sjeu rjettilega innheimt, sett tafarlaust á vöxtu á tryggan vaxtastað. Skift sje jafnframt í sjóðina samkvæmt því, sem skipulagsskrá þessi greinir, og yfirleitt að farið sje í einu og öllu eftir ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Þær ákveða í sameiningu hvar sjóðirnir skulu ávaxtast.

Hagur sjóðanna skal árlega birtur með sýslufundargerðum sýslnanna.

Þannig samþykt á sýslufundum Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 20. júní 1919.

B. Brynjólfsson.

Reikningur 173

yfir tekjur og gjöld Ræktunarsjóðs Íslands árið 1918.

Tekjur:

1.	Höfuðstóll 31. des. 1917:				
	4 % þjóðjarðasölulán		kr.	397952 68	
	4 % önnur lán		—	4554 82	
	3½ % tóvjelalán		—	840 00	
	3 % lán til hreppa		—	2116 75	
	3 % lán til bænda		—	13362 24	
	4 % lán til prestakalla		—	2310 00	
	4 % lán til bænda		—	210282 61	
	4 % jarðakaupalán		—	28356 77	
	Ógoldnir vextir 1915:				
	3 % lán til hreppa	kr. 15 00			
	Ógoldnir vextir 1916:				
	3 % lán til hreppa	— 11 64			
	4 % lán til bænda	— 72 32			
	Ógoldnir vextir 1917:				
	4 % þjóðjarðasölulán	— 349 67			
	3 % lán til hreppa	— 11 64			
	3 % lán til bænda	— 68 60			
	4 % lán til bænda	— 726 68			
	4 % jarðakaupalán	— 36 82			
			—	1292 37	
	Í Landsbankanum með sparisjóðskjörum		—	61407 00	
	Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum		—	48660 00	
	Í sjóði hjá gjaldkera		—	124 97	
					kr. 771260 21
2.	Vextir goldnir 1918:				
	4 % þjóðjarðasölulán		kr.	16270 31	
	4 % önnur lán		—	182 20	
	3½ % tóvjelalán		—	29 40	
	3 % lán til hreppa		—	108 25	
	3 % lán til bænda		—	455 66	
	4 % lán til prestakalla		—	88 20	
	4 % lán til bænda		—	9102 57	
	4 % jarðakaupalán		—	1179 95	
	Af inneign í bönkum		—	4928 55	
					— 32345 11
3.	Ógoldnir vextir 1918:				
	4 % þjóðjarðasölulán		kr.	133 22	
	3 % jarðabótalán til bænda		—	24 90	
	4 % jarðabótalán til prestakalla		—	4 20	
	4 % jarðabótalán til bænda		—	143 52	
					— 305 84
				Flyt kr.	803911 16

173

4.	Afborganir lána:			Fluttar kr.	803911 16
	4 % þjóðjarðasölulán	kr.	27780 32		
	4 % önnur lán	—	1456 45		
	3½ % tóvjelalán	—	120 00		
	3 % lán til hreppa	—	1628 18		
	3 % lán til bænda	—	3007 77		
	4 % lán til prestakalla	—	752 00		
	4 % lán til bænda	—	11851 06		
	4 % jarðakaupalán	—	2911 07		
		—		—	49506 85
5.	Andvirði seldra þjóðjarða			—	65925 00
				kr.	919343 01

Gjöld:

1.	Verðlaun			kr.	4000 00
2.	Vextir á ríkissjóð			—	16542 50
3.	Gjöld sjóðsins			—	807 95
4.	Til jafnaðar tekjulið 4 færist			—	49506 85
5.	Höfuðstóll 31. desember 1918:				
	4 % þjóðjarðasölulán	kr.	426929 86		
	4 % önnur lán	—	3098 37		
	3½ % tóvjelalán	—	720 00		
	3 % lán til hreppa	—	488 57		
	3 % lán til bænda	—	10354 47		
	4 % lán til prestakalla	—	2558 00		
	4 % lán til bænda	—	215731 55		
	4 % jarðakaupalán	—	26445 70		
	Ógoldnir vextir 1916:				
	4 % lán til bænda kr.	8 00			
	Ógoldnir vextir 1917:				
	3 % lán til bænda	22 50			
	4 % lán til bænda	44 00			
	Ógoldnir vextir 1918:				
	4 % þjóðjarðasölulán	133 22			
	3 % lán til bænda	24 90			
	4 % lán til pestakalla	4 20			
	4 % lán til bænda	143 52			
			kr.	380 34	
	Í Landsbankanum með sparisjóðskjörum		—	105538 47	
	Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum		—	56240 38	
				kr.	848485 71
				kr.	919343 01

Reykjavík, 30. júlí 1919.

Vigfús Einarsson.

Reikningur

174

yfir tekjur og gjöld Fiskiveiðasjóðs Íslands árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:				
	Skuldabrjef fyrir lánum	kr.	195833 99		
	Í Íslandsbanka á innlánsskírteinum	—	30000 00		
	Í Landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	89780 00		
	Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum	—	44931 73		
				kr.	360545 72
2.	Vextir á árinu:				
	Af útistandandi lánum	kr.	5868 61		
	— inneign í bönkum	—	6393 60		
				—	12262 21
3.	Afborganir lána			—	44711 06
4.	Tillag úr ríkissjóði			—	6000 00
5.	10% af útflutningsgjaldi af síld			—	4311 95
				Kr.	427830 94

Gjöld:

1.	Styrkur til útgáfu Fiskiveiðatímaritsins Ægis			kr.	200 00
2.	Gjöld sjóðsins			—	400 50
3.	Til jafnaðar tekjulið 3			—	44711 06
4.	Sjóður til næsta árs:				
	Skuldabrjef fyrir lánum	kr.	161122 93		
	Í Íslandsbanka á innlánsskírteinum	—	30000 00		
	Í Landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	130990 09		
	Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum	—	60406 36		
				—	382519 38
				Kr.	427830 94

Reykjavík, 15. júlí 1919

Vigfús Einarsson.

175

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Bjargráðasjóðs Íslands árið 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:			
	a. Bjargráðasjóðir sveitarfjelaga	kr.	90505 82	
	b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	—	91401 73	
			kr.	181907 55
2.	Bjargráðagjöld sveitarfjelaga		—	21979 65
3.	Tillag landssjóðs		—	22819 75
4.	Vextir:			
	a. Af bjargráðasjóðum sveitarfjelaga	—	4091 63	
	b. — hinum sameiginlega Bjargráðasjóði	—	3893 06	
			—	7984 69
			Kr.	234691 64

Gjöld:

1.	Kostnaður við sjóðinn		kr.	459 50
2.	Sjóður til næsta árs:			
	a. Bjargráðasjóður sveitarfjelaga	kr.	116577 10	
	b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	—	117655 04	
			—	234232 14
			Kr.	234691 64

Reykjavík, 15. apríl 1919.

F. h. bjargráðastjórnarinnar.

Oddur Hermannsson.

176

Efnahagsreikningur

Landsbankans 30. júní 1919.

Eignir:

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr.	282981 50	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	2013138 78	
	c. Handveðslán	—	1719902 53	
	d. Lán landssjóðs, sveitar- og bæjarfjelaga	—	924042 50	
	e. Reikningslán	—	1639840 65	
	f. Akkreditivlán	—	9000 00	
			kr.	4886202 45
		Flyt	kr.	4886202 45

		Fluttar	kr.	4886202 45
2.	Víxlar innlendir og ávísanir	—		12049764 39
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis	—		339853 75
4.	Konungleg ríkisskuldabrjef	—		423872 00
5.	Önnur erlend verðbrjef	—		175795 00
6	Bankavaxtabrjef 1. flokks	—		200700 00
7.	Bankavaxtabrjef 2. flokks	—		460306 00
8.	Bankavaxtabrjef 3. flokks	—		42275 00
9.	Bankavaxtabrjef 4. flokks	—		471960 00
10.	Hafnarlánsskuldabrjef Reykjavíkur	—		155520 00
11.	Önnur innlend verðbrjef	—		1200 00
12.	Hafnarsjóðslán Reykjavíkur frá 1919	—		350000 00
13.	Húseignir og lóðir	—		25693 55
14.	Húsbúnaður og áhöld	—		34157 01
15.	Útbúið á Ísafirði	—		1428486 31
16.	Útbúið á Akureyri	—		39624 55
17.	Útbúið á Eskifirði	—		485956 78
18.	Útbúið á Selfossi	—		422209 69
19.	Ýmsir debitorar	—		755990 34
20.	Peningar í sjóði 30. júní 1919	—		184977 76
		kr.		22934544 58

Skuldir:

1.	Seðlaskuld bankans við landssjóð	kr.		750000 00
2.	Innskotsfje landssjóðs	—		500000 00
3.	Bankaskuldabrjef	—		1500000 00
4	Skuld við erlenda banka	—		780964 99
5.	Innstæða í hlaupareikningi	—		3832154 67
6.	Innstæðufje í sparisjóði	—		10454019 39
7.	Innstæðufje gegn viðtökuskírteinum	—		1633334 00
8.	Inneign 1. flokks veðdeildar	—		257340 98
9.	Inneign 2. flokks veðdeildar	—		206763 77
10.	Inneign 3. flokks veðdeildar	—		180034 06
11.	Inneign 4. flokks veðdeildar	—		47313 02
12.	Innheimt fje ekki útborgað	—		4458 62
13.	Akceptkonto	—		24468 56
14.	Ýmsir kreditorar	—		111422 84
15.	Varasjóður bankans	—		2145698 28
16.	Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:			
	a. Vextir kr. 131260 70			
	÷ — 74361 11			
		kr.	56899 59	
	Flyt	kr.	56899 59	kr. 22427973 18

176

	Fluttar	kr. 56899 59	kr.	22427973 18
b.	Forvextir af víxlum og ávísunum	— 392223 73		
c.	Tekjur af rekstri fasteigna	— 20 00		
d.	Ýmsar tekjur ... ... kr. 69281 94			
	÷ — 5388 82			
		kr. 63893 12		
	Frá þessum samtals	— 513036 44		
	dregst:			
	Kostnaður við rekstur bankans	— 72056 67		
			kr.	440979 77
17.	Agóða og tapskont		—	65591 63
			kr.	22934544 58

Landsbanki Íslands

Kaaber. *Magnús Sigurðsson.* *Benedikt Sveinsson.*

Rich. Torfason.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Jakob Möller. *Eggert Briem.*

177

Efnahagsreikningur

Landsbankans 30. september 1919.

Eignir:

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr. 283566 50		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 2080829 02		
	c. Handveðslán	— 11183 42		
	d. Lán landssjóðs, sveitar og bæjarfjelaga	— 923134 20		
	e. Reikningslán	— 1927461 73		
	f. Akkreditivlán	— 20000 00		
			kr.	5246174 87
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		—	15913666 80
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis		—	433751 35
4.	Konungleg ríkisskuldabrjef		—	423872 00
			Fluttar	kr. 22017465 02

		Fluttar	kr.	22017465 02 **177**
5.	Önnur erlend verðbrjef		—	175795 00
6.	Bankavaxtabrjef 1. flokks		—	200700 00
7.	Bankavaxtabrjef 2. flokks		—	460306 00
8.	Bankavaxtabrjef 3. flokks		—	42275 00
9.	Bankavaxtabrjef 4. flokks		—	365670 00
10.	Hafnarlánsskuldabrjef Reykjavíkur		—	155520 00
11.	Önnur innlend verðbrjef		—	1200 00
12.	Hafnarsjóðslán Reykjavíkur frá 1919		—	350000 00
13.	Húseignir og lóðir		—	26493 55
14.	Húsbúnaður og áhöld —		—	34213 17
15.	Útbúið á Ísafirði		—	2270935 50
16.	Útbúið á Akureyri		—	477464 75
17.	Útbúið á Eskifirði		—	794706 10
18.	Útbúið á Selfossi		—	520707 50
19.	Ýmsir debitorar		—	603274 89
20.	Peningar i sjóði 30. sept. 1919		—	147527 43
			Kr.	28644253 91

Skuldir:

1.	Seðlaskuld bankans við landssjóð		kr.	750000 00
2.	Innskotsfje landssjóðs		—	500000 00
3.	Bankaskuldabrjef		—	1500000 00
4.	Skuld við erlenda banka		—	3274667 69
5.	Innstæðufje í hlaupareikningi		—	6372668 62
6.	Innstæðufje í sparisjóði		—	10639935 66
7.	Innstæðufje gegn viðtökuskírteinum		—	1654268 43
8.	Inneign 1. flokks veðdeildar		—	272219 65
9.	Inneign 2. flokks veðdeildar		—	213871 62
10.	Inneign 3. flokks veðdeildar		—	172640 30
11.	Inneign 4. flokks veðdeildar		—	24218 98
12.	Innheimt fje, ekki útborgað		—	130679 05
13.	Akceptkonto		—	23144 26
14.	Ýmsir kreditorar		—	110977 34
15.	Varasjóður bankans		—	2145698 28
16.	Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:			
	a. Vextir kr. 281665 49			
	÷ — 104160 40			
		kr.	177505 09	
	b. Forvextir af víxlum og ávísunum		—	620563 54
	c. Tekjur af rekstri fasteigna		—	115 46
	d. Ýmsar tekjur kr. 104345 29			
	÷ — 8499 24			
		—	95846 05	
		Fluttar kr.	894030 14	kr. 27784989 88

177

	Fluttar kr. 894030 14	kr. 27784989	88
	Frá þessum samtals kr. 894030 14		
dregst: kostnaður við rekstur bankans ... ... —	100357 74		
	kr.	793672	40
17. Ágóða og tapskonto ... ... —		65591	63
	Kr.	28644253	91

Landsbanki Íslands.

L. Kaaber. *Magnús Sigurðsson.* *Benedikt Sveinsson.*

Rich. Torfason.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Jakob Möller. Eggert Briem.

178

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar árið 1918.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári:				
a. Jörðin Pjetursborg ... ... kr.	2000 00			
b. Veðskuldarbrjef ... ... —	1000 00			
c. Skuldabrjef ... ... —	5000 00			
d. Inneign í sparisjóði ... . —	2530 21			
		kr.	10530	21
2. Afgjald af Pjetursborg		—	134	00
3. Vextir af innstæðu:				
a. Vextir af veðdeildarbrjefi ... ... kr.	45 00			
b. Vextir af veðskuldabrjefi ... ... —	200 00			
c. Af sparisjóðsfje ... ... —	101 75			
		kr.	346	75
4. Minningargjöf Sigurleifar Þormóðsdóttur		—	208	09
5. Gjöf frá Ragnari Ólafssyni		—	500	00
		Flyt kr.	11719	05

			Fluttar	kr.	11719 05
6.	Úr gjafahirslum:				
	— Tjarnarkirkju	kr.	13 97		
	— Upsakirkju	—	24 22		
	— Urðakirkju	—	20 00		
	— Vallakirkju	—	28 99		
	— Stærri-Arskógskirkju	—	16 15		
	— Akureyrarkirkju	—	8 60		
	— Möðruvallakirkju	—	23 09		
	— gjafahirslu bryggjunnar	—	101 75		
				kr.	236 77
	Frá fyrra ári óútborgað			—	10 00
7.	Endurborgað veðlán			—	200 00
				kr.	12165 82

Gjöld:

1.	Styrkur veittur ekkjum og munaðarlausum börnum 1918			kr.	1020 00
2.	Til jafnaðar við tekjulið 7			—	200 00
3.	Eign til næsta árs:				
	a. Jörðin Pjetursborg	kr.	2000 00		
	b. Veðdeildarbrjef	—	1000 00		
	c. Veðskuldabrjef	—	4800 00		
	d. Inneign í sparisjóði Íslandsbanka	—	3145 82		
				—	10945 82
				kr.	12165 82

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 6. janúar 1919.

Páll Einarsson.

Reikningur

179

yfir tekjur og gjöld bókasafnsins á Akureyri 1918.

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.	114 63
2.	Styrkur úr bæjarsjóði Akureyrar	—	1000 00
3.	—— — sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu	—	350 00
4.	—— — landssjóði	—	725 00
		kr.	2189 63

178

179

Gjöld:

1.	Laun bókavarðar og ræsting	kr.	351 00
2.	Bækur, blöð, tímarit og bókband	—	431 95
3.	Ýmislegar aðrar greiðslur, húsaleiga, vátrygging o. fl.	—	546 70
4.	Eftirstöðvar til næsta árs hjá reikningshaldara	—	859 98
		kr.	2189 63

Það athugast að vegna samgönguteppu og örðugleika á póstflutningum voru engar bækur keyptar frá útlöndum.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 14. febrúar 1919

Páll Einarsson.

180

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar 1918.

Tekjur:

1.	Eign frá f. ári:				
	a. Fasteignir	kr.	13010 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	46750 00		
	c. Veðdeildarbrjef	—	1300 00		
	d. Útistandandi vextir af veðsk.	—	86 00		
	e. Í sparisjóði	—	6597 74		
	f. Hjá reikningshaldara	—	831 18		
				kr.	68574 92
2.	Vextir:				
	a. Af veðskuldabrjefum	kr.	1880 99		
	b. Af veðdeildarbrjefum	—	59 00		
	c. Af sparisjóðsfje	—	253 76		
				kr.	2193 75
3.	Afgjöld jarða:				
	a. Landskuld	kr.	1746 70		
	b. Leigur	—	556 10		
	c. Vextir af lánum	—	20 00		
	d. Lóðargjöld	—	15 00		
				—	2337 80
4.	Endurgreidd lán			—	640 00
5.	Til jafnaðar við gjaldalið 4			—	4000 00
				kr.	77746 47

Gjöld **180**

1.	Vextir og afborgun af Kristnesláni		kr.	32 00
2.	Greitt umboðsmanni af jarðarafgjöldum		—	389 63
3.	Hallærisstyrkur veittur á árinu		—	3650 00
4.	Lán veitt á árinu		—	4000 00
5.	Til jafnaðar við tekjulið 4		—	640 00
6.	Eign sjóðsins við árslok:			
	a. Fasteignir	kr. 13010 00		
	b. Veðskuldabrjef	— 50110 00		
	c. Veðdeildarbrjef	— 1300 00		
	d. Útistandandi vextir af veðsk.	— 120 00		
	e. Í sparisjóði	— 2201 50		
	f. Hjá reikningshaldara	— 2293 34		
			—	69034 84
	Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 1. júní 1919.		kr.	77746 47

Páll Einarsson.

Reikningur **181**

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1918.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:			
	a. Veðskuldabrjef	kr. 24622 21		
	b. Bankavaxtabrjef	— 10300 00		
	c. Sparisjóðsinnstæða	— 796 69		
			kr.	35718 90
2.	Vextir:			
	a. Af veðskuldabrjefum	kr. 1098 39		
	b. — bankavaxtabrjefum	— 463 50		
1. Stjórn firmans Kaupfjelags Skagfirðinga tilkynnir, að nýjar samþyktir hafi verið gerðar fyrir firmað 1. mars þ. á. og að samkvæmt þeim sje stjórnin nú skipuð 5 mönnum í stað 3. og inngangstillag hækkað úr 2 í 4 kr. Prókúru hefir síra Sigfús Jónsson Sauðárkrók, sem einn hefir rjett til að rita firmað.

2. Firmað »Samvinnufjelag Fljótamanna« rekur verslun í Haganesvík. Fjelaginu stjórnar fimm manna stjórn og eru í henni: Guðm. Ólafsson Stórholti, sem er formaður, Theódór Arnbjarnarson, Lambanesreykjum, Jón G. Jónsson Tungu, Herm. Jónsson Ysta Mói og Eiríkur Asmundsson Reykjarhóli. Fjelagsstjórnin í heild sinni eða formaður einn hafa rjett til að rita firmað. Fjelagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir fjelagsins.

IX. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Jón S. Espholin og Hjalti S. Espholin stofna, sem fullábyrgir fjelagar, skrifstofu á Akureyri og reka þaðan verslun, verksmiðjuiðnað, mannvirkjagerð og aðra verkfræðislega atvinnu undir firma: »Espholin Co.« sem er fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð.
Jón S. Espholin og Hjalti S. Espholin rita firmað hvor um sig.
Ingólfur Gísli S. Espholin hefir prókúra.

Akureyri þann 5. október 1918.
Jón S. Espholin
Hjalti S. Espholin.

Jón S. Espholin ritar firmað:
Espholin Co.

Hjalti S. Espholin ritar firmað:
Espholin Co.

Ingólfur Gísli S. Espholín ritar firmað þannig:
pr. pro. Espholin Co.
I. G. S. Espholin.

2. Með brjefi dags. 1. þ. m. tilkynna þeir Magnús Sigurðsson og Kristján Arnason, að Kristján Arnason sje nú orðinn einn eigandi að versluninni »Eyjafjörður« á Akureyri og að hann einn reki verslunina á eigin ábyrgð framvegis.

3. Ungfrúrnar Valgerður Vigfúsdóttir og Halldóra Vigfúsdóttir tilkynna, að þær reki verslun á Akureyri undir firmanafninu
»Verslunin Akureyri«.
Þær bera báðar og hvor um sig fulla ábyrgð á versluninni og rita hvor um sig firmað.

4. M. Sigurðsson og Kristján Árnason tilkynna 1. júlí 1919, að firmað »Eyjafjörður« sje selt Kristjáni Arnasyni einum og að hann sje hjer eftir einn eigandi verslunarinnar og riti hana á eigin ábyrgð.

5. Arthur Sörensen og Aage Berléme tilkynna 29. apríl 1919, að Erik Arthur Sörensen sje genginn úr firmanu »Gudmans Efterfölger« og að Aage Berléme sje hjer eftir einasti eigandi firmans með fullri ábyrgð.

6. Með brjefi dags. 12. ágúst 1919 tilkynnir kaupm. Sören Goos á Siglufirði, að hlutafjeð í »H/f. Siglufjord Sildeoliefabrik« sje aukið úr 250,000 kr. upp í 500,000 kr. Þar af 50,000 kr. forgangshlutabrjef (Præferenceaktier).

7. Stefán Stefánsson, Sig. Ein. Hliðar, Sig. Sigurðsson tilkynna 28. september 1919, að »Ræktunarfjelag Norðurlands« á Akureyri reki tilrauna starfsemi í grasrækt, garðrækt og trjárækt, útvegi útsæði, áburð, landbúnaðar vinnuvjelar og girðingarefni. Lög fjelagsins eru dags. 24. júní 1910. Hver fjelagsmaður greiðir í fjelagssjóð 2 krónur sem árstillag eða 10 krónur í eitt skifti fyrir öll í æfitillagasjóð. Eignir fjelagsins eru skuldatrygging.
I stjórn fjelagsins eru:
Stefán Stefánsson, skólameistari. Sigurður Sigurðsson, járnsmiður.
Sigurður Ein. Hlíðar, dýralæknir.

190 Pókúru hafa:
Sigurður Eln. Hlíðar og Einar Reynis í sameiningu.
Tilkynningar birtist í Lögbirtingablaðinu.

8. Með brjefi dags. 22. nóv. 1919 tilkynnir firma Espholin Co., að Ingólfur G. S. Espholin hafi gengið inn í firmað, sem fullábyrgur fjelagi og að hann einn riti firmað. Um leið er afturkallað prókúruumboð hans fyrir fjelagið.
Ingólfur G. S. Espholin ritar firmað þannig:
Espholin Co.

X. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Kaupfjelag Vopnfirðinga rekur verslun á Vopnafirði undir sama nafni. Lög fjelagsins eru dagsett 16. desember 1918.
Hver fjelagsmaður greiðir 10 — tíu — krónur er hann gengur í fjelagið, og ábyrgjast fjelagsmenn allir skuldir þess in solidum, uns 1 ár er liðið frá brottför þeirra úr fjelaginu.
Í stjórn fjelagsins eru: Ólafur bóndi Metúsalemsson á Bustarfelli formaður, en meðstjórnendur Víglundur Helgason bóndi á Haugsstöðum og Gunnar H. Gunnarsson hreppstjóri á Ljótsstöðum.

Prókúru hefir framkvæmdarstjóri fjelagsins Marteinn Bjarnason á Vopnafirði.
Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:
»Kaupfjelag Vopnfirðinga«
Ólafur Metúsalemsson, Víglundur Helgason, Gunnar H. Gunnarsson.

Prókúristinn ritar firmað þannig:
P. p. »Kaupfjelag Vopnfirðinga«
Marteinn Bjarnason.

2. Sigurður Jónsson pr. pro. H/f. »Framtíðin« tilkynnir að stjórn hlutafjelagsins »Framtíðin« á Seyðisfirði skipa nú:
Kristján Blöndal, póstafgreiðslumaður á Sauðárkróki, formaður, Sigurður Jónsson framkvæmdarstjóri, Seyðisfirði og Vigfús Einarsson cand. jur. fulltrúi Reykjavík, meðstjórnendur.

Prókúru hafa: Sigurður Jónsson Seyðisfirði, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri, og konsúll Louis Zöllner, Newcastle-on Tyne.

XI. Skaftafellssýsla. 190

1. Samkvæmt ályktun aðalfundar Kaupfjelags Skaftfellinga 15. þ. m., veitist hjermeð sölustjóra fjelagsins Bjarna Kjartanssyni í Vík, fult prókúruumboð fyrir nefnt kaupfjelag og hefir hann öll rjettindi prókúruhafa lögum samkvæmt.

Fjelagið ritar hann þannig:

Pr. pr. Kaupfjelag Skaftfellinga
Bjarni Kjartansson.

Vík, 21. mars 1919.
Stjórn Kaupfjelags Skaftfellinga.
Lárus Helgason. Eyjólfur Guðmundsson. Páll Sigurðsson.

XII. Arnessýsla.

1. Hjermeð tilkynnist að prókúruumboð það, er verslunarstjóri Jens Daniel Nielsen hefir haft fyrir verslunina »Einarshöfn« á Eyrarbakka, er upphafið frá í dag.

H/f. Verslunin Einarshöfn, 24. apríl 1919.
J. A. Lefolii.

2. Verslunin Einarshöfn h/f. á Eyrarbakka tilkynnir, að í stjórn greinds fjelags sjeu nú:
síra Kjartan Helgason, Hruna, formaður, kaupfjelagsstjóri G. Guðmundsson, Eyrarbakka, Guðm. Þorvarðsson, Sandvík
í stað:
stórkaupmanns I. A. Lefolii, hæstarjettarmálaflutningsmanns C. L. David, Rentier M. Olsen, allir í Kaupmannahöfn.

3. Stjórn verslunarinnar Einarshöfn h/f. á Eyrarbakka, þeir síra Kjartan Helgason, Hruna kaupfjelagsstjóri G. Guðmundsson, Eyrarbakka, Guðm. Þorvarðsson, Sandvík, tilkynnir að nefnt fjelag sje uppleyst.

XIII. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1. Húsfrú Guðrún Hinriksdóttir, til heimilis á Austurgötu nr. 7 í Hafnarfirði, rekur verslun í Hafnarfirði, undir nafninu »G. Hinriksdóttir«. Prókúruhafi er Áuðunn Níelsson samastaðar, og ritar hann firmað þannig:

pr. verslun G. Hinriksdóttir.
A. Níelsson.

190 2. Firmað Verslun Böðvarssona & Co. tilkynnir að úr firmanu sje genginn Jóh. J. Reykdal. Ennfremur að sú breyting sje orðin á nafni firmans, að það hjer eftir heiti »Verslun Böðvarssona«, og loks, að Páll Böðvarsson sje genginn inn í firmað sem ábyrgur meðeigandi.

Firmað rita eigendurnir hvor um sig þannig:

Verslun Böðvarssona,
Ólafur Böðvarsson.

Verslun Böðvarssona,
Þór. Böðvarsson.

Verslun Böðvarssona
Páll Böðvarsson.

3. Undir firmanafninu »Hf. Höfrungur« eru reknar fiskiveiðar frá Hafnarfirði af hlutafjelagi með lögum dags. 28. ágúst 1919. Stjórn fjelagsins skipa 3 menn: þeir Þorvarður Þorvarðarson prentsmiðjustjóri í Reykjavík, Skúli Skúlason præp. hon. í Reykjavík og Þórður Einarsson, verslunarmaður í Hafnarfirði. Varamaður í stjórninni er Sigurður Kristjánsson, kaupfjelagsstjóri í Hafnarfirði. Tveir úr stjórninni rita firmað. Prókúru hefir framkvæmdarstjóri fjelagsins. Hlutafjeð er kr. 150,000,00 — eitt hundrað og fimtíu þúsund krónur, — sem stjórnin má, án sjerstakrar fjelagssamþyktar, auka upp í 250,000,00 kr. og skiftist í 5000 — fimm þúsund — króna hluti. Hlutabrjefin hljóða á nafn og er hlutafjeð greitt að fullu. Tilkynning til fjelagsmanna þarf ekki að birta í opinberum blöðum.

Auglýsing

191

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjvík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1919.

Skrásett 1919 nr. 1.

Tilkynt 5. febr. 1919, kl. 2 síðdegis af Archibald Mc Lellan. Atlison V. Stewart John V. Dittemore, Adam H. Dickey, James A. Neal, Josiah E. Fernald f. h. dbús Mary Baker G. Eddy, er rekur bókaverslun í Boston, Massachusetts, Bandaríkjunum, skrásett 11. s. m.

Lýsing á merkinu:



Hringur og innan í honum kross, sem stungið er gegnum skáhalla kórónu, en í hring að utanverðu standa orðin: Heal . the . sick . Rais . the dead + Cleans . the . lepers . Cast . out . demonds +

Samkv. tilk. dags. 26. okt. 1914 er merkið skrásett í Washington 6. apríl 1915 og nær skrásetning til prentaðra bóka, prentaðra tímarita, sem útgefin eru mánaðarlega, og prentaðra biblíulestra sem útgefnir eru ársfjórðungslega.

191 *Skrás. 1919 nr. 2.*

Tilkynt 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af Carnation Milk Products Company, Verksmiðjurekstur, Seattle í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. s. m.




Lýsing á merkinu: Á dökkum grunni standa orðin Carnation Brand, en undir þeim til hliðar tvö blys og milli þeirra, sumpart í eða fyrir neðan dökka grunninn, þrjú negulblóm, er bundin eru saman.

Merkið á að nota á mjólkurbúsafurðir, sjerstaklega niðursoðna mjólk og er skrásett í Washington 24. okt. 1905, samkv. tilk. dags. 9. júní s. á.

Skrás. 1919 nr. 3.

Tilkynt 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af The Texas Company, olíuframleiðsla, New York í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Fimmgeisluð stjarna með dökkum strikum og innan í henni bókstafurinn T, sem er hvítur að lit.

Merkið, sem er skrásett í Washington 14. des. 1909, samkv. tilk. dags. 22. maí s. á., á einungis að gilda fyrir steinolíuafurðir, þar með talin óunnin olía, brensluolíur, oliur til lýsingar og áburðar, gasolíur, nafta, bensín, gasolín, úrgang við olíueimingu, innifalið í 15. flokki, svo og smurningsolíur.

191

Skrás. 1919 nr. 4.

Tilkynt 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af British-American Tobacco Company, Limited, London, Englandi, og skrásett 12. s. m.

LUCKY STRIKE

Lýsing á merkinu: Orðin Lucky Strike. Merkið á að gilda fyrir tilbúið tóbak, og er skrásett í London, 45. flokki, fyrir þá vörutegund, samkvæmt tilk. dags. 19. nóv. 1912.

Skrás. 1919 nr. 5.

Tilkynt 4. apríl 1919, kl. 4 síðd. af John Dewar & Sons, Limited, Wisky-gerðarmönnum, Perth, Skotlandi, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Einkennismiði. Efst á honum er í bogadreginni línu upp á við röð af heiðurspeningum, þá orðin »Whitel Label« og undir þeim: Finest Scotch Whisky of great age, því næst stutt strik og fyrir neðan það orðin John Dewar & Sons Ltd. Distillers. Perth. Scotland. Í neðra horni miðans til vinstri handar standa orðin: London Offices Dewar House, Haymarket. S. W. Neðst stendur með smáu letri: This Label is issued only by John Devar & Sons Limited.

Merkið er skrásett fyrir Whisky, og orðin »White Label« sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Samkvæmt tilk. dags. 16. apríl 1907 er merkið skrásett í London, 43. flokki, 2. ágúst s. á.

191 *Skrás. 1919 nr. 6.*

Tilk. 20. apríl 1919 kl. 5 síðd. af Hepe Company, verksmiðjurekstur, Seattle í Washingtonríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku og skrá 26. s. m.



Lýsing á merkinu: Hvít kvennmanns-brjóstmynd á svörtum grunni, í sporöskjulagaðri umgerð, en fyrir ofan stendur orðið: HEBE.

Merkið, sem skrásett er í Washington 24. ágúst 1915, samkv. tilk. dags. 27. mars s. á., á að nota á mjólk, 46. flokki, matvæli og matvælaefni.

Skrás. 1919 nr. 7.

Tilkynt 20. apríl 1919, kl. 5 síðd. af Tide Water Oil Company, olíugerð, Bayonne, New Jersey, í Bandaríkjum Norður-Ameríku og skrásett 26. s. m.

TYDOL

Lýsing á merkinu: Orðið: TYDOL

Merkið sem er skrásett í Washington 11. júní 1918, samkvæmt tilk. dags. 19. desember 1917, á að nota á vissar tilgreindar áburðar- og olíutegundir fyrir bifvjelar, svo sem betri tegundir af gasolín, allar tegundir af nafta-smurningsolíu, »Mineral wax« áburðarfeiti, steinolíu, í 15. flokki, olíur og feiti.

Orðið Tydol skal skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1919 nr. 8.

Tilkynt 30. apríl 1919, kl. 4 síðd. af Isidor Nielsen's mek. Værksted, verksmiðjuiðnaður og verslun, Trondhjem, Noregi, og skrásett 7. maí s. á.

TODAN

Lýsing á merkinu: Orðið: TODAN. Merkið sem skrásett er í Kristianíu 21. okt. 1918 samkvæmt tilk. dags. 4. apríl s. á., á að ná til vjela ásamt þess er þeim tilheyrir

að undanteknum áhöldum og verkfærum til að smíða með lása, tæki til þeirra og hluta af þeim. — **191**

Orðið Todan er að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1919 nr. 9.

Tilkynt 30. apríl 1919, kl. 4 síðd. af Dodge Brothers, bifreiðargerðarmönnum, Detroit, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 7. maí s. á.



Lýsing á merkinu: Hringur, með nafni og heimili tilkynnanda, sem lykur um tvo þríhyrninga, sem eru feldir hvor innan í annan, en mitt í milli þeirra eru bókstafirnir D og B samandregnir,

Samkv. tilk. dags. 24. nóv. 1914 er merkið skrásett í Washington 13. apríl 1915, fyrir bifreiðar.

Skrás. 1919 nr. 10.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Carlsberg Bryggerierne, ölgerð, Kaupmannahöfn, og skrásett 25. s. m.




Lýsing á merkinu: Tólfhyrnd stjarna; í miðju hennar hvítur blettur, hringmyndaður og í honum haka-kross (Svastika eða Þórsmerki).

191 Merkið, sem er skrásett í Kaupmannahöfn 23. febr. 1907, samkv. tilk. dags. 1. s. m., og síðan endurnýjað 23. febr. 1917, á einungis að nota á öl og sódavatn.

Skrás. 1919 nr. 11.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Carlsberg Bryggerierne, ölgerð, Kaupmannahöfn, og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu: Forn haka-kross (Svastika eða Þórsmerki). Merkið á einungis að nota á öl og sódavatn.

Samkv. tilk. dags. 15. ágúst 1890 var merkið skrásett í Kaupmannahöfn 21. s. m., fyrir Carl Jacobsen, Ny Carlsberg, ölgerð í Valby og síðan tvívegis endurnýjað fyrir sama mann, en samkv. tilk. dags. 23. mars 1911 er merkið nú eign Carlsberg Bryggerierne í Kaupmannahöfn.

Skrás. 1919 nr. 12.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Frishmuth Bros. & Company, tóbaksgerð, Philadephia í Pensylvania-ríki, Bandaríkjnm N.-Am., og skrásett 25. s. m.

Pals

Lýsing á merkinu: Orðið: Pals

Merkið, sem skrásett er í Washington, 24. sept. 1918, samkv. tilk. dags. 21. maí s. á., á að nota á brjefvindla (Cigaretter) og tóbaksafurðir.

Skrás. 1919 nr. 13. **191**

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd. af The Arco Company, lita- og lakkgerð, Cleveland í Cleveland-ríki, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðið: ARCO ritað með upphafsstöfum sem fara minkandi, en um það lykur bugðótt lína að ofan, en bein undir orðinu: ná línur þessar á tveim stöðum út fyrir hring þann, sem umlykur orðið. Við fyrsta bókstafinn í orðinu er eins og festur sje merkjaseðill.

Merkið á að nota á tilbúna liti og gljákvoður.

Samkv. tilk. dags. 17. jan. 1916 er merkið skrásett í Washington 11. febr. 1919 fyrir ofangreindar vörur, 16. flokki.

Skrás. 1919 nr. 14.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af California Packing Corporation, umbúðasala, San Fancisco í Californiu, Bandaríkjum N.-Am, og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðin: DEL MONTE á rauðum grunni innan í bugðóttri umgerð.

Merkið á sjerstaklega að nota á niðursoðna ávexti, niðursoðið grænmeti, niðursoðinn fisk, edik, smjörviðarolíu, kryddaða smjörviðarolíu, tómatsósur, sveppasósu, pipar, súrkál, bakaðar baunir, aldinasafa soðinn með sykri, berjalög, niðursoðin aldini, safa, hunang, Maraschino. kirsiber, þurkaða ávexti og rúsínur, matvæli og matvælaefni.

Samkv. tilk. dags. 23. júlí 1917 er merkið skrásett í Washington 1. jan. 1918 fyrir ofangreindar vörutegundir, 46. flokki.

191

Skrás. 1919 nr 15.

Tilkynt 20. september 1919, kl. 4 síðd., af Thomas Bear & Sons, Limited, tóbaksgerð, London, Englandi, og skrásett 25. s. m.

VIRKENOR

Lýsing á merkinu: Orðið: Virkenor.

Merkið á aðeins að nota á tilbúið tóbak.

Samkv. tilk. dags. 17. apr. 1919 er merkið skrásett í London 23. júlí s. á., 45. flokki: fyrir ofangreinda vörutegund.

Skrás. 1919 nr. 16.

Tilkynt 20. septbr. 1919, kl. 4 síðd. af The Beaver Company, verksmiðjurekstur, Buffalo, New York-ríki, Bandaríkjum N.-Am. og skrásett 27. s. m.



Lýsing á merkinu: Efst er mynd af bifur, þar undir standa orðin Beaver Board, hið síðara undir því fyrra, en neðst eru 2 stór B, er snúa leggjum saman.

Merkið á að nota á veggjaborð og pappa til húsagerðar.

Samkv. tilk. dags. 11. febr. 1916, er merkið skrásett í Washington 25. júlí s. á. fyrir ofangreindar vörur 12. flokki.

Skrás. 1919 nr 17.

Tilkynt 20. septbr. 1919, kl. 4 síðd, af The Gramophone Company, Limited, iðnaðarrekstur, Hayes, Middlesex, Englandi, og skrásett 27. s. m.



HIS MASTER'S VOICE.

Lýsing á merkinu: Mynd af hundi sem situr fyrir framan »Gramophone«, en undir standa orðin: His master's voice.

Merkið er skrásett fyrir talvjelar, talvjelanálar, talvjelaplötur og annað talvjelum til- **191**
heyrandi.

Samkv. tilk. dags. 22. júlí 1910 er merkið skrásett í London 24. nóv. s. á. fyrir ofangreindar vörur, 8. flokki.

Skrás. 1919 nr. 18.

Tilkynt 27. septbr. 1919, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 2. októbr. s. á.



Lýsing á merkinu: Kona sitjandi á bergi umluktu sjó; heldur hún hægri hönd utan um stöng með íslenskum fána á, en vinstri hönd um samarbrotið skjal.

Skrás. 1919 nr. 19.

Tilkynt 27. septbr. 1919, kl. 5 síðd. af sama, og skrásett 2. oktbr. s. á.

FERSOL

Lýsing á merkinu: Orðið: Fersol, sem sjersstaklega tilbúið heiti fyrir lífræn efnasambönd.

191 *Skrás. 1919 nr. 20.*

Tilkynt 20. október 1919, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.

RÓSÓL-

Lýsing á merkinu: Orðið Rósól, sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir fegurðarefni, húðmýkjandi efni, munn og hálshreinsandi efni, styrkjandi og heilsubætandi efni, hóstakökur, kveftöflur, aldinsafa, krydd, bökunarefni og önnur bætandi efni í mat.

Skrás. 1919 nr. 21.

Tilkynt 20. október 1919, kl. 4 síðd., af David Brown, Junior, verksmiðjuiðnaður, Glasgow, Skotlandi, og skrásett 30. s. m.



Lýsing á merkinu: Mynd af sauðkind, en þversum yfir um hana eru prentuð með skrifletri orðin: Golden Fleece, og ná þau beggja megin út fyrir myndina.

Merkið, sem einungis á að gilda fyrir fjárbaðlyf, nautgripabaðlyf og dýralækningaútbúnað, er samkv. tilk. dags. 1. mars 1919 skrásett í London 16. júlí s. á. fyrir ofan greindar vörutegundir, 2. flokki.

Skrás. 1919 nr. 22.

Tilkynt 12. nóvember 1919, kl. 4 síðd., af The American Tobacco Co., tóbaksgerð, New York, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 22. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðin Lord Salisbury, prentuð í skásettri línu með gotnesku letri.

Merkið á að ná til smavindlinga (Cigarettes) og tóbaksafurða, og er það samkv. tilk. dags. 3. mars 1919 skrásett i Washington 19. ágúst s. á., fyrir ofangreindar vörutegundir 17. flokki.

Skrás. 1919 nr. 23. **191**

Tilkynt 12. nóvember 1919, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 22. s. m.

OMAR

Lýsing á merkinu: Orðið: Omar, prentað í bogadreginni línu.

Merkið á að ná til smávindlinga (Cigarettes) og tóbaksafurða, og er samk. tilk. dags. 3. mars 1919 skrásett í Washington 19. ág. s. á. fyrir ofangreindar vörutegundir, 17. flokki.

Skrás. 1919 nr. 24.

Tilkynt 26. nóvember 1919, kl. 2 síðd., af C. F. Rich & Sönner A/S, kaffibætis- og kaffirótarverksmiðju, Kaupmannahöfn, og skrásett 29. s. m.



Hina heiðruðu kaupendur biðj-
um vjer aðgæta, að einungis sá
kaffibætir er hreinn og góður, sem
á hverju stykki ber vora undir-
skrift.

C. F. Rich & Sönner A/S.
København, K.

Lýsing á merkinu: Innan í rjetthyrndum ferhyrningi er laadlagsmynd með tveim gjósandi hverum milli fjallshlíða, og þar fyrir ofan orðið: Geysir, en fyrir neðan myndina, í aflangri umgerð milli tveggja smáreita, með myndum af drekum, standa í tveim línum orðin: Export-Kaffisurrogat. Besti kaffibætir. Fyrir neðan ferhyrninginn eru prentuð, á íslensku og með skrifletri, meðmæli með vörunni og undirskrifuð: C. F. Rich & Sönner, A/S. København K.

191 Merkið er skrásett aðeins fyrir kaffibæti og kaffirót.

Samkv. tilk. dags. 5. júlí 1919 er merkið skrásett fyrir tilkynnanda í Kaupmannahöfn 2. ág. s. á., og nær sú skrásetning eingöngu til ofangreindra vörutegunda.

Skrás. 1919 nr. 25.

Tilkynt 19. desbr. 1919, kl. 4 síðd., af James Buchanan & Co., Limited, Whiskygerðarmönnum, London, Englandi, og skrásett 27. s. m.

BLACK & WHITE

Lýsing á merkinu: Orðin: Black & White.

Merkið, sem á eingöngu að ná til Whisky's er skrásett í London 9. nóv. 1906, 43. flokki, samkv. tilk. dags. 3. apríl s. á.

Eru orðin Black & White að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

Samkv. 10. gr. vörumerkjalaganna hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð árið 1919

Skrás. 1909. nr. 1. Det danske Petroleums Aktieseltkab, Kaupmannahöfn.
Skrás. 1909, nr. 2. Sami.
Skrás. 1909 nr. 3. Bass. Ratcliff & Gretton, Ltd., Burton on-Trent, Englandi.
Skrás. 1909, nr. 4. Sami.
Skrás. 1909, nr. 5. Sami.
Skrás. 1909, nr. 6. Sami.
Skrás. 1909, nr. 7. Det danske Petroleums-Aktieselskab, Kaupmannahöfn.
Skrás. 1909, nr. 8. Sami.
Skrás. 1909, nr. 9. A/s Aalborg Portland-Cement-Fabrik; Aalborg.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. des. 1919.

Styrkur úr ríkissjóði.

14. gr. A. b. 2.

22. september veitti stjórnarráðið af bráðabirgðauppbót þeirri, er veitt er með 14. gr. A. b. 2 fjárlaganna, eftirnefndum prestaköllum þessar upphæðir:

1.	Torfastaðaprestakalli	kr.	650 00
2.	Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi	—	250 00
3.	Reynivallaprestakalli	—	200 00
4.	Lundarprestakalli	—	690 00
5.	Hjarðarholtsprestakalli	—	300 00
6.	Sandaprestakalli	—	575 00
7.	Dýrafjarðarþingum	—	575 00
8.	Bægisárprestakalli	—	500 00
9.	Laufásprestakalli	—	260 00
		Samtals kr.	4000 00

14 gr. A. b. 3.

5000 kr. af fje því fyrir árið 1919, er ræðir um í 14. gr. A. b. 3 fjárlaganna fyrir 1918 og 1919, 1300 kr. af vöxtum Prestsekknasjóðs og 90 kr. af vöxtum svonefnds Árgjaldasjóðs, samtals kr. 6390,00 hefir verið úthlutað eins og hjer segir, og var úthlutun sú samþykt, að því er snertir ríkissjóðsstyrkinn með brjefi kirkjumáladeildarinnar, dags. 28. júní.

I. Uppgjafaprestar:

1.	Jón Ó. Magnússon	kr.	200 00
2.	Páll Sívertsen	—	150 00
3.	Stefán Stephensen	—	210 00
4.	Tómás Björnsson	—	140 00

II. Prestsekkjur:

1.	Anna J. Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	kr.	100 00
2.	Arnbjörg Einarsdóttir frá Breiðabólsstað á Skógarstr.	—	125 00
3.	Anna Vilhjálmsdóttir frá Stað í Grindavík	—	100 00
4.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	—	100 00
5.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	—	150 00
6.	Auður Gísladóttir frá Hólmum	—	80 00
7.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Laxárdal	—	125 00

8.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	kr.	75 00
9.	Guðlaug M. Jónsdóttir frá Hjarðarholti	—	120 00
10.	Guðríður Pálsdóttir frá Ásum	—	120 00
11.	Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	—	50 00
12.	Guðrún Björnsdóttir frá Sauðanesi	—	100 00
13.	Guðrún B. Gísladóttir frá Staðarhólsþingum	—	50 00
14.	Guðrún Jóhanna Jónsdóttir frá Bergstöðum	—	200 00
15.	Guðrún S. Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	—	75 00
16.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	—	150 00
17.	Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum á Álftanesi	—	50 00
18.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	—	100 00
19.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað í Vesturhópi	—	120 00
20.	Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrarklaustri	—	120 00
21.	Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	—	60 00
22.	Helga Ketilsdóttir frá Stað í Grindavík	—	100 00
23.	Hlíf Bogadóttir frá Eydölum	—	200 00
24.	Jóhanna Soffía Jónsdóttir frá Viðvík	—	100 00
25.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	—	50 00
26.	Kamilla S. Briem frá Hruna	—	110 00
27.	Kirstín Pjetursdóttir frá Valþjófsstað	—	150 00
28.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	—	50 00
29.	Kristín Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	—	80 00
30.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað á Skógarströnd	—	150 00
31.	Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	—	50 00
32.	Margrjet Á. Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	—	70 00
33.	Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	—	110 00
34.	Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum	—	50 00
35.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	—	120 00
36.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	—	150 00
37.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	—	120 00
38.	Ragnhildur Metusalemsdóttir frá Hjaltastað	—	120 00
39.	Rannveig Gísladóttir frá Sauðlauksdal	—	150 00
40.	Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	—	100 00
41.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	—	120 00
42.	Sigríður Metusalemsdóttir frá Staðarbakka	—	80 00
43.	Sigríður Ólafsdóttir frá Möðruvallaklaustri	—	100 00
44.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	—	150 00
45.	Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	—	120 00
46.	Steinunn Jakobsdóttir frá Suðurdalaþingum	—	100 00
47.	Steinunn Pjetursdóttir frá Árnesi	—	80 00
48.	Steinunn Sivertsen frá Útskálum	—	160 00
49.	Valgerður Jónsdóttir frá Völlum	—	120 00
50.	Vigdís Einarsdóttir frá Stað í Grunnavík	—	120 00
51.	Þórey Bjarnadóttir frá Staðarbakka	—	200 00
52.	Þórunn Sigríður Pjetursdóttir frá Eydölum	—	60 00
53.	Þuríður Kjartansdóttir frá Hofi í Vopnafirði	—	80 00

14. gr. B. XIII. 1.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1918 og 1919, 14. gr. B. XIII. 1. var veittur þessi styrkur til barnaskóla fyrir árið 1919.

1.	Barnaskólanum	í Reykjavík	kr.	5000 00
2.	——	í Hafnarfirði	—	900 00
3.	——	á Ísafirði	—	900 00
4.	——	á Akureyri	—	900 00
5.	——	á Seyðisfirði	—	400 00
6.	——	á Siglufirði	—	700 00
7.	——	í Vestmannaeyjum	—	1000 00
8.	——	í Gerðahreppi	—	537 00
9.	——	í Miðneshreppi	—	681 00
10.	——	á Vatnsleysuströnd	—	631 00
11.	——	í Keflavík	—	577 50
12.	——	í Garðahreppi	—	396 00
13.	——	í Hafnahreppi	—	450 00
14.	——	í Grindavík	—	774 00
15.	——	á Eyrarbakka	—	600 00
16.	——	á Stokkseyri	—	620 00
17.	——	á Eystri-Sólheimum	—	565 00
18.	——	í Litlahvammi	—	581 00
19.	——	á Deildará	—	556 00
20.	——	í Vík og Reynishverfi	—	661 40
21.	——	á Djúpavogi	—	544 00
22.	——	á Búðum í Fáskrúðsfirði	—	706 00
23.	——	á Eskifirði	—	650 00
24.	——	í Bakkagerði í Borgarfirði	—	500 00
25.	——	á Vopnafirði	—	450 00
26.	——	á Húsavík	—	627 00
27.	——	í Ólafsfirði	—	615 00
28.	——	á Sauðárkróki	—	550 00
29.	——	á Blönduósi	—	250 00
30.	——	í Tröð í Álftafirði	—	656 00
31.	——	í Hnífsdal	—	514 00
32.	——	í Bolungarvík	—	450 00
33.	——	á Suðureyri í Súgandafirði	—	614 00
34.	——	á Flateyri	—	667 00
35.	——	á Þingeyri	—	500 00
36.	——	á Bíldudal	—	706 00
37.	——	í Stykkishólmi	—	803 00
38.	——	á Hellissandi	—	820 00
39.	——	í Ólafsvík	—	685 00
40.	——	í Borgarnesi	—	620 00
41.	——	á Akranesi	—	600 00
42.	——	í Mýrarhúsum og Viðey	—	500 00

43.	Barnaskólanum	á Bjarnastöðum á Álftanesi	kr.	475 00
44.	——	í Hrísey í Eyjafirði	—	549 00
45.	——	í Óslandshlíð í Skagafirði	—	264 00
46.	——	á Búðareyri í Reyðarfirði	—	621 00
47.	——	í Nesþorpi í Norðfirði	—	656 00
			Samtals kr.	33021 90

14. gr. B. XIII. 2

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1918 og 1919 14. gr. B. XIII. 2 var veittur þessi styrkur til farkenslu fyrir árið 1919.

I. Skaftafellssýsla:

1.	Hörgslandshreppur	kr.	200 00
2.	Kirkjubæjarhreppur	—	200 00
3.	Leiðvallarhreppur	—	100 00
4.	Álftavershreppur	—	100 00
5.	Skaftártunguhreppur	—	112 00
6.	Höfðabrekkufræðsluhjerað	—	213 00
7.	Bæjarhreppur	—	213 00
8.	Nesjahreppur	—	239 00
9.	Mýrahreppur	—	186 00
10.	Borgarhafnarhreppur	—	136 00
11.	Hofshreppur	—	177 00
		kr.	1876 00

II. Rangárvallasýsla:

1.	Ásahreppur	kr.	170 25
2.	Landmannahreppur	—	200 00
3.	Hvolhreppur	—	158 00
4.	Fljótshlíðarhreppur	—	122 50
5.	Vestur-Landeyjahreppur	—	212 00
6.	Austur-Landeyjahreppur	—	234 50
7.	Vestur-Eyjafjallahreppur	—	183 00
8.	Austur-Eyjafjallahreppur	—	226 00
		kr.	1506 25

III. Árnessýsla:

1.	Grafningshreppur	kr.	104 00	
2.	Þingvallahreppur	—	121 00	
3.	Ölveshreppur	—	200 00	
4.	Grímsneshreppur	—	150 00	
5.	Biskupstungnahreppur	—	184 50	
6.	Hrunamannahreppur	—	234 50	
7.	Skeiðahreppur	—	175 50	
8.	Villingaholtshreppur	—	164 50	
9.	Gaulverjabæjarhreppur	—	157 50	
10.	Hraungerðishreppur	—	199 00	
11.	Sandvíkurhreppur	—	183 00	
12.	Stokkseyrarhreppur	—	205 00	
13.	Laugardalshreppur	—	100 00	
				kr. 2178 50

IV. Kjósarsýsla:

1.	Mosfellshreppur	kr.	158 00	
2.	Kjalarneshreppur	—	200 00	
3.	Kjósarhreppur	—	150 00	
				kr. 508 00

V. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:

1.	Lundarreykjadals- og Skorradalshreppur	kr.	112 00	
2.	Andakílshreppur	—	236 00	
3.	Hvalfjarðarstrandarhreppur	—	161 00	
4.	Leirár-, Mela- og Skilmannahreppur	—	138 00	
5.	Innri-Akraneshreppur	—	112 00	
6.	Hvítársíðuhreppur	—	112 00	
7.	Þverárhlíðarhreppur	—	112 00	
8.	Stafholtstungnahreppur	—	150 00	
9.	Borgarhreppur	—	200 00	
10.	Hraunhreppur	—	146 00	
				kr. 1479 00

VI. Snæfellsnessýsla:

1.	Helgafellssveit	kr.	172 50	
2.	Staðarsveit	—	172 50	
				kr. 345 00

VII. Dalasýsla:

1.	Hörðudalshreppur	kr.	113 50	
2.	Miðdalahreppur	—	112 00	
3.	Haukadalshreppur	—	136 00	
4.	Hvammshreppur	—	248 00	
5.	Saurbæjarhreppur	—	145 00	
			kr.	754 50

VIII. Barðastrandarsýsla:

1.	Geiradalshreppur	kr.	103 50	
2.	Tálknafjarðarhreppur	—	200 00	
3.	Flateyjarhreppur	—	200 00	
4.	Ketildalahreppur	—	166 00	
			kr.	669 50

IX. Ísafjarðarsýsla:

1.	Auðkúluhreppur	kr.	224 00	
2.	Þingeyrarhreppur	—	200 00	
3.	Mýrahreppur	—	239 00	
4.	Mosvallahreppur	—	236 00	
5.	Sljettuhreppur	—	145 00	
6.	Eyrarhreppur	—	210 00	
7.	Nauteyrarhreppur	—	150 00	
8.	Grunnavíkurhreppur	—	203 50	
			kr.	1607 50

X. Strandasýsla:

1.	Kirkjubólshreppur	kr.	112 00	
2.	Árneshreppur	—	200 00	
			kr.	312 00

XI. Húnavatnssýsla:

1.	Vindhælishreppur	kr.	236 00	
2.	Engihlíðarhreppur	—	174 00	
3.	Svínavatnshreppur	—	166 00	
4.	Torfalækjarhreppur	—	112 00	

5.	Sveinsstaðahreppur	kr.	176 00	
6.	Áshreppur	—	118 00	
7.	Kirkjuhvammshreppur	—	173 50	
8.	Fremri-Torfastaðahreppur	—	139 00	
9.	Bólstaðahlíðarhreppur	—	125 00	
				kr. 1419 50

XII. Skagafjarðarsýsla:

1.	Haganeshreppur	kr.	100 00	
2.	Fellshreppur	—	100 00	
3.	Hofshreppur	—	174 00	
4.	Viðvíkurhreppur	—	236 00	
5.	Akrahreppur	—	224 50	
6.	Seiluhreppur	—	227 00	
7.	Skarðshreppur	—	174 75	
8.	Reynistaðarhreppur	—	115 00	
				kr. 1351 25

XIII. Eyjafjarðarsýsla:

1.	Öngulsstaðahreppur	kr.	236 00	
2.	Hrafnagilshreppur	—	150 00	
3.	Glæsibæjarhreppur	—	246 50	
4.	Skriðuhreppur	—	143 00	
5.	Arnarneshreppur	—	174 00	
6.	Svarfaðardalshreppur	—	200 00	
7.	Árskógshreppur	—	166 00	
				kr. 1315 50

XIV. Þingeyjarsýsla:

1.	Svalbarðsstrandarhreppur	kr.	113 50	
2.	Grýtubakkahreppur	—	236 00	
3.	Hálshreppur	—	100 00	
4.	Ljósavatnshreppur	—	112 00	
5.	Reykdælahreppur	—	136 00	
6.	Aðaldælahreppur	—	206 00	
7.	Tjörneshreppur	—	200 00	
8.	Bárðdælahreppur	—	242 00	
9.	Flateyjarhreppur	—	100 00	
10.	Axarfjarðarhreppur	—	150 00	

11.	Hólsfjallahreppur	kr.	83 00	
12.	Svalbarðshreppur	—	112 00	
13.	Sauðaneshreppur	—	124 00	
14.	Kelduhverfisfræðsluhjerað	—	175 00	
				kr. 2089 50

XV. Norður-Múlasýsla:

1.	Skeggjastaðahreppur	kr.	112 00	
2.	Seyðisfjarðarhreppur	—	150 00	
3.	Vopnafjarðarhreppur	—	108 00	
4.	Jökuldalshreppur	—	205 00	
5.	Hróarstunguhreppur	—	174 00	
				kr. 749 00

XVI. Suður-Múlasýsla:

1.	Skriðdalshreppur	kr.	87 00	
2.	Eiðahreppur	—	158 00	
3.	Mjóafjarðarhreppur	—	175 00	
4.	Geithellnahreppur	—	118 00	
5.	Helgustaðahreppur	—	136 00	
6.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	—	200 00	
				kr. 874 00
				Alls kr. 19035 00

14. gr. B. XIV. a.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1918 og 1919, 14. gr. B. XIV. a. var veittur þessi styrkur til unglingaskóla fyrir árið 1919:

1.	Hvammstangaskóla	kr.	1500 00
2.	Hvítárbakkaskóla	—	2100 00
3.	Stykkishólmsskóla	—	900 00
4.	Húsavíkurskóla	—	1000.00
5.	Akranesskóla	—	500 00
6.	Víkurskóla í Mýrdal	—	800 00
7.	Breiðumýrarskóla	—	1000 00
8.	Bakkagerðisskóla í Borgarfirði	—	400 00
9.	Sauðárkróksskóla	—	1000 00
			Samtals kr. 9200 00

Skrá

yfir ættarnöfn, er upp hafa verið tekin á árinu 1919.

1. Árason.
2. Arnesen.
3. Ármann.
4. Ásmunds.
5. Bárðdal.
6. Benediktsson.
7. Bergdal.
8. Bjartmars.
9. Dalbú.
10. Davíðsson.
11. Eiríksson.
12. Hagan.
13. Hlíðberg.
14. Kaldan.
15. Kristjáns.
16. Laufdals.
17. Leví.
18. Mosdal.
19. Mýran.
20. Norberg.
21. Norðdahl.
22. Norðmann.
23. Ólfjörð.
24. Ósland.
25. Reykholt.
26. Reynis.
27. Skagan.
28. Snædal.
29. Valfells.
30. Vestfjörð
31. Zimsen.
32. Þormar.

Alþingismenn kosnir óhlutbundnum kosningum 1919.

Fyrir Vestur-Skaftafellssýslu: Gísli Sveinsson sýslumaður.
— Vestmannaeyjasýslu: Karl Einarsson bæjarfógeti.
— Rangárvallasýslu: Gunnar Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður og Guðmundur Guðfinnsson hjeraðslæknir.
— Árnessýslu: Eiríkur Einarsson útbústjóri og Þorleifur Guðmundsson bóndi.
— Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjörð: Einar Þorgilsson kaupmaður og Björn Kristjánsson fyrv. bankastjóri.
— Reykjavík: Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður og Jakob Möller ritstjóri.
— Borgarfjarðarsýslu: Pjetur Ottesen bóndi.
— Mýrarsýslu: Pjetur Þórðarson hreppstjóri.
— Snæfellsnes og Hnappadalssýslu: Halldór Steinsson hjeraðslæknir.
— Dalasýslu: Bjarni Jónsson dócent.
— Barðastrandasýslu: Hákon J. Kristófersson hreppstjóri.
— Vestur-Ísafjarðarsýslu: Ólafur Proppé kaupmaður.
— Norður-Ísafjarðarsýslu: Sigurður Stefánsson prestur.
— Ísafjörð: Jón A. Jónsson útbústjóri.
— Strandasýslu: Magnús Pjetursson hjeraðslæknir.
— Húnavatnssýslu: Guðmundur Ólafsson bóndi og Þórarinn Jónsson hreppstjóri.

Fyrir Skagafjarðarsýslu: Magnús Guðmundsson skrifstofustjóri og Jón Sigurðsson bóndi.
— Eyjafjarðarsýslu: Stefán Stefánsson hreppstjóri og Einar Árnason bóndi.
— Akureyri: Magnús Kristjánsson kaupmaður.
— Suður-Þingeyjarsýslu: Pjetur Jónsson umboðsmaður.
— Norður-Þingeyjarsýslu: Benedikt Sveinsson bankastjóri.
— Norður-Múlasýslu: Þorsteinn M. Jónsson kennari og Björn Hallsson hreppstjóri.
— Seyðisfjörður: Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti.
— Suður-Múlasýslu: Sveinn Ólafsson umboðsmaður og Sigurður Kvaran hjeraðslæknir.
— Austur-Skaftafellssýslu: Þorleifur Jónsson hreppstjóri:

Reikningur

yfir tekjur og gjöld »Landsspítalasjóðs Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans« árið 1918.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári:			
	a. A innlánsskírteini í Íslandsbanka	kr.	2186 16	
	b. Sparisjóðsinnstæða í sama banka	—	58 20	
				kr. 2244 36
2.	Vextir:			
	a. Af fje á innlánsskírteini	kr.	99 47	
	b. Af sparisjóðsinnstæðu	—	2 34	
				— 101 81
				kr. 2346 17

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. A innlánsskírteini í Íslandsbanka	kr.	2285 63	
b. Sparisjóðsinnstæða í sama banka	—	60 54	
			kr. 2346 17
			kr. 2346 17

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 5. júlí 1919.

G. Sveinbjörnsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld »Styrktarsjóðs Kristjáns Jónssonar læknis« árið 1918.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári	kr.	5723 50
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum	—	112 50
3.	Vextir af bankainnstæðu	—	140 95
4.	Agóði á keyptum bankavaxtabrjefum	—	250 00
		Kr.	6226 95

Gjöld:

1.	Keyptir vextir af bankavaxtabrjefum $^1/_7$—$^1/_{10}$			kr.	6 25
2.	Styrkur veittur			—	80 00
3.	Eign í árslok:				
	a. Bankainnstæða	kr.	1140 70		
	b. Bankavaxtabrjef	—	5000 00		
				kr.	6140 70
				Kr.	6226 95

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 5. júlí 1919.

G. Sveinbjörnsson.

Embætti og sýslanir m. m.

Hinn 3. júlí var Vigfús Þórðarson sóknarprestur í Hjaltastaðaprestakalli, skipaður sóknarprestur í Eydalaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi, frá síðastliðnum fardögum að telja.

S. d. var aðstoðarprestur Tryggvi H. Kvaran skipaður sóknarprestur í Mælifellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi frá síðastliðnum fardögum að telja.

23. s. m. var síra Sigurður Jóhannesson að Tjörn á Vatnsnesi skipaður sóknarprestur í Landeyjaþingaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, frá síðastliðnum fardög um að telja.

12. ágúst var dóms- og kirkjumálaráðherra Jóni Magnússyni komm. af dbr. og dbrm., atvinnu- og samgöngumálaráðherra Sigurði Jónssyni, komm. af dbr. og dbrm. og fjármálaráðherra Sigurði Eggerz, komm. af dbr. samkvæmt umsókn, með allra hæstum úrskurði allramildilegast veitt lausn í náð frá ráðherraembættum, en jafnframt allramildilegast falið að gegna embættisstörfum sínum þar til nýtt ráðuneyti yrði myndað.

Þann 1. septbr. var kand. med. Vilmundur Jónsson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði.

5. s. m. var síra Birni Jónssyni á Miklabæ, prófasti í Skagafjarðarprófastsdæmi, veitt lausn frá prófastsstörfum, sökum vanheilsu, frá 6. þ. m. að telja.

Hinn 7. október var cand. med. Snorri Halldórsson settur til að þjóna hjeraðslæknisembættinu í Síðuhjeraði, fyrst um sinn til eins árs frá 1. okt. 1919 að telja.

10. s. m. var Brynleifur stúdent Tobíasson allramildilegast skipaður 3. kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Hinn 30. s. m. var prófessor í lögum við Háskóla Íslands, Einari Arnórssyni, r. af dbr., samkvæmt umsókn hans, allramildilegast veitt lausn frá tjeðu embætti frá 1. s. m. að telja.

Sama dag voru, samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins, þeir
Guðmundur prófessor Magnússon, r. af dbr.,
Heilsuhælislæknir Sigurður Magnússon og
hjeraðslæknir Magnús Pjetursson, allra mildilegast skipaðir í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt megi best verjast berklaveikinni hjer á landi.

Hinn 1. nóvember var fyrv. prófessor Einar Arnórsson, r. af dbr., settur til þess fyrst um sinn að gegna prófessorsembætti í lögum við lögræðisdeild háskólans.

Hinn 1. desember var háyfirdómari Kristján Jónsson, K. af dbr. og dbrm., allramildilegast skipaður dómsstjóri hæstirjettar, yfirdómararnir Halldór Daníelsson, r. af dbr.

og dbrm. og Eggert Briem, r. af dbr., Lárus H. Bjarnason r. af dbr. og bæjarfógeti Páll Einarsson, meðdómendur í sama rjetti og fulltrúi í dómsmáladeild stjórnarráðsins Björn Þórðarson, hæstarjettarritari.

3. s. m. voru eftirnefndir menn skipaðir í nefnd til þess, samkvæmt 3. gr. laga 28. nóv. þ. á., um breytingu á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu:

Alþingismaður Pjetur Jónsson, r. af dbr., Reykjavík formaður.
Alþm. Hjörtur Snorrason, Arnarholti.
Alþm. Guðjón Guðlaugsson, r. af dbr., Reykjavík.
Cand. jur. Magnús Gíslason, Reykjavík.
Sýslunefndarmaður Ágúst Helgason, Birtingaholti.

12. s. m., var settur prestur í Bjarnanesprestakalli í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, síra Ólafur M. Stephensen, skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá næstkomandi fardögum að telja.

27. s. m. var cand. juris Júlíus Havsteen settur til þess fyrst um sinn, frá 1. jan. n. k. og þangað til önnur ráðstöfun verður gjörð, að gegna á eigin ábyrgð sýslumannsembættinu í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Akureyri.

20. s. m. var sóknarprestinum að Sauðlauksdal í Barðastrandarprófastsdæmi síra Þorvaldi Jakobssyni, samkvæmt beiðni hans veitt lausn frá prestsskap, sökum heilsubilunar, frá næstk. fardögum með eftirlaunum.

Sendiherra.

Hinn 18. ágúst afhenti hr. Johannes Erhardt Böggild, riddari af Dannebrog, landsstjórninni umboð sitt til að vera sendiherra Dana á Íslandi.

Konsúlar.

Ræðismannsembættið norska í Reykjavík hefir norska stjórnin gert að yfirræðismannsembætti frá 1. júlí að telja og jafnframt er ræðismaður Henry Bay settur yfirræðismaður.

12. september var Jón Samúelsson Edwald viðurkendur norskur varakonsúll á Ísafirði. —

10. október var herra Henry Bay skipaður af norsku stjórninni aðalkonsúll í Reykjavík. —

Heiðursgjafir.

Af vöxtum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX fyrir árið 1918 hefir stjórnarráðið veitt þeim Magnúsi Sigurðssyni bónda í Hvammi undir Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu og Magnúsi Friðrikssyni bónda á Staðarfelli í Dalasýslu heiðursgjafir, 160 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru er að búnaði lýtur.

Styrkveiting.

Af vöxtum af styrktarsjóði Friðriks konungs VIII fyrir árið 1919, hefir stjórnarráðið veitt Sambandi Ungmennafjelaga Íslands og Listigarðsfjelagi Akureyrar 200 kr. styrk hvoru til trjáræktar.

Einkarjettur.

9. janúar þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Paul Rambert Pierron, verkfræðingi í Lyon á Frakklandi einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til að framleiða nikul og blandanir hans«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita William Wesley Coe, kaupmanni og William Wesley Coe yngra, verksmiðjueiganda, báðum til heimilis í Sommerville í Massachusetts í Bandaríkjunum í Norðurameríku, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til að framleiða litarefni«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita August Thoring, farandsala í Stavanger í Noregi, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á öngli.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Robert Lejmark, verkfræðingi í Stokkhólmi í Svíþjóð, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til að verja timburhús skemmdum og á steinum til þess«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Erik Christian Bayer, listsmið og Sigurd Orla-Jensen, prófessor, báðum í Kaupmannahöfn, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til að framleiða hreinan vínanda og jöst úr þangi«.

5. apríl þóknaðist Hans hátign konunginum að veita hlutafjelaginu »Norsk Hydro-Elektrisk Kvælstofaktieselskab« í Kristianía í Noregi, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til framleiðslu nitrata«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita sama hlutafjelagi einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til framleiðslu þjettaðra nitro-lofttegunda«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita sama hlutafjelagi, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »segulútbúnaði í ljósbogaofnum«.

9. maí þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Jakob Hellen, verksmiðjustjóra, Klöften Station við Kristianíu í Noregi, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »útbúnaði málmhjóla á vögnum«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Axel Whist, framkvæmdarstjóra í Heggedal í Noregi, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »efni tilbúnu úr skinni og pappírstæjum«.

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Carl William Christiansen, byggingameistara og Július Goldschmidt, forstjóra, báðum í Kaupmannahöfn, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »steinum í múra með lóðrjettum og lárjettum rennum.«

s. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að veita sömu mönnum, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »útbúningi á steinum í múra með lóðrjettum og lárjettum rennum«.

10. október þóknaðist Hans hátign konunginum að veita hlutafjelaginu »Aarhus Oliefabrik« í Aarhus í Danmörku, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til að bæta lykt af sápum«.

19. nóvember þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Norsk Hydro-elektrisk Kvælstof-aktieselskab, Solligatan 7, Kristiania, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á »aðferð til að uppleysa steintegundir, sem innihalda alkali og aluminium«.